



2024

# SKÝRSLA

FJÁRMÁLAÆFTIRLITSNEFNDAR TIL ALÞINGIS



# SKÝRSLA

FJÁRMÁLAEFTIRLITSNEFNDAR TIL ALÞINGIS  
FYRIR STARFSÁRIÐ 2024

# Ítarefni

## Með þessari skýrslu fylgir eftirfarandi ítarefni

---

Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar	8
Stefna Seðlabanka Íslands um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða	14
Ritið Fjármálaeftirlit 2025	16
Ritið Stefnumarkandi áherslur við eftirlit á fjármálamarkaði 2025-2027	59

# Skýrsla fjármálaeftirlitsnefndar til Alþingis fyrir starfsárið 2024

## Inngangur

Eitt af lögbundnum hlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Það rækir hann með því að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og sé að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Seðlabankinn veitir eftirlitsskyldum aðilum uppbyggilegt og markvisst aðhald og styður við mótun á skilvirkri og traustri fjármálastarfsemi, þar sem áhersla er lögð á faglegt innra skipulag eftirlitsskyldra aðila.

Seðlabankinn starfar einnig á grundvelli alþjóðlegra grunnreglna um árangursríkt eftirlit á hverju sviði fjármálamarkaðar. Á alþjóðavettvangi er sífellt aukin áhersla lögð á að eftirlit með fjármálastarfsemi sé skilvirkt og samræmt milli landa. Með því er leitast við að stuðla að aukinni samkeppnishæfni fjármálamarkaða.

Ákvarðanir sem faldar eru fjármálaeftirlitinu í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af Seðlabanka Íslands eða fjármálaeftirlitsnefnd bankans samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands.

Fjármálaeftirlitsnefnd tekur nánar tilgreindar ákvarðanir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna, en um er að ræða ákvarðanir um m.a. álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávikningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Loks kemur fjármálaeftirlitsnefnd ábendingum og athugasemdum á framfæri áður en tiltekna ákvarðanir eru teknar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna. Um er m.a. að ræða ákvarðanir sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem teljast kerfislega mikilvæg, veitingu eða synjun starfsleyfis til eftirlitsskyldra

aðila, afgreiðslu á tilkynningum um virka eignarhluti og höfðun dómsmáls, áfrýjun eða kæru á niðurstöðu dómsmáls til æðri dómstóls í málefnum fjármálaeftirlits.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands skilar Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári samkvæmt 3. mgr. 16. gr. laganna. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir stöfum nefndarinnar á árinu 2024.

Í fjármálaeftirlitsnefnd árið 2024 sátu Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika til 1. maí en þá tók Arnór Sighvatsson, settur varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, við þar til Tómas Brynjólfsson var skipaður varaseðlabankastjóri fjármálastöðuleika 1. ágúst 2024. Í fjármálaeftirlitsnefnd sátu einnig ráðherraskipuðu sérfræðingarnir Ásta Þórarinsdóttir, Guðrún Þorleifsdóttir sem sat í nefndinni til 9. febrúar 2024 þegar Erna Hjaltsted tók við og Gunnar Þór Pétursson. Í lok desember 2024 rann skipunartími Ástu Þórarinsdóttur út og var í stað hennar Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir skipuð í nefndina til þriggja ára frá og með 1. janúar 2025.

Árið 2024 var fimmta starfsár fjármálaeftirlitsnefndar og voru átta fundir haldnir á árinu. Þá tók nefndin einnig til meðferðar nokkur mál með skriflegum hætti utan funda.

## Helstu verkefni fjármálaeftirlitsnefndar

### I. Innri verkefni – stefnumótunarvinna

Í janúar fékk fjármálaeftirlitsnefnd kynningu á verkáætlun fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2024.

Fjármálaeftirlitsnefnd samþykkti í júní nýja stefnu um stjórnsluviðurlög og þvingunarúrræði og samþykkti í september nýjar reglur um heimild fjármálaeftirlits Seðlabankans til að ljúka máli með sátt. Stefnan og reglurnar eru afrakstur af stefnumótunarvinnu

nefndarinnar í tengslum við beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrræða.

Í september fékk nefndin kynningu á vinnu í tengslum við endurskoðun stefnumarkandi áherslna en áherslur áráanna 2022 til 2024 voru að renna sitt skeið. Við þá vinnu var m.a. framkvæmd könnun hjá öllum starfsmönnum fjármálaeftirlits Seðlabankans, auk þess sem höfð var hliðsjón af áherslum evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði og af væntanlegri löggjöf á fjármálamarkaði. Á fundi sínum í nóvember veitti nefndin umsögn um endurskoðaðar stefnumarkandi áherslur og var ákveðið að fjórar eldri áherslur myndu halda gildi sínu en að tvær nýjar bættust við. Stefnumarkandi áherslur fyrir árin 2025 til 2027 verða samkvæmt því:

- Viðnámsþróttur eftirlitsskyldra aðila
- Net- og upplýsingatækniöryggi
- Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Ábyrgir viðskiptahættir
- Stjórnarhættir og loftslagsáhætta
- Upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti

Um fjöllun um hinar stefnumarkandi áherslur var birt á vef Seðlabankans í febrúar 2025 og með birtingu þeirra er stuðlað að gagnsæi í störfum fjármálaeftirlitsins en áherslunum er ætlað að vera leiðarljós við forgangsröðun verkefna fjármálaeftirlitsins.

## II. Kynning og eftirfylgni nefndarinnar

Á hverjum fundi fjármálaeftirlitsnefndar tekur hún til umræðu skýrslu um starfsemi fjármálaeftirlits þar sem m.a. er fjallað um fyrirhuguð mál sem munu koma til ákvörðunar hjá nefndinni, mál þar sem nefndin mun fá tækifæri til að koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum, önnur athyglisverð mál sem eru til meðferðar, s.s. breytingar á starfsleyfum eftirlitsskyldra aðila, áhættur og þróun á fjármálamarkaði og yfirlit yfir reglur sem hafa verið settar af Seðlabankanum og varða fjármálaeftirlit.

Á fundi nefndarinnar í janúar var til kynningar og umræðu jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesi og hugsanlegar afleiðingar þeirra fyrir eftirlitsskylda aðila sem og fjármálastöðugleika.

Niðurstöður áhættumats á tilkynningarskyldum aðilum sem framkvæmt er til að greina hversu líklegt það er að starfsemi hlutaðeigandi aðila verði nýtt til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka var til umfjöllunar á fundi nefndarinnar í janúar. Matið er framkvæmt með reglubundnum hætti en niðurstaða þess skilar ákveðinni áhættumatseinkunn sem ræður

því í hvaða áhættuflokk aðillinn fellur sem hefur svo áhrif á það hvernig eftirliti er sinnt með honum.

Í júní var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir fjármálaeftirlitsnefnd, fjármálastöðugleikanefnd og peningastefnunefnd um sérrit sem Seðlabankinn gaf út í október um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði. Tilgangur skýrslunnar er að vera innlegg í umræðu um nauðsynlega stefnumótun til framtíðar fyrir lífeyriskerfið hér á landi.

Í desember tók fjármálaeftirlitsnefnd til umræðu dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Símans hf. gegn Seðlabanka Íslands og íslenska ríkinu. Í málinu var tekist á um ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands frá 31. október 2023 um að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð 76.500.000 krónur á Símann hf. fyrir brot gegn þágildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Síminn hf. höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógildingar á ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar, til vara og þrautavara að stjórnvaldssektin yrði felld niður eða lækkuð verulega. Ágreiningur aðila fyrir dómstólum laut að því hvort innherjaupplýsingar hefðu myndast 31. ágúst 2021 um sölumeðferð Milu ehf., dótturfélagi Símans hf., til Ardian France SA, sem stefnanda hafi borið að birta opinberlega eða fresta birtingu á. Héraðsdómur féllst á að þær upplýsingar sem lágu fyrir 31. ágúst 2021 hjá Símanum hf. uppfylltu öll skilyrði innherjaupplýsingahugtaksins sem bæri að virða sem innherjaupplýsingar sem félaginu hefði borið að birta eins fljótt og auðið var, eða eftir atvikum að fresta birtingu á þeim. Á grundvelli þessa var ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar Seðlabanka Íslands staðfest sem og fjárhæð sektar sem lögð var á Símann hf. Félagið hefur áfrýjað dómi héraðsdóms til Landsréttar.

## III. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar

Á árinu voru eftirtaldar ákvarðanir teknar af fjármálaeftirlitsnefnd, sbr. 1. mgr. 15. gr. seðlabankalaganna:

[Afgreiðsla á álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi ársins 2025 vegna fjármálaeftirlits.](#)

Fjármálaeftirlitsnefnd afgreiddi á fundi sínum í janúar álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi ársins 2025 vegna fjármálaeftirlitsins með bókun og án sérstakra athugasemda. Álitid fylgdi skýrslu Seðlabankans til ráðherra um áætlaðan rekstrar-kostnað ársins 2025 vegna fjármálaeftirlits í samræmi

við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.

### Samkomulag um sátt við Íslandsbanka hf. vegna brota gegn lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitsnefnd tók ákvörðun í maí um að ljúka athugun á broti Íslandsbanka hf. gegn 5., 10., 13. og 15. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. reglugerð nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með samkomulagi um sátt og greiðslu sektar að fjárhæð kr. 570.000.000, ásamt skuldbindingu um úrbætur. Brotin vörðuðu áhættumat bankans á starfsemi vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, framkvæmd áreiðanleikakannana, framkvæmd áreiðanleikakannana hjá erlendum fjármálafyrirtækjum, framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana og reglubundið eftirlit með viðskiptum og viðskiptamönnum, þ.m.t. skráningu og rekjanleika reiðufjárviðskipta.

### Samkomulag um sátt við Arion banka hf. vegna brota gegn lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitsnefnd tók ákvörðun í maí um að ljúka athugun á broti Arion banka hf. gegn 5., 7., 10., 13., 15., 21. og 34. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun, með samkomulagi um sátt og greiðslu sektar að fjárhæð kr. 585.000.000, ásamt skuldbindingu um úrbætur. Brotin vörðuðu áhættumat bankans á starfsemi vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, nafnlaus viðskipti, framkvæmd áreiðanleikakannana á erlendum fjármálafyrirtækjum, framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana, aðgerðir bankans í tengslum við viðskipti við áhættusamt ríki og reglubundið eftirlit með viðskiptum og viðskiptamönnum, þ.m.t. skráningu og rekjanleika reiðufjárviðskipta.

## IV. Athugasemdir og ábendingar

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. seðlabankalaga skal gefa fjármálaeftirlitsnefnd tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum áður en teknar eru ákvarðanir í tilteknum málum. Eftirfarandi eru ákvarðanir sem kynntar voru nefndinni í samræmi við ákvæðið.

## Könnunar- og matsferli kerfislega mikilvægra banka

Í júní fékk fjármálaeftirlitsnefnd kynningu á fyrirhugaðri ákvörðun um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn hjá kerfislega mikilvægu bönkunum. Árlega er framkvæmt ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá kerfislega mikilvægu bönkunum. Ferlið felur m.a. í sér að ákvörðun er tekin um fjárhæð og samsetningu þess viðbótareiginfjár (stoð II-R) sem nauðsynlegt er að viðkomandi banki haldi vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir, til viðbótar við lágmarkskröfur um eigið fé undir stoð I. Í júlí 2024 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfur um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjárgrunn. Nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægu bankanna á bilinu 1,8% - 2,5% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra á samstæðugrunni er á bilinu 18,9% - 20,4%.

## Veiting starfsleyfis

Í desember fékk nefndin kynningu á fyrirhugaðri ákvörðun um veitingu starfsleyfis til VÍS trygginga hf. Við breytingar á samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. (nú Skagi hf.) var dótturfélagi þess, VÍS tryggingar hf., veitt starfsleyfi sem vátryggingafélag sbr. lög nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Í kjölfar þess var vátryggingastofn Vátryggingafélags Íslands hf. færður til VÍS trygginga hf.

## Tilkynningar um virka eignarhluti

Á árinu fékk nefndin kynningu á fyrirhuguðum ákvörðunum um afgreiðslu tilkynninga um virka eignarhluti í eftirfarandi málum.

- Ákvörðun um að Guðrún Una Valsdóttir og Jin ehf., og tengdur aðili, væru sameiginlega hæf ásamt öðrum hluthöfum í félaginu til að fara með yfir 50% eignarhlut í SIV eignastýringu hf. með beinum eða óbeinum hætti, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Ákvörðun um að Vátryggingafélag Íslands hf. (nú Skagi hf.) væri hæft til að fara með svo stóran eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf. að félagið yrði talið dótturfélag þess samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Jafnframt að Vátryggingafélag Íslands hf. væri hæft til að fara með jafnstóran óbeinan virkan eignarhlut í dótturfélagi Íslenskra verðbréfa, ÍV sjóðum hf., sbr. lög um

rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði.

- Ákvörðun um að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins væri hæfur til að fara með allt að 20% óbeinan virkan eignarhlut í Íslenskum verðbréfum hf., ÍV sjóðum hf., Fossum fjárfestingarbanka hf. og Glym hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, lög um fjármálafyrirtæki, lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lög um verðbréfasjóði.
- Ákvörðun um að Landsbankinn hf. væri hæfur til að fara með svo stóran beinan virkan eignarhlut í TM tryggingum hf. að félagið yrði talið dótturfélag bankans, sbr. lög um váttryggingastarfsemi. Sama gilti um óbeinan virkan eignarhlut í TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf.
- Ákvörðun um að Bankasýsla ríkisins, f.h. ríkissjóðs, væri hæf til að fara með óbeinan virkan eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. sem næmi yfir 50% hlutafjár, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.
- Ákvörðun um að Kaðall ehf. og tengdir aðilar væru hæf til að fara með allt að 20% beinan virkan eignar-

hlut í ALM Verðbréfum hf. samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

- Ákvörðun um að Target Global Holding Ltd. og tengdur aðili, væru hæf til að fara með allt að 20% óbeinan virkan eignarhlut í Rapyd Europe hf., sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris.
- Ákvörðun um að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja væri hæfur til að fara með yfir 50% virkan eignarhlut í Jöklum-Verðbréfum hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Ákvörðun um að Fjárhús ehf., og tengdur aðili, og Uppi ehf., og tengdur aðili, væru sameiginlega hæf til að fara með yfir 50% eignarhlut í Glym hf. með beinum og óbeinum hætti, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Ákvörðun um að RHA ehf., og tengdur aðili, og Szabó ehf., og tengdur aðili, væru sameiginlega hæf ásamt öðrum hluthöfum í félaginu til að fara með yfir 50% eignarhlut í SIV eignastýringu hf. með beinum og óbeinum hætti, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.



# Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar

---

## 1. gr. Almenn

- 1.1. Seðlabanki Íslands starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands (hér eftir „sbl.“) og er markmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Skal Seðlabanki Íslands sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.
- 1.2. Starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar eru settar með vísan til 2. mgr. 16. gr. sbl.
- 1.3. Í starfsreglum þessum er fjallað um helstu atriði varðandi hlutverk fjármálaeftirlitsnefndar, m.a. um ákvarðanir sem nefndin tekur, um fundi nefndarinnar, hæfi nefndarmanna, undirbúning, rökstuðning og birtingu ákvarðana nefndarinnar o.fl.

## 2. gr. Hlutverk, skipan og verkefni fjármálaeftirlitsnefndar

- 2.1. Fjármálaeftirlitsnefnd tekur þær ákvarðanir sem henni eru faldar samkvæmt 1. og 2. mgr. 15. gr. sbl., eins og kveðið er á um í 4. gr. starfsreglna þessara. Fjármálaeftirlitsnefnd setur stefnu um beitingu stjórnisýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og endurskoðar hana eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Þá skal fjármálaeftirlitsnefnd veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti sem settar eru fram á þriggja til fjögurra ára fresti.
- 2.2. Í fjármálaeftirlitsnefnd situr seðlabankastjóri, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og þrír sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar sem ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar skipar til frá þremur til fimm ára í senn. Seðlabankastjóri er formaður fjármálaeftirlitsnefndar og er varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits staðgengill hans.
- 2.3. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits ber ábyrgð á málsmeðferð og undirbúningi vinnu fyrir fjármálaeftirlitsnefnd.



### 3. gr. Fundir fjármálaeftirlitsnefndar

- 3.1. Fjármálaeftirlitsnefnd skal halda fundi eins oft og þörf er á, að jafnaði ekki sjaldnar en sex sinnum á ári, sbr. 2. mgr. 16. gr. sbl. Formaður nefndarinnar leggur í lok hvers árs fram verk- og fundaráætlun nefndarinnar fyrir næsta ár.
- 3.2. Fjármálaeftirlitsnefnd heldur fundi ef formaður ákveður eða ef þrír nefndarmenn krefjast þess.
- 3.3. Fjármálaeftirlitsnefnd er ályktunarhæf ef fjórir nefndarmenn sitja fund nefndarinnar. Það telst fullnægjandi mæting og þátttaka ef nefndarmenn taka þátt í fundum nefndarinnar í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndarinnar stýrir fundum og leggur fram dagskrá fundar.
- 3.4. Við töku ákvörðunar í málum skv. grein 4. í starfsreglum þessum skal liggja fyrir minnisblað þar sem raktir eru málavextir, málsmeðferð og rökstudd tillaga að ákvörðun ásamt viðeigandi gögnum.
- 3.5. Formaður nefndarinnar tilnefnir starfsmann Seðlabanka Íslands sem ritara fjármálaeftirlitsnefndar.
- 3.6. Ritari fjármálaeftirlitsnefndar undirbýr dagskrá hvers fundar að höfðu samráði við seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, situr fundi nefndarinnar og ritar fundargerð. Skrifstofa bankastjóra skal höfð með í ráðum við undirbúning funda nefndarinnar.
- 3.7. Dagskrá fundar og önnur nauðsynleg fundargögn og málskjöl skulu að jafnaði send nefndarmönnum eða vera þeim aðgengileg a.m.k. fimm dögum fyrir boðaðan fund.
- 3.8. Aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands sitja fundi ef sérstaklega er óskað vegna mála sem eru til umfjöllunar á fundi eða samkvæmt ákvörðun formanns og skal þá bóka í fundargerð hvenær þeir koma inn á fund og hvenær þeir víkja af fundi.
- 3.9. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar skulu teknar með einföldum meiri hluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt ákvörðun formanns. Formaður skal auk þess efna til atkvæðagreiðslu óski nefndarmaður eftir því.
- 3.10. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á fundum fjármálaeftirlitsnefndar og skulu þær undirritaðar af viðstöddum nefndarmönnum. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalakerfi Seðlabanka Íslands ásamt framlögðum fundargögnum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í fundargerð:
  - fundardagsetning og fundartími (upphaf og endir);

- númer fundar;
- hverjir voru viðstaddir fundinn;
- bóka skal þegar utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og þegar þeir fara út af fundum;
- nafn fundarritara;
- fundargögn sem voru afhent eða lögð fram á fundinum;
- samantekt;
- skýr niðurstaða ákvarðana;
- umræður skal ekki bóka nema sérstök ástæða sé til og einstakir fundarmenn fari fram á það og
- bókanir sem einstakir fundarmenn óska um afstöðu sína.

3.11. Drög að fundargerð skulu send nefndarmönnum til yfirlstrar og samþykktar svo fljótt sem auðið er. Hafi fundarmenn athugasemdir við drögin skal þeim komið á framfæri við fundarritara. Fundargerðir eru að jafnaði endanlega samþykktar á fundi nefndarinnar og undirritaðar af nefndarmönnum. Fullgildar rafrænar undirritanir jafngilda eiginhandar undirritunum.

3.12. Fjármálaeftirlitsnefnd er heimilt að birta opinberlega ákvarðanir sínar. Þó skal ekki birta ákvörðun verði hún talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varði hún ekki hagsmuni markaðarins sem slíks eða ef ætla má að birting hennar valdi hlutaðeigandi aðilum tjóni sem telst ekki í samræmi við tilefni ákvörðunarinnar. Um birtingu ákvarðana fer samkvæmt 2. mgr. 16. gr. sbl., sbr. 9. gr. a. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og stefnu um opinbera birtingu í störfum Seðlabanka Íslands.

3.13. Formaður nefndarinnar getur, meti hann það svo vegna sérstakra aðstæðna, boðað til fjarfundar og lagt þar mál fyrir til ákvörðunar og móttekið atkvæði í gegnum fjarfundarbúnað eða með tölvupósti. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska með sannanlegum hætti eftir að nefndarmenn taki afstöðu til tillögu í atkvæðagreiðslu utan fundar og gilda þá ákvæði í grein 3.3 um ályktunarhæfi nefndarinnar. Ákvarðanir sem teknar eru með fyrrgreindum hætti skulu staðfestar á næsta fundi og færðar í fundargerð.

3.14. Fjármálaeftirlitsnefnd skal skila Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári.

#### **4. gr. Ákvarðanir fjármálaeftirlitsnefndar**

- 4.1. Fjármálaeftirlitsnefnd tekur ákvarðanir um eftirfarandi sbr. 1. mgr. 15. gr. sbl.:
- 4.1.1. Setningu starfsreglna fjármálaeftirlitsnefndar, þ.m.t. vegna breytinga á þeim.
  - 4.1.2. Afturköllun starfsleyfis og skráningar vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota.
  - 4.1.3. Álagningu stjórnvaldssekta.
  - 4.1.4. Samkomulag um sátt þegar um fordæmisgefandi mál er að ræða.

- 4.1.5. Kæru til lögreglu vegna meintra brota gegn þeim lögum sem fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með.
  - 4.1.6. Beitingu dagsekta til að knýja á um úrbætur.
  - 4.1.7. Beitingu févítis.
  - 4.1.8. Frávikningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra þegar hæfisskilyrði eru ekki uppfyllt vegna brotlegrar háttsemi.
  - 4.1.9. Aðrar ákvarðanir sem teljast sérstaklega þýðingarmiklar eða hafa veruleg áhrif.
- 4.2. Þá tekur nefndin eftirfarandi meiri háttar ákvarðanir samkvæmt 11. gr. laga nr. 70/2021 um gjaldeyrismál:
- 4.2.1. Álagning stjórnvaldssekta.
  - 4.2.2. Samkomulag um sátt þegar um fordæmisgefandi mál er að ræða.
  - 4.2.3. Beitingu dagsekta til að knýja á um úrbætur.
  - 4.2.4. Kæru til lögreglu vegna meintra brota gegn lögnum.
  - 4.2.5. Fjármálaeftirlitsnefnd getur framselt til varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits vald sitt til töku annarra ákvarðana V. kafla laga nr. 70/2021.

## **5. gr. Ákvarðanir Seðlabankans sem sendar skulu fjármálaeftirlitsnefnd til kynningar**

- 5.1. Seðlabankinn skal, að teknu tilliti til lögbundinna tímafresta, gefa fjármálaeftirlitsnefnd tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum áður en teknar eru ákvarðanir í eftirfarandi málum sbr. 2. mgr. 15. gr. sbl.:
- 5.1.1. Ákvörðunum sem varða könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja sem teljast kerfislega mikilvæg.
  - 5.1.2. Veiting eða synjun starfsleyfis til eftirlitsskyldra aðila.
  - 5.1.3. Afgreiðslu á tilkynningum um virka eignarhluti eftirlitsskyldra aðila.
  - 5.1.4. Höfðun dómsmáls, áfrýjun eða kæru á niðurstöðu dómsmáls til æðri dómstóls í málefnum fjármálaeftirlits.

5.2. Seðlabankinn upplýsir nefndina um framangreind mál bæði við upphaf stjórnsýslumáls og áður en ákvörðun er tekin og nefndinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum og ábendingum. Ef tímafrestir leyfa ekki að beðið sé eftir næsta fundi nefndarinnar skal nefndin fá sendar upplýsingar og tækifæri til að senda skriflegar ábendingar eða athugasemdir áður en ákvörðun er tekin.

## **6. gr. Hæfi nefndarmanna**

- 6.1. Um hæfi nefndarmanna gilda lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

- 6.2. Nefndarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála. Nefndarmönnum er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra og skulu þeir gera það um leið og slík mál koma upp. Ef vafi leikur á um hæfi nefndarmanns tekur fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um hvort hann skuli víkja sæti vegna vanhæfis.
- 6.3. Sé nefndarmaður vanhæfur skal viðkomandi ekki taka þátt í meðferð þess máls að neinu leyti og skal ekki hafa aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður eða ákvarðanatöku á fundinum. Bóka skal í fundargerð að hluteigandi hafi vikið sæti.
- 6.4. Ef enginn nefndarmaður hefur vakið athygli á mögulegu vanhæfi sínu til að taka ákvörðun um einstök mál sem eru til meðferðar á fundi nefndarinnar, skal formaður nefndarinnar taka það fram í upphafi fundar og jafnframt skal það bókað í fundargerð.
- 6.5. Um viðskipti nefndarmanna við eftirlitsskylda aðila gilda ákvæði reglna þar um, nú reglna frá 23. mars 2020 nr. 303/2020.

## **7. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 7.1. Nefndarmenn, starfsmenn og aðrir gestir funda nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða fram koma á fundum nefndarinnar og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum fjármálaeftirlitsnefndar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 7.2. Nefndarmönnum, starfsmönnum eða öðrum gestum funda nefndarinnar er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum eða fundarsetu á fundi nefndarinnar, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.
- 7.3. Um meðferð nefndarmanna á innherjaupplýsingum og viðskiptum innherja gilda ákvæði reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem Fjármálaeftirlitið setti á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 2. mgr. 130. gr. sömu laga.

## **8. gr. Undirritun, breytingar, gildistaka o.fl.**

- 8.1. Ákvörðun um setningu starfsreglna þessara skal tekin á fundi fjármálaeftirlitsnefndar og undirritaðar af nefndarmönnum við samþykki þeirra.
- 8.2. Ákvörðun um breytingu á starfsreglum fjármálaeftirlitsnefndar er tekin á fundi nefndarinnar. Hver nefndarmaður getur lagt fram skriflega tillögu um breytingar til nefndarinnar og óskað eftir að tillagan verði sett á dagskrá næsta fundar fjármálaeftirlitsnefndar.
- 8.3. Þessar starfsreglur hafa verið settar af fjármálaeftirlitsnefnd, sbr. 2. mgr. 16. gr. sbl., og staðfestar af bankaráði Seðlabanka Íslands á fundi bankaráðs 14. júní 2023, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Starfsreglurnar taka gildi við undirritun fjármálaeftirlitsnefndar hinn 28. júní 2023 og falla þá úr gildi starfsreglur nefndarinnar frá 28. febrúar 2022.
- 8.4. Birta skal starfsreglur fjármálaeftirlitsnefndar á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

# Stefna Seðlabanka Íslands um beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrræða

## I. Tilgangur og markmið

Markmið með stefnu Seðlabanka Íslands um stjórnsluviðurlög og þvingunarúrræði er að tryggja fyrirsjáanleika og jafnræði við beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrræða.

## II. Markmið með beitingu viðurlaga og þvingunarúrræða

Megintilgangur með beitingu stjórnsluviðurlaga og þvingunarúrræða Seðlabanka Íslands er að tryggja hlítni við regluverk á fjármálamarkaði, draga úr líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning, stuðla að fjármálastöðugleika og því að fjármálamarkaðurinn njóti trausts almennings til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu.

Seðlabanki Íslands bregst við brotum á lögum og reglum og skorti á fylgni við ákvarðanir Seðlabankans á markvissan hátt með beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga.

## III. Beiting þvingunarúrræða

Seðlabanki Íslands beitir þvingunarúrræðum til að knýja á um framfylgni við lög, reglur og ákvarðanir Seðlabankans. Helstu þvingunarúrræði sem Seðlabanki Íslands getur beitt eru að krefjast úrbóta og að leggja á aðila dagsektir.

Úrbótakrafa er gerð ef í ljós kemur að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans. Seðlabanki Íslands tekur jafnframt til skoðunar hvort tilefni sé til að beita samhliða öðrum úrræðum sem eftirlitið hefur heimild til að beita lögum samkvæmt.

Seðlabanki Íslands getur lagt dagsektir á aðila, m.a. ef aðili veitir ekki umbeðnar upplýsingar, sinnir ekki úrbótakröfu innan hæfilegs frests, eða hlítir ekki reglum Seðlabankans. Ákvörðun um fjárhæð dagsekta tekur mið af atvikum hverju sinni, þ. á m. eðli og alvarleika brots og fjárhagsstöðu viðkomandi aðila.

## IV. Beiting viðurlaga

Seðlabanki Íslands beitir viðurlögum vegna brota á lögum, reglum og ákvörðunum eftirlitsins og er viðurlögum ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Þær viðurlagaheimildir sem Seðlabanki Íslands hefur yfir að ráða eru stjórnvaldssektir, féviti, afturköllun starfsleyfis og brottvikning stjórnar og framkvæmdarstjóra.

Ákvörðun um beitingu viðurlaga fer fram á grundvelli heildarmats á atvikum máls í hverju tilviki fyrir sig. Við ákvörðun um viðurlagabeitingu er m.a. horft til markmiða fjármálaeftirlitstefnu Seðlabanka Íslands, sem eru að tryggja heilbrigðan og traustan

fjármálamarkað, heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, skilvirkan og öruggan verðbréfa-  
markað og öflugar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Seðlabanka Íslands er á öllum stigum máls heimilt að ljúka málum vegna brota með sátt  
við málsaðila ef hann telur að málsatvik séu með þeim hætti að sátt komi til álita.

Seðlabanki Íslands ber að kæra meint meiriháttar brot til lögreglu samkvæmt lögum. Brot  
telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sér-  
staklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Verði  
Seðlabanki Íslands í störfum sínum áskynja um meint brot á öðrum lögum en þeim sér-  
lögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, t.d. almennum hegningarlögum eða  
skattalögum, er þeim vísað til viðeigandi stjórnvalda/lögreglu.

#### **V. Sjónarmið við ákvörðun um fjárhæð sektar**

Seðlabanki Íslands getur lagt stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðum  
laga og reglna sem bankinn hefur eftirlit með ef viðkomandi brot varðar stjórnvaldssekt,  
óháð því hvort brot er framið af ásetningi eða gáleysi. Ákvörðun um beitingu stjórnvalds-  
sektar er tekin á grundvelli þeirra sérlaga sem eiga við í hverju máli fyrir sig.

Við álagningu stjórnvaldssekta er ávallt gætt jafnræðis og að tryggt sé að sekt hafi í senn  
varnaðaráhrif, sé skilvirk og meðalhófs gætt. Ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar  
byggir á heildarmati á atvikum máls hverju sinni, m.a. af alvarleika brots og hvað það hefur  
staðið lengi, ábyrgðar hins brotlega, ávinnings hins brotlega, samstarfsvilja hins brotlega,  
fyrri brota, ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til til að koma í veg fyrir að brotið verði  
endurtekið, fjárhagsstöðu hins brotlega, möguleg kerfisleg áhrifa brotsins og hvort brot  
hafi leitt til taps þriðja aðila.

#### **VI. Opinber birting**

Niðurstöður um beitingu þvingunarúrræða og viðurlaga eru birtar opinberlega í samræmi  
við stefnu Seðlabankans um opinbera birtingu.

Stefna þessi er sett á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

Samþykkt í fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands 6. júní 2024

*Björk Sigurgísladóttir.*

Björk Sigurgísladóttir

Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits



2025

# FJÁRMÁLAEFTIRLIT



Eitt meginmarkmiða Seðlabanka Íslands er að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning.

Tilgangur ritsins um fjármálaeftirlit er:

- að skýra frá því hvernig fjármálaeftirlitið vinnur að þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og hvernig stefnu og verkáætlun fjármálaeftirlitsins var fylgt eftir á næstliðnu ári;
- að upplýsa um helstu áherslur í verkáætlun ársins;
- að greina frá nýlegum og væntanlegum breytingum á réttarheimildum fjármálamarkaðarins.

Með útgáfu ritsins leitast Seðlabankinn við að tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur fjármálaeftirlitsins og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegji 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

5. rit. 6. mars 2025 ISSN 2772-0802, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr *Fjármálaeftirliti* en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Efnisyfirlit

<b>I</b>	<b>Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands</b>	<b>5</b>
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum	5
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	13
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	15
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	18
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	22
	Eftirlit með rekstraraðilum og sjóðum	25
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	25
<b>II</b>	<b>Helstu forgangsmál í verkáætlun 2025</b>	<b>27</b>
<b>III</b>	<b>Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar</b>	<b>29</b>
	Lagabreytingar á árinu 2024	29
	Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði	31
	<b>Rammagreinar</b>	
	1 Vettvangsathuganir	9
	2 Hæfismat og virkir eignarhlutir	12
	3 Starfsleyfi og önnur leyfismál	14
	4 Umræðuskýrsla um lífeyrissjóði	17
	5 Viðurlagamál og dómsmál	18
	6 Erindi frá almenningi – mikilvægur þáttur í greiningum á viðskiptaháttum	21
	7 Viðurlagastefna og reglur um sátt	22
	8 Bankapakki ESB með áherslu á CRR III	35
	9 Væntanlegar breytingar á löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka	36
	10 Stafrænn viðnámsþróttur fjármálamarkaðarins (DORA)	37
	11 Reglugerð um markaði fyrir sýndareignir (MiCA)	39
	<b>Viðaukar</b>	<b>41</b>
	1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2019-2024	41
	2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2023 og 2024	42

**Merking tákna:**

- \* Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

# Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

# I

Í þessum kafla er skýrt frá því hvernig fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framfylgdi stefnu sinni og verk-  
áætlan á árinu 2024 með reglubundnu eftirliti og öðrum  
athugunum.

## Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslu- stofnunum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, rafeyrisfyrirtækjum samkvæmt lögum nr. 17/2013 um útgáfu og meðferð rafeyris og greiðslustofnunar samkvæmt lögum nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins og hins vegar sértækar athuganir sem taka mið af áhættumati og aðstæðum hverju sinni.

Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum þegar horft er til fjárhagslegra áhættuþátta er að þau búi við sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum.

Í lok árs 2024 var 21 fjármálafyrirtæki undir eftirliti fjármálaeftirlitsins, þar af fjórir viðskiptabankar, fimm sparisjóðir, fjögur lánafyrirtæki og átta verðbréfafyrirtæki. Einnig voru tvö rafeyrisfyrirtæki og tvær greiðslustofnanir undir eftirliti fjármálaeftirlitsins. Sjá nánar í töflu 1 á bls. 41.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar af fjármálastöðugleikanevnd Seðlabankans, en eignir þeirra þriggja nema samanlagt hátt í 90% af heildareignum lánastofnana.

Eftirlit með kerfislega mikilvægum bönkum er nokkuð umfangsmikið verkefni og felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum og upplýsingum um stöðu bankanna. Einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl eru tekin við tiltekna stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn þeirra og endurskoðendur. Fylgst er með þróun lykiláhættuvísa í rekstri bankanna og mat lagt á sjálfbærni viðskiptastefnu og lífvænleika viðskiptalíkans þeirra. Þá er mat lagt á stjórnarhætti og innra eftirlit hjá þeim og margvíslegir áhættuþættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og rýndir með kerfisbundnum hætti.

### Könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP) hjá viðskiptabönkunum fjórum. Í ferlinu er meðal annars lagt mat á lífvænleika viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og þeir látnir gangast undir álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum](#). Hin almennu viðmið voru endurskoðuð á árinu 2024 og byggjast á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni (EBA/GL/2022/03). Jafnframt er höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um að hve miklu leyti þær áhættumildandi ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættu í rekstri séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur ásamt lausafjár- og

fjármögnunarstöðu sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið leggur mat á og ákveður viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn fjármála-fyrirtækis (stoð II-R) sem segir til um það eigið fé sem nauðsynlegt er að hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hafi tiltækt vegna áhættu sem það stendur frammi fyrir eða gæti þurft að mæta til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (stoð I).

Hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en viðskiptabönkunum fer könnunar- og matsferli sjaðnar fram, þ.e. að jafnaði annað til þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir þessi fjármálafyrirtæki. Þetta er í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta ógnað fjármálastöðugleika eða valdið stórum hópi viðskiptavina miklu tjóni.

### **Greining viðskiptalíkana og mat á útlánaáhættu, rekstraráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og stjórnarhættu og innra eftirliti**

#### **Viðskiptalíkön**

Hluti af reglulegu eftirliti með fjármálafyrirtækjum er greining og mat á lífvænleika viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu þeirra til a.m.k. þriggja ára. Þrátt fyrir efnahagslegar áskoranir hefur rekstur viðskiptabankanna gengið vel, arðsemi er góð, eiginfjár- og lausafjárhlutföll eru sterk og vanskil heimila og fyrirtækja hafa aukist minna en búast mátti við. Að mati fjármálaeftirlitsins eru lífvænleiki viðskiptalíkana og sjálfbærni viðskiptastefnu viðskiptabankanna viðunandi.

Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír hafa allir mótað sér stefnu um að sinna alhliða bankastarfsemi þótt áherslur á einstaka starfsþætti séu ólíkar. Vátryggingastarfsemi er þegar hluti af samstæðu eins banka, annar banki hefur hlotið samþykki fjármálaeftirlitsins sem virkur eigandi vátryggingafélags og sá þriðji hefur áform um að vátryggingar verði hluti af vöruframboði bankans. Þetta er breyting frá því sem áður var og tekjur af vátryggingastarfsemi eru nú tekjustöð í rekstri kerfislega mikilvægra banka.

Bankarnir eru almennt vel fjármagnaðir og fjölbreytni í markaðsfjármögnun er enn að aukast. Á árinu 2024 voru í fyrsta sinn gefin út víkjandi forgangsskuldabréf (e. senior non-preferred bonds) af íslenskum banka og þá hefur útgáfa á óveðtryggðum skuldabréfum í íslenskum krónum aukist. Stærsti hluti fjármögnunarhliðar viðskiptabankanna er innlán, eða um 58%, skuldabréfaútgáfa á markaði er um 28% og eigið fé

um 14%. Skuldabréfaútgáfa á markaði skiptist þannig að sértryggð skuldabréf eru um 51% og óveðtryggð skuldabréf um 49%. Gjaldmiðlasamsetning markaðsfjármögnunar skiptist nokkurn veginn jafnt í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla. Meirihluti óveðtryggðrar skuldabréfaútgáfu er þó enn í erlendum gjaldmiðlum, eða um 80%, og bankarnir því háðir aðstæðum og aðgengi að erlendum skuldabréfamörkuðum.

Vegna aukinnar samkeppni hefur hlutfall innlána sem bera hærri vexti en hefðbundin veltiinnlán farið vaxandi á undanförunum árum sem að öðru óbreyttu hækkar fjármögnunarkostnað bankanna. Vaxtamunur bankanna minnkaði á árinu vegna hlutfallslega meiri hækkunar fjármögnunarkostnaðar en vaxtatekna. Þrátt fyrir minni vaxtamun er fjármögnunarkostnaður fyrirtækja og heimila hár. Eftirspurn eftir verðtryggðum lánnum hefur aukist mikið þar sem lántakendur leita leiða til að lækka greiðslubyrði sína. Á sama tíma velja innlánseigendur frekar óverðtryggða innlánsreikninga. Verðtryggingarmisvægi kerfislega mikilvægu bankanna þriggja, þ.e. munur á verðtryggðum eignum og skuldum, hefur því aukist hratt á árinu. Stýring verðtryggingaráhættu verður áskorun í rekstri bankanna á næstu misserum.

Landfræðipólítísk áhætta (e. geopolitical risk) er vaxandi áhættuþáttur í rekstri fjármálafyrirtækja. Áhættan er frábrugðin hefðbundum áhættuþáttum, enda er fyrirsjáanleikinn minni og óvissa meiri, bæði hvað varðar líkur á að áhættan raungerist og áhrif hennar. Fjármálaeftirlitið mun veita framangreindum áhættuþætti aukna athygli í mati sínu á sjálfbærni viðskiptastefnu fjármálafyrirtækja.

#### **Útlánaáhætta**

Eftirlit með útlánaáhættu á síðasta ári litaðist af þeirri óvissu sem hefur skapast vegna sviptinga í ytra umhverfi efnahagsmála, svo sem verðbólgu og háum vöxtum, jarðhræringum og eldsumbrotum á Reykjanesi og stríðsátökum úti í heimi. Mikilvægt er að lánastofnanir vakti áhrif þessara þátta á gæði útlána og leggi mat á hvaða áhrif þeir hafa og geta haft á greiðslugetu heimila og fyrirtækja. Að sama skapi þurfa varúðarkröfur, áhættustýring og upplýsingagjöf vegna útlánaáhættu að endurspeglar áhættuna, bæði til skemmri og lengri tíma.

Hin mikla aukning sem varð á ívilnunum á tímum heimsfaraldursins á árunum 2020-2022 virðist vera gengin til baka en útlán sem fá slíka merkingu þurfa að halda þeirri merkingu í kerfum viðskiptabankanna í tiltekinn tíma. Á árinu 2024 fór fjármálaeftirlitið yfir mat bankanna á hvað teljist ívilnun. Í því sambandi var

farið í vettvangsathuganir hjá bönkunum en þessum athugunum er ólokið.

Stöðugur vöxtur hefur verið í útlánasöfnum kerfislega mikilvægra banka á undanförunum árum, hvort sem litið er til fyrirtækjalána eða lána til einstaklinga. Lítils háttar aukning hefur verið í vanskilum hjá bönkunum á undanförunum mánuðum en varúðarsjóðir hafa ekki hækkað í samræmi við aukningu útlána og vanskila og eru því hlutfallslega lægri en fyrir heimsfaraldurinn. Fjármálaeftirlitið mun í framhaldinu leggja áherslu á að fylgjast með mati á virðisrýrnun og varúðarsjóðum hjá bönkunum.

Í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar hafa töluverðar breytingar orðið á samevrópsku regluverki um varfærnisröfur fjármálafyrirtækja. Á árinu 2025 er stefnt að því að lögfesta reglugerðina CRR III sem breytir núgildandi reglugerð um varfærnisröfur til fjármálafyrirtækja. Nánar er fjallað um helstu breytingar sem innleiðing CRR III mun hafa í för með sér í rammagrein á bls. 35.

### Rekstraráhætta

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að heildarumgjörð og eftirlit með rekstraráhættu séu vel skilgreind og að þekking og vitund stjórnna og stjórnenda fyrirtækja á fjármálamarkaði um rekstraráhættu sé til staðar. Áhersla á rekstraráhættu og umfang hennar hefur almennt verið að aukast í rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja og því er mikilvægt að dagleg stjórnun áhættunnar sé traust. Áhætta tengd notkun á upplýsingatækni í fjármálakerfinu er mikil og hefur verið að aukast síðastliðin ár. Netárásir, t.d. DDoS-árásir, voru nokkrar á árinu 2024 og skiptu rétt viðbrögð við þeim miklu máli.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á að fylgja því eftir hvort stefnuskjöl og verklagsreglur væru þannig úr garði gerð að starfsmenn viðskiptabanka sem starfa í fyrstu varnarlinu hefðu þau tæki og tól sem til þyrfti til að meta áhættuna. Einnig var lögð áhersla á yfirferð frávikaskráninga, umgjörð líkanaáhættu, útvistun og prófanir á stýringum.

Ýmsar athuganir vegna upplýsingatækniáhættu voru framkvæmdar á árinu 2024 og ber þar helst að nefna áframhaldandi athugun á fylgni greiðsluþjónustuveitenda greiðslureikninga við kröfur um sterka sannvottun og úttekt á upplýsingatækniramma lánastofnana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða.

Á árinu 2025 mun CRR III reglugerðin sem fyrr segir taka gildi á Íslandi en hún snýr m.a. að því hvernig fjármálafyrirtæki reikna út eiginfjárbörf vegna rekstraráhættu. Breytingarnar sem verða með reglugerðinni fela í sér einfaldari útreikninga á rekstraráhættu og

leiða til þess að breytileiki á milli lánastofnana verður minni. Í rammagrein á bls. 35 er nánar fjallað um CRR III og áhrif hennar á fjármálafyrirtæki.

Á síðari hluta ársins 2025 er gert ráð fyrir að ný reglugerð um stafrænan viðnámsþrótt fyrirtækja á fjármálamarkaði (e. digital operational resilience act, DORA) muni taka gildi á Íslandi. Í rammagrein á bls. 37 er fjallar nánar um reglugerðina og áhrif hennar á eftirlitsskylda aðila, en undirbúningar fyrir innleiðingu hennar hefur staðið í nokkurn tíma.

### Markaðs- og fastvaxtaáhætta

Undanfarin misseri hefur verðbólguþróun verið mikill áhrifavaldur í eftirliti með markaðs- og fastvaxtaáhættu. Eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki árin á undan, tók verðbólga að aukast í árslok 2021 sem má m.a. rekja til sviptinga í efnahagsmálum á heimsvísu í kjölfar heimsfaraldurs og stríðsátaka. Seðlabankar heimsins hækkuðu stýrivexti sína til að bregðast við verðbólgunni sem leiddi til lækkunar á gengi á hlutabréfamörkuðum og hækkunar á útlánsvöxtum til heimila og fyrirtækja. Lakari vaxtakjör hafa svo valdið því að heimili og fyrirtæki á Íslandi hafa í ríkari mæli sótt í verðtryggð lán með tilheyrandi aukningu á verðtryggingarjöfnuði lánastofnana þar sem verðtryggðar eignir hafa aukist meira en verðtryggðar skuldir.

Allt frá því að vextir tóku að hækka hefur verið lögð mikil áhersla á að flýta innleiðingu á nýjum reglum frá Evrópu, þ.e. viðmiðunarreglum EBA, sérstökum skýrsluskilum og tveimur reglugerðum Evrópusambandsins um mat á fastvaxtaáhættu. Ólíkt mörgum öðrum ríkjum hefur fastvaxtaáhætta í mörg undanfarin ár verið fastur liður í mati fjármálaeftirlitsins á viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn íslenskra fjármálafyrirtækja. Töluverð þekking er því til staðar innan fjármálakerfisins og fjármálaeftirlitsins á áhættuþættinum og innleiðingin hefur að mestu leyti gengið vel. Enn er þó unnið að ýmsum valkvæðum þáttum líkt og hegðunarlíkönum innlána og áframhaldandi þróun á viðmiðum fjármálaeftirlitsins fyrir áhættuþáttinn.

Aukning verðtryggðra eigna umfram aukningu verðtryggðra skulda hjá lánastofnunum hefur leitt til þess að verðtryggingaráhætta er nú með mesta móti í sögulegu samhengi. Hugsanlega munu lækkandi vextir leiða til þess að hún minnki. Umfang stöðutöku lánastofnana í verðbréfum er innan eðlilegra marka, sé horft til stærðar þeirra og veltu á mörkuðum.

Í öðrum kafla ritsins er fjallað sérstaklega um þær breytingar sem verða á meðhöndlun markaðsáhættu samhliða innleiðingu CRR III, eða svonefnt *Fundamental Review of the Trading Book, FRTB*.

## Stjórnarhættir og innra eftirlit

Fjármálaeftirlitið greinir og leggur mat á hvort veikleikar í stjórnarháttum og innra eftirliti fjármálafyrirtækja skapi áhættu og hafi áhrif á starfsemi og sjálfbærni þeirra. Áhersla er lögð á að meta hvort fyrirkomulag stjórnarháttanna tryggir trausta stjórnun áhættu og feli í sér viðeigandi innra eftirlit í samræmi við þriggja þrepa líkanið (e. the three lines model), en líkanið auðveldar fyrirtækjum að finna út hvers konar stjórnskipulag og ferlar stuðla best að því að ná settum markmiðum sínum og styðja við góða stjórnarhætti og áhættustjórnun.

Við eftirlit með stjórnarháttum á árinu 2024 lagði fjármálaeftirlitið mat á heildarumgjörð stjórnarháttanna, þ.m.t. stjórnskipulag og starfsemi og skilvirkni stjórnar með áherslu á hvernig stjórn sinnir hlutverki sínu. Mat á stjórnarháttum er meðal annars byggt á viðtölum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og yfirmenn eftirlits-eininga ásamt öðrum gögnum sem fjármálaeftirlitið aflar. Þá var á árinu farið í þemaathugun á innri endurskoðun viðskiptabankanna, sem er ólokið. Athugasemdum og ábendingum vegna mats og athugana verður komið á framfæri þar sem við á og úrbóta krafist.

Viðmiðunarreglur EBA um trausta starfskjara-stefnu voru innleiddar á árinu 2024. Samhliða féllu úr gildi reglur nr. 388/2016, um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í viðmiðunarreglunum er fjallað með nokkuð ítarlegum hætti um starfskjara-stefnur og föst og breytileg starfskjör, þ.m.t. hvenær breytileg starfskjör eru heimil og þá árangursmælikvarða sem skulu liggja til grundvallar. Þá voru innleiddar sambærilegar viðmiðunarreglur frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) um starfskjör á verðbréfamarkaði og sjóðamarkaði.

Á árinu 2024 var unnið að innleiðingu DORA reglugerðarinnar sem áætlað er að taki gildi hér á landi á síðari hluta ársins 2025. Í DORA er sérstaklega fjallað um ábyrgð stjórnar með tilliti til notkunar upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu sem þriðju aðilar veita. Þá eru gerðar kröfur um að stjórnarmönnum beri að viðhalda og uppfæra þá þekkingu sína og færni sem þarf til að skilja og meta upplýsinga- og fjarskiptatækni-áhættu og áhrif hennar á starfsemi hlutaðeigandi aðila á fjármálamarkaði.

Stjórnarhættir eru einn þeirra þátta sem hafa verið valdir sem stefnumarkandi áhersla í fjármálaeftirliti til næstu þriggja ára.

## Vettvangsathuganir

Á árinu 2024 var áfram lögð áhersla á vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum. Á árinu var lokið við athuganir hjá Arion banka

hf., Fossum fjárfestingarbanka hf., Íslandsbanka hf., Kviku banka hf. og Landsbankanum hf. sem fólust í því að kanna hvernig bankarnir stóðu að mati á mótaðila-áhættu samkvæmt eiginfjárskýrslu (COREP) ásamt mati á fjárhagslegum tryggingum til mildunar útlánaáhættu. Gagnsæistilkynningar vegna athugananna hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. og Kviku banka hf. voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í nóvember 2024.

Þá var á árinu lokið við vettvangsathuganir hjá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. þar sem skoðuð var framkvæmd bankanna við mat á því hvort lán-takar teldust ólíklegir til að endurgreiða (e. unlikely to pay) og hvort það ylli því að lán flæddi ekki með eðlilegum hætti inn og út af áhættustigi 3 í virðismatsferli bankanna. Samhliða var könnuð framkvæmd bankanna við mat á greiðslugetu (e. repayment capacity) lánpæga sem fengið hefðu ívilnandi skuldaúrræði og hvort skráning þeirra væri fullnægjandi. Vettvangsathuganir um sama efni hófust einnig hjá tveimur öðrum viðskiptabönkum á árinu en þeim var ólokið í árslok. Á árinu hófst önnur vettvangsathugun hjá viðskiptabanka er varðaði útlánaáhættu, þar sem áhersla var lögð á að skoða lánveitingar til smærri fyrirtækja, en henni var einnig ólokið í lok árs.

Lokið var við vettvangsathugun hjá Íslandsbanka hf. á árinu 2024 þar sem markmiðið var að kanna umgjörð bankans, innri ferla og stjórnarhætti við veitingu útlána með hliðsjón af því sem lánveitendur þurfa að lágmarki að hafa í útlánastarfsemi sinni.

Jafnframt var lokið við vettvangsathugun hjá Kviku banka hf. er varðaði rekstraráhættu en hún fólst í því að kanna fyrirkomulag útivistunar bankans.

Til hliðsjónar voru birtar tvær gagnsæistilkynningar á árinu 2024 vegna vettvangsathugana sem lauk árið 2023 hjá Íslandsbanka hf. og Kviku banka hf. sem vörðuðu umgjörð og eftirlit með rekstraráhættu

Auk framangreindra vettvangsathugana var á árinu lokið við vettvangsathuganir hjá fjármálafyrirtækjum vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vettvangsathuganir á gæðum skýrslna vegna fjármálagerninga (TRS II) og vegna aðgerða gegn markaðssvikum.


## Endurbóta- og skilaáætlanir

Lánastofnanir þurfa að vera með tilbúnar endurbótaáætlanir um það hvernig bregðast skuli við hugsanlegum áföllum eða álagi, sbr. IX. kafla A laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið fer yfir endurbótaáætlanir lánastofnana. Stefnt er að því að meiri áhersla verði lögð á greiningar á einstökum þáttum endurbótaáætlananna við yfirferð fjármálaeftirlitsins á þeim.




## Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna því lögbundna hlutverki sínu að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila ásamt því að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlitskerfis þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats. Jafnframt er tekið mið af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli og umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.



Fjármálaeftirlitið lauk 20 vettvangsathugunum á árinu 2024, en það er sami fjöldi og lokið var við á árinu 2023. Á síðastliðnu ári voru áherslur einna helst lagðar á vettvangsathuganir er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu og mótaðilaáhættu, ásamt athugunum er tengdust aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, rekstraráhættu og stjórnarháttum og innra eftirlit í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.



Í byrjun árs 2024 tóku nýjar viðmiðunarreglur EBA um heildargetu til endurbóta (EBA/GL/2023/06) gildi á Íslandi og var í eftirlitsstarfsemi fjármálaeftirlitsins meðal annars lögð áhersla á að tryggja fylgni við þær. Í júní 2024 tóku svo gildi ný leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2024, um innihald einfaldra endurbótaáætlana.

Á árinu vann Seðlabankinn jafnframt að upp færslu á eigin viðbragðsáætlun við lausafjár- eða eiginfjávanda lánastofnana. Viðbragðsáætlun Seðlabankans var prófuð á sameiginlegri viðbragðsæfingu með seðlabönkum og fjármálaeftirlitum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í september 2024 þar sem æfð voru viðbrögð við fjármálaáfalli þriggja ímyndaðra banka. Á æfingunni var farið í gegnum þrjú stig í viðbrögðum við bankaáfalli: 1) frá hefðbundinni starfsemi til endurbótaaðgerða þar sem tekist var á við lausafjávanda, 2) frá

endurbótum til skilameðferðar þar sem skilastjórnvald fór með yfirráð yfir banka og 3) eftir skilameðferð þar sem endurreistur banki hóf starfsemi að nýju. Æfingin tókst vel og mun Seðlabankinn nýta þann lærdóm sem dreginn var af henni í því skyni að efla viðbúnað gegn fjármálaáfallum.

Á árinu uppfærði skilavald Seðlabankans skilaáætlanir fyrir kerfislega mikilvægu bankana þrjá. Auk þess voru samþykktar skilaáætlanir fyrir Kviku banka hf., Sparisjóð Austurlands hf., Sparisjóð Höfðhverfinga hf., Sparisjóð Strandamanna hf. og Sparisjóð Suður-Þingeyinga ses. Samhliða voru teknar ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjávargrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) í samræmi við lög nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, og MREL-stefnu Seðlabankans.



## Eiginfjárkröfur


Á árinu 2024 breyttust eiginfjárukar í tvígang. Fyrri breytingin tók gildi í mars með ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar um hækkun sveiflujöfnunarauka úr 2% í 2,5%. Að mati fjármálastöðugleikanefndar var hækkunin til þess fallin að auka enn frekar á viðnámsprótt fjármála-fyrirtækja í ljósi þeirrar áhættu sem byggst hafði upp og gæti raungerst á næstu misserum.

Síðari breytingin var gerð í desember 2024 þegar tveir aðrir eiginfjárukar tóku breytingum. Annars vegar eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis og hins vegar kerfisáhættuauki. Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis hækkaði úr 2% í 3%. Samkvæmt mati fjármálastöðugleikanefndar miðaði hækkunin að því að fanga betur áhættu hagkerfisins vegna stærðar og umfangs kerfislega mikilvægra fjármála-fyrirtækja. Kerfis-áhættuauki lækkaði úr 3% í 2%. Lækkunin byggði á því mati fjármálastöðugleikanefndar að kerfisáhætta hefði minnkað frá því að gildi aukans var fyrst ákveðið árið 2016. Ljóst væri að viðnámspróttur fjármálakerfisins hefði aukist á síðustu árum, sem birst hefði m.a. í minni breytileika helstu hagstærða þrátt fyrir að ýmis áföll hefðu dunið yfir. Þá hefðu ný þjóðhagsvarúðartæki sannað gildi sitt og umgjörð í kringum viðhald fjármálastöðugleika væri nú heilsteyptari en áður. Lækkun kerfisáhættuauka og hækkun eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármála-fyrirtæki hefur í för með sér að heildareiginfjárukrafa á kerfislega mikilvægu bankana þrjá verður nánast óbreytt. Á hinn bóginn mun heildar-eiginfjárukrafan lækka hjá innlánsstofnunum sem ekki teljast kerfislega mikilvægar.

Í júní 2024 var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, þ.e. til viðbótar við lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn hjá kerfislega mikilvægu bönkunum á bilinu 1,8% - 2,5%, sem kemur vel heim og saman við 2,8% óvegið meðaltal ríkja innan ESB,<sup>1</sup> og heildarkrafa um eiginfjárgrunn hjá þeim á samstæðugrunni er á bilinu 19,5% - 20,4%.

Í sama mánuði var birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Kviku banka hf. og nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn fyrir hann 3,6% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn 18,1%. Jafnframt var í janúar 2025 birt niðurstaða úr könnunar- og matsferli hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. sem lokið var við í desember 2024.

Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn fyrir bankans nemur 9,1% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn 22,1%.



## Lausafjárkröfur

Lausafjárkröfur samkvæmt reglum nr. 1520/2022, um lausafjárhlutfall lánastofnana, eru 100% vegna lausafjárhlutfalls fyrir alla gjaldmiðla samtals, 80% fyrir evrur ef skuldbindingar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum, 50% vegna lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum og 100% vegna hlutfalls stöðugrar fjármögnunar í öllum gjaldmiðlum samtals.

Lausafjárhlutföll viðskiptabankanna hækkuðu lítillega á árinu 2024 frá árinu áður. Hlutföll bankanna voru á bilinu 163%-359% í lok árs. Lausafjárhlutföll fyrir íslenskar krónur hækkuðu milli ára en lausafjárhlutföll fyrir evrur sveifluðust almennt meira milli mánaða. Laust fé viðskiptabankanna nam 808 ma.kr. í lok síðasta árs og laust fé umfram kröfur var 356 ma.kr.


Hlutföll stöðugrar fjármögnunar hækkuðu lítillega á árinu 2024 frá árinu áður, en hlutföllin hreyfast að jafnaði lítið. Í upphafi ársins var gerð sú breyting að viðskiptabankar skyldu skila skýrslum um hlutfall stöðugrar fjármögnunar ársfjórðungslega í stað mánaðarlega eins og áður var. Þessi breyting var gerð til samræmis við CRR reglugerðina.

Aðgengi viðskiptabankanna að erlendu fjármagni batnaði þegar leið á árið samhliða hagfelldari aðstæðum á erlendum lánsfjármörkuðum. Vaxtaálag á skuldbréf bankanna í erlendum gjaldmiðlum lækkaði jafnt og þétt yfir árið og í árslok var álagið á svipuðum stað og í byrjun árs 2022.

Á síðasta ári gáfu viðskiptabankarnir út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum fyrir jafnvirði um 273 ma.kr. sem er aukning um 35 ma.kr. frá árinu áður. Samtals hafa kerfislegu mikilvægu bankarnir þrír selt sértryggð


1. EBA report on convergence of supervisory practices in 2023 (EBA/REP/2024/13). Mynd 21.

skuldabréf í evrum fyrir 1.100 milljónir evra á síðustu árum. Skuldabréfin eru á gjalddaga á árunum 2026 til 2028. Þessar útgáfur voru að mestu nýttar í endurfjármögnun á óveðtrygðum skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum sem gefin voru út á óhagstæðum kjörum, auk þess sem bankarnir áttu töluvert af eigin skuldabréfum vegna lausafjárstyringar. Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír gefa nær mánaðarlega út sértrygð skuldabréf í íslenskum krónum og jukust útistandandi bréf í krónum um rúma 11 ma.kr. frá árslokum 2023 og námu 565 ma.kr. í árslok 2024



### Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka

Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka var ágæt á árinu 2024. Samanlagður hagnaður eftir skatta nam 87,9 ma.kr. sem er hækkun frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 83,5 ma.kr. Arðsemi eigin fjár var 12,1% að meðaltali árið 2024 samanborið við 12,2% árið 2023. Grunnrekstur var ásættanlegur en hreinar vaxtatekjur stóðu nánast í stað á milli ára, hreinar þóknatekjur lækkuðu lítillega og kostnaðarhlutfall hækkaði um 0,9 prósentur frá fyrra



ári í 39,5%. Verðtryggingamisvægi bankanna jókst um 347 ma.kr. á árinu 2024 og nam 641 ma.kr. í árslok.

### Sjálfbærniáhætta

Eins og árið áður var lagt var mat á sjálfbærniáhættu viðskiptabankanna í árlegu könnunar- og matsferli. Var sjálfbærniáhætta áfram meðhöndluð eins og aðskilinn áhættuþáttur þótt stefnt sé að því að mat á sjálfbærniáhættu verði hluti af mati einstaka áhættuþátta.

Matið var byggt á verklagi sem fjármálaeftirlitið hefur mótað. Það grundvallast á því að leggja mat á eðlislæga áhættu sem viðskiptabankarnir standa frammi fyrir ásamt því að leggja mat á stýringu áhættuþátta. Í kjölfarið voru viðskiptabönkunum sendar ábendingar.

Að mati fjármálaeftirlitsins eru ekki vísbendingar um að viðskiptabankarnir standi frammi fyrir verulegri sjálfbærniáhættu. Viðskiptabankarnir eru útsettir fyrir umbreytingaráhættu, sem þeirra eigin mælingar á fjármagnaðri losun staðfesta og þar sem íslenskt atvinnulíf byggist að töluverðu leyti á nýtingu náttúrunnar er umhverfisáhætta einnig til staðar.

Þekking á þessum málaflokki er að aukast innan bankanna og er greining sjálfbærniáhættu hjá einstökum viðskiptamönnum jafnframt að verða fyrirferðarmeiri. Aftur á móti má bæta greiningu áhættuþátta sem geta haft veruleg áhrif á banka og tengja betur þá þætti sem bankarnir eru að mæla við áhættu, t.d. fjármagnaða losun.

Við stýringu sjálfbærniáhættu var stundum verið að blanda sama þeim áhrifum sem hlutaðeigandi banki hefur á umhverfi sitt og þeirri áhættu sem hann stendur frammi fyrir, en það er sá þáttur sem fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Jafnframt var sjaldnast búið að skilgreina aðgerðir sem banki myndi íhuga að grípa til kæmu upp tiltekna aðstæður, t.d. ef skilgreindur áhættumæliskvarði gæfi til kynna verulega áhættu.

Regluverk um áhættuþáttinn heldur áfram að þróast og gaf EBA nýlega út viðmiðunarreglur um eftirlit með sjálfbærniáhættu (EBA/GL/2025/01) sem verða innleiddar í eftirlitsframkvæmd fjármálaeftirlitsins.

### Evrópusamstarf

Samstarf við EBA hefur áhrif á reglubundið eftirlit með fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en áherslur EBA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins. Þá er laga- og regluverk á bankamarkaði undirbúið og unnið á vettvangi EBA og fylgist fjármálaeftirlitið grannt með þeirri vinnu, meðal annars með þátttöku í vinnuhópum og nefndum stofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið tekur einnig þátt í ýmiss konar samstarfi við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin tengdu fjármálaeftirliti.

## Hæfismat og virkir eignarhlutir

### Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum. Auk þess getur fjármálaeftirlitið tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi gildandi hæfisskilyrðum laga og reglna á hverjum tíma.

Í hæfismati stjórnarmanna eru aðsend gögn metin og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð nánar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal

Tafla 1 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Tegund eftirlitsskyldra aðila	Fjöldi
Viðskiptabankar	10
Sparisjóðir	11
Lánafyrirtæki	11
Verðbréfafyrirtæki	10
Greiðslustofnanir	1
Rafeyrisfyrirtæki	2
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	4
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	3
Vátryggingafélög	19
Lífeyrissjóðir	48
Gjaldeyrissþjónusta	2
Verðbréfamiðstöð	1
Samtals	122

Tafla 2 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2022	2023	2024
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem fóru í hæfismat	97	100	122
Fjöldi þeirra sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal	2	4	6

er meðal annars horft til tegundar, stærðar og umfangs rekstrar hins eftirlitsskylda aðila og þess hvort vafi leiki á að hlutaðeigandi stjórnarmaður fullnægi skilyrðum laga og reglna um nægilega þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í tilfelli framkvæmdastjóra fer ávallt fram munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra er sérstaklega könnuð auk þess sem lagt er mat á aðsend gögn.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 122 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu

2024. Eins og fyrri ár sneri meginhluti hæfismatanna að stjórnarmönnum. Af þessum 122 stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum var 51 boðaður í munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra var könnuð sérstaklega og voru 14 þeirra boðaðir í endurtekið hæfismat. Af þessum 14 voru sex einstaklingar sem annaðhvort stóðust ekki hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal.

### Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í eftirlitsskyldum aðila sem nemur 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi eftirlitsskylds aðila.

Á árinu 2024 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í 15 eftirlitsskyldum aðilum.

Bakkagarður ehf., og aðili því tengdur, voru metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í ACRO verðbréfum hf., sbr. lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Komist var að þeirri niðurstöðu að Arctica Eignarhaldsfélag ehf., og aðilar tengdir því, væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í A/F Rekstrarfélagi hf. (nú Arctica sjóðir hf.), sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja var metinn hæfur til að fara með aukinn virkan eignarhlut í Jöklu-Verðbréfum hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga. Félagið Target Global Holding Ltd., og aðilar tengdir því, voru metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í Rapyd Europe hf., sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að Kaðall ehf., og aðilar tengdir því væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í ALM Verðbréfum hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga.

Í tengslum við kaup Landsbankans hf. á TM tryggingum hf. voru bankinn og Bankasýsla ríkisins, f.h. ríkissjóðs, metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu og dótturfélögum þess, TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf., sbr. lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi.

Í tengslum við kaup Vátryggingafélags Íslands hf. (nú Skagi hf.) á Íslenskum verðbréfum hf. var vátryggingafélagið metið hæft til að fara með virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtækinu og dótturfélagi þess ÍV sjóðum hf., sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Á grundvelli

sömu laga var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins samhliða metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í félögunum tveimur. Auk þess var hann metinn hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Fossum fjárfestingarbanka hf. og dótturfélagi hans Glym hf. (nú AXUM Verðbréf hf.), sbr. lög um fjármálafyrirtæki og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Samhliða starfsleyfisveitingu VÍS trygginga hf. voru Vátryggingafélag Íslands hf. og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Jafnframt var komist að þeirri niðurstöðu að VÍS tryggingar hf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Líftryggingafélagi Íslands hf., sbr. sömu lög.

Við sölu Vátryggingafélags Íslands hf. á Glym hf. voru félögin Fjárhús ehf. og aðili því tengdur og Uppi ehf. og aðili því tengdur, metin sameiginlega hæf til að fara með virkan eignarhlut í rekstraraðilanum, sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Jafnframt voru Guðrún Una Valsdóttir og Jin ehf. og aðili því tengdur, metin sameiginlega hæf til að fara með virkan eignarhlut í SIV eignastýringu hf., sbr. lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Síðar voru félögin RHA ehf. og aðili því tengdur og Szabó ehf. og aðili því tengdur, sameiginlega metin hæf til að fara með aukinn virkan eignarhlut í rekstraraðilanum, sbr. sömu lög.

## Eftirlit með vátryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með vátryggingafélögum og öðrum aðilum sem dreifa vátryggingum. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri vátryggingafélaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Framkvæmdar eru greiningar á helstu áhættuþáttum í þróun á markaði auk þess sem fylgst er náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt, að starfs-hættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripni sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat vátryggingafélaga (ORSA) tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Í lok árs 2024 störfuðu fjögur skaðatryggingafélög og fjögur líftryggingafélög á grundvelli starfsleyfis sem veitt var af fjármálaeftirlitinu. Að auki var eitt endurtryggingafélag sem vinnur að uppgjöri eldri skuldbindinga og Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) sem er ríkisstofnun og starfar á grundvelli sérлага. Níu vátryggingamiðlanir hafa starfsleyfi frá fjármálaeftirlitinu og fjöldi vátryggingafélaga og vátryggingamiðlara á EES hefur tilkynnt um starfsemi hérlandis. VÍS tryggingar hf. hlaut starfsleyfi 23. desember 2024 og var vátryggingastofn Vátryggingafélags Íslands hf. fluttur til VÍS trygginga hf. 1. janúar 2025.

### Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með vátryggingafélögum snýr m.a. að því að fylgjast með gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta fjárhagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið

fer yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra, ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og endurskoðendur félaganna. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu sem snýr að rekstri vátryggingafélaga, í samræmi við [almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis fjármálaeftirlitsins með vátryggingafélögum](#). Samstarf við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) er mikilvægur hluti af reglubundnu eftirliti með vátryggingafélögum, en áherslur EIOPA endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk þess sem laga- og regluverk á vátryggingamarkaði er unnið hjá EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

Á árinu 2024 var lögð áhersla á eftirlit með þáttum í upplýsingatækni vátryggingafélaga hvað varðar skipulag og stjórnun upplýsingatækni- og öryggisáhættu og fleiri þætti. Sértæk þemaathugun sem miðaði að því að leggja mat á skilvirkni og starfsemi stjórnna og undirnefnda stjórnna þvert á innlandan vátryggingamarkað var framkvæmd á árinu 2024. Athugunin fólst m.a. í rýni á stefnuskjölum stjórnna, fundargerðum stjórnna og undirnefnda auk sjálfsmata og árangursmata stjórnna og undirnefnda. Þá voru tekin viðtöl við stjórnarmenn í tengslum við athugunina. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri þar sem við átti og farið fram á viðeigandi úrbætur.

### Breytingar á regluverki

Á vettvangi ESB hefur verið unnið að tveimur stórum löggjafarverkefnum sem varða vátryggingamarkað sérstaklega. Þessar tilskipanir munu verða innleiddar á næstu tveimur árum í ESB og þarf að huga að innleiðingu þeirra hér á landi þegar þær verða teknar upp í EES-samninginn.

Annars er vegar um að ræða breytingar á tilskipun 2009/138/EB (Solvency II) sem innleidd er með lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, og lögum nr. 60/2017, um váttryggingasamstæður. Breytingarnar byggjast á reynslunni af Solvency II regluverkinu sem tók gildi 1. október 2016 og nýjum áherslum í eftirliti. Meðal annars er í breytingunum lögð áhersla á fjármála-stöðugleika, sjálfbærniáhættu og aukna möguleika til eftirlits með váttryggingafélögum sem starfa yfir landamæri.

Hins vegar er um að ræða tilskipun um endurreisn og skilameðferð váttryggingafélaga (Insurance Recovery and Resolution Directive, IRRD) sem birt var í stjórnartíðindum ESB 8. janúar 2025. Í tilskipuninni eru settar fram samræmdar reglur til að tryggja að yfirvöld geti brugðist hratt og skilvirkt við fjárhagslegum erfiðleikum váttryggingafélaga, verndað hagsmuni váttryggingataka og viðhaldið fjármálastöðugleika. IRRD leggur áherslu á undirbúning, snemmbúna íhlutun og samræmd viðbrögð við hugsanlegum áföllum, sem á að lágmarka þörfina á opinberum björgunaraðgerðum.

### Umsvif erlendra váttryggingafélaga

Váttryggingafélögum með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum innan EES er heimilt að selja váttryggingar og endurtryggingar hér á landi í gegnum útibú eða án starfsstöðvar. Fjöldi erlendra váttryggingafélaga hefur tilkynnt um veitingu þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar. Stærsti hluti þeirra iðgjalda sem greidd eru erlendum váttrygginga-

félögum er vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum og öðrum líf- og heilsutryggingum. Upplýsingar um sölu váttryggingafélaga með starfsleyfi í öðrum ríkjum EES á Íslandi er aflað í gegnum EIOPA. Bókfærð iðgjöld erlendra váttryggingafélaga á árinu 2023 námu 29,5 ma.kr. Stærstur hluti þeirra iðgjalda var vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum og námu þau 20,1 ma.kr. Fjárhæð iðgjalda vegna ársins 2024 liggur enn ekki fyrir. Iðgjöld vegna lífeyristrygginga eru einkum til erlendra líftryggingafélaga sem bjóða viðbótartryggingavernd á grundvelli 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### Vettvangsathuganir

Hluti af eftirliti með váttryggingafélögum er að leggja mat á það hvort félögin fullnægi kröfum til váttryggingaskuldar. Á árinu 2024 var lokið við vettvangsathugun hjá Váttryggingafélagi Íslands hf. (nú Skagi hf.) þar sem mat var lagt á forsendur, aðferðir og ferli við útreikninga á váttryggingaskuld félagsins ásamt því hvernig framkvæmd verkefna starfssviðs tryggingastærðfræðings væri háttað.

Jafnframt var á árinu lokið við vettvangsathugun hjá Verði tryggingum hf. þar sem markmið athugunarinnar var að fá yfirsýn yfir verklag og viðbúnað varðandi upplýsingatæknikerfi hjá félaginu. Í athuguninni var sérstaklega horft til umsjónar með rekstri tölvukerfa og gagnaöryggis.

## Rammagrein 3

### Starfsleyfi og önnur leyfismál

#### Starfsleyfismál

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlitsins er að afgreiða umsóknir fyrirtækja, og í sumum tilvikum einstaklinga, um leyfi til að starfa á fjármálamarkaði. Slík verkefni geta verið umfangsmikil og krefjast aðkomu sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Nokkuð var um breytingar tengdar starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2024:

- Í tengslum við breytingar á samstæðu Váttryggingafélags Íslands hf. (nú Skagi hf.) fékk dótturfélag þess, VÍS tryggingar hf., starfsleyfi sem váttryggingafélag, sbr. lög nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Félaginu

er heimilt að stunda frumtryggingastarfsemi í öllum greinaflokkum váttrygginga, að undanskildum greiðsluváttryggingum. Auk þess er félaginu heimilt að stunda endurtryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum. Í tengslum við starfsleyfisveitinguna var váttryggingastofn Váttryggingafélags Íslands hf. færður yfir til VÍS trygginga hf. að undangengnu lögboðnu ferli þar um. Miðaðist yfirfærslan við 1. janúar 2025.

- Samrunar Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. við Sparisjóð Höfðhverfinga hf. og Sparisjóðs Strandamanna ses. við Sparisjóð Strandamanna hf. voru samþykktir. Með samrununum var rekstrarformi sparisjóðanna breytt úr



sjálfseignarstofnun í hlutafélag, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Við breytinguna héldu starfsleyfi sparissjóðanna gildi sínu og tóku Sparissjóður Höfðhverfinga hf. og Sparissjóður Strandamanna hf. við rekstri sjálfseignarstofnananna, öllum eignum þeirra og skuldum, réttindum og skuldbindingum og skyldi sjálfseignarstofnunum slitið.

- Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar sameinaðist Brú, lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við sameininguna var stofnuð sérstök deild sem heitir R en þar verður haldið utan um rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar hins yfirtekna lífeyrissjóðs.
- Rafeyrisfyrirtækið Monerium EMI ehf. sameinaðist móðurfélagi sínu Monerium ehf. sem tók yfir allar eignir þess og skuldir, réttindi og skyldur, þ.m.t. starfsleyfi þess sem rafeyrisfyrirtæki, sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. Miðaðist samruninn við 1. janúar 2024.
- Stakkur Rekstrarfélag ehf. var skráð sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá var starfsleyfi Gamma Capital

Management hf., sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, afturkallað að beiðni félagsins, sbr. sömu lög.

- Félagið PROSEGUR CHANGE ICELAND ehf. var skráð sem veitandi gjaldeyrisskiptaþjónustu, sbr. lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Innheimtuleyfi Orkuveitu Reykjavíkur og Símans hf. voru felld niður eftir að félagin höfðu afsalað sér leyfunum, sbr. innheimtulög, nr. 95/2008.

#### Leyfisskyld starfsemi stunduð án leyfis

Fjármálaeftirlitið hefur frumkvæðisskoðanir á starfsemi fyrirtækja sem hugsanlega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar og fær jafnframt ábendingar þess efnis. Á árinu 2024 var starfsemi 23 aðila til skoðunar, þar af var skoðun á starfsemi 13 aðila ólokið frá árinu 2023. Af þessum skoðunum hófust 16 að frumkvæði fjármálaeftirlitsins og 7 í kjölfar ábendinga. Af þeim málum sem voru til skoðunar er 12 þeirra lokið. Niðurstaða þeirra allra var sú að ekki hafi verið stunduð leyfisskyld starfsemi án leyfis. Enn er skoðun á starfsemi 11 aðila ólokið sem stefnt er að því að ljúka á árinu 2025.

## Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sértækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind. Fylgst er með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að starfsþættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna stjórnendur og lykilstarfsmenn.

Á árinu 2024 voru starfandi 20 lífeyrissjóðir sem veittu móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og fækkaði þeim um einn á árinu. Af þeim voru 13 lífeyrissjóðir sem buðu upp á valfrjálstan séreignarsparnað í 44 deildum. Þá voru starfandi fimm innlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með samtals 31 deild, auk þriggja erlendra váttryggingafélaga sem buðu upp á séreignarsparnað í formi lífeyristrygginga.

#### Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítinu við lög og reglur sem og mat á áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið metur áhættuþætti sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Við matið eru einkum lagðar til grundvallar upplýsingar sem fengnar eru úr reglubundnum gagnaskilum, viðtölum við framkvæmdastjóra, tryggingastærðfræðinga, áhættustjóra, innri endurskoðanda og stjórnarmenn þeirra, ásamt niðurstöðum sértækra eftirlitsverkefna.

#### Vettvangsathuganir

Á árinu 2024 hófst vettvangsathugun hjá einum lífeyrissjóði þar sem markmiðið var að kanna stýringu hans á rekstraráhættu en athuguninni var ólokið í árslok.

#### Samþykktarbreytingar lífeyrissjóða

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið svo á að allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skuli tilkynna ráðherra og að þær öðlist ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og

ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2024 veitti fjármálaeftirlitið umsagnir um ellefu breytingar á samþykktum lífeyrissjóða. Breytingarnar vörðuðu meðal annars sameiningu Brúar lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, aðlögun samþykktu að breyttri löggjöf, fjölda nefndarmanna í endurskoðunarnefnd, og fyrirkomulag stjórnarkjörs.

### Staðfesting Hæstaréttar á lögmæti breytinga á samþykktum LIVE

Í árslok 2020 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjar dánar- og eftirlifendatöflur þar sem settar voru fram formúlur sem spáðu dánarlíkum aldurshópa ár hvert næstu 20 árin. Byggt var á lækun dánartíðni milli ára síðustu árin og gert ráð fyrir að hún héldi áfram óbreytt um skeið en minnkaði síðan.

Samkvæmt reglugerð nr. 391/1998, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eiga lífeyrissjóðirnir við mat á dánar- og lífslíkum sjóðfélaga að nota dánar- og eftirlifendatöflur sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra. Ráðherra staðfesti nýju töflurnar í desember 2021. Nýju töflurnar höfðu neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu allra lífeyrissjóða og kusu sumir þeirra að bregðast við breyttri spá með því m.a. að umreikna áunnin réttindi sjóðfélaga í sameignardeildum þannig að mánaðarlegar greiðslur lækkuðu mismikið eftir aldri. Undirliggjandi var þar mat lífeyrissjóðanna að ævi yngri sjóðfélaga myndi lengjast meira en þeirra sem eldri eru. Í lögbundinni umsögn fjármálaeftirlitsins var lagt til að ráðuneytið staðfesti ekki breytingar á samþykktum sumra lífeyrissjóðanna í ljósi þess að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna kallaði ekki á að gera þyrfti breytingar á áunnum réttindum.

Sjóðfélagi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LIVE), lét reyna á gildi samþykktabreytinga LIVE fyrir dómstólum og féll dómur í Hæstarétti 27. nóvember 2024. Hæstiréttur fjallaði nokkuð um lagastoð skerðinganna og vísaði m.a. til þess að lífeyrissjóðnum hefði borið að taka mið af nýjustu dánar- og eftirlifendatöflum við mat á lífslíkum sjóðfélaga við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Hæstiréttur vísaði m.a. til þess að samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 skyldi hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris, metin í samræmi við 24. gr. laganna, ásamt núvirði framtíðariðgjalds vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Að mati dómsins höfðu nýju dánar- og eftirlifendatöflurnar svo mikil áhrif á tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins að rétt var að bregðast við með endurskoðun á áunnum réttindum.

Hæstiréttur fjallaði loks um ólíkar leiðir sem lífeyrissjóðurinn hefði getað farið til að mæta auknum framtíðarskuldbindingum. Taldi hann að sú leið sem sjóðurinn fór, að umreikna réttindi eftir aldurshópum, hefði verið málefnaleg og standast kröfur um meðalhóf. Þá taldi Hæstiréttur að sjóðurinn hefði ekki brotið gegn jafnræði sjóðfélaga með mismikilli lækun á áunnum mánaðarlegum ellilífeyri eftir fæðingarári. Var lífeyrissjóðurinn því sýknaður af kröfum sjóðfélagans. Staðfesti því dómurinn svigrúm lífeyrissjóða til að breyta áunnum réttindum í kjölfar breyttra forsendna.

### Stjórnarhættir, rekstraráhætta og útvistun

Eins og fyrri ár voru athuganir á stjórnarháttum lífeyrissjóða fyrirferðarmiklar í eftirliti fjármálaeftirlitsins á árinu 2024. Áhersla var lögð á að leggja mat á skilvirkni og starfsemi stjórnar og endurskoðunarnefndar. Einnig voru sjálfsmöt og árangursmöt rýnd, ásamt verklagi við mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri þar sem við átti vegna framangreindra athugana.

Farið var í athugun á tilteknum þáttum rekstraráhættu hjá sex lífeyrissjóðum á árinu 2024. Kallað var eftir frávíkaskrá og verklagsreglum um frávik til þess að meta hvort umgjörð frávíka væri ásættanleg. Áhættu- og áhættustýringarstefnur voru rýndar, ásamt því að skoða hvort viðkomandi lífeyrissjóðir hefðu viðeigandi viðbúnaðaráætlanir.

### Beint ráðningarsamband framkvæmdastjóra við lífeyrissjóði

Á árinu 2022 var lífeyrissjóðum tilkynnt með dreifibréfi um breytta stjórnásluframkvæmd þar sem fjármálaeftirlitið hygðist gera kröfu um beint ráðningarsamband á milli framkvæmdastjóra og lífeyrissjóðs. Á árinu 2024 lauk málinu og hafa allir lífeyrissjóðir sem útvista rekstri sjóðsins til þriðja aðila staðfest beint ráðningarsamband framkvæmdastjóra við viðeigandi lífeyrissjóð.

### Útlánaáhætta

Athugun var gerð á verklagi og verðlagningu við veitingu sjóðfélagalána hjá fjórum lífeyrissjóðum. Í ljós kom að verklag og verkferlar sjóðanna við vaxtaákvörðun eru viðunandi.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á umgjörð í kringum fasteignaveðtryggð sjóðfélagalán á síðari hluta árs 2024. Úttektin miðar að yfirferð á innviðum er lúta að ferli við lánveitingu, vanskilum og útvistun hjá fjórum lífeyrissjóðum. Einnig er kannað hvort sjóðirnir hafi skrásetta ferla og innri reglur er snúa að sjóðfélagalánnum. Athuguninni er ólokið.

## Lágmarkstryggingavernd

Á árinu 2024 hófst athugun á nægjanleika svokallaðs lífeyrisaukasjóðs hjá lífeyrissjóði og lauk þeirri athugun í lok ársins 2024. Í ljósi breytinga sem höfðu verið gerðar á samþykktum sjóðsins í millitíðinni og breytinga sem gerðar höfðu verið á áunnum réttindum taldi fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til athugasemda.

Einnig var gerð athugun á innra eftirliti og skjalfestum eftirlitsferlum hjá lífeyrissjóði vegna villu sem kom upp varðandi tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Niðurstaða athugunarinnar var sú að sjóðurinn tæki skjalfest eftirlitsferli sín til endurskoðunar.

## Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið vann að áhættumati lífeyrissjóðanna á sjálfbærniáhættu á árinu. Úttektin takmarkaðist við

loftslagsáhættu sem hlutmengi við sjálfbærniáhættu. Lagt var mat á stýringu sjóðanna á loftslagsáhættu, stjórnskipulagi, eftirliti og skýrslugjöf sem því tengdist. Haldinn var kynningarfundur meðal lífeyrissjóðanna á helstu niðurstöðum úttektarinnar. Niðurstaða úttektarinnar var birt á vefsíðu Seðlabankans í janúar 2025.

## Sérrit um lífeyrismál

Í október 2024 gaf Seðlabankinn út sérrit (umræðuskýrslu) um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf lífeyrissjóða. Tilgangur skýrslunnar var að vera innlegg í umræðuna um nauðsynlega stefnumótun til framtíðar fyrir lífeyriskerfið. Í kjölfar útgáfunnar voru haldnir kynningar- og umræðufundir með hagaðilum á lífeyrismarkaði. Nánar er fjallað um umræðuskýrsluna í rammagrein á þessari blaðsíðu.

## Rammagrein 4

### Umræðuskýrsla um lífeyrissjóði

Í október gaf Seðlabanki Íslands út sérrit um [umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði](#). Sérritin var fylgt úr hlaði með fundi fulltrúa Seðlabankans með forsvarsmönnum lífeyrissjóðanna í Safnahúsinu.

Tilgangur sérritsins er að hvetja til umræðu og vera grundvöllur yfirstandandi stefnumótunar fyrir lífeyriskerfið í landinu. Óhætt er að fullyrða að þessu markmiði hafi verið náð því fjölmiðlar fjölluðu talsvert um þær hugmyndir sem fram komu í skýrslunni. Þá hafa líflegar umræður átt sér stað í kjölfarið á fundum og í fjölmiðlum þar sem forsvarsmenn lífeyrissjóða hafa lýst afstöðu sinni til hugmynda Seðlabankans.

Í sérritinu er reifað hversu stórir lífeyrissjóðirnir eru á íslenskum fjármálamarkaði. Eignir lífeyrissjóðanna hafa tífaldast frá aldamótum og námu 7.710 milljörðum króna í árslok 2023, sem er um 184% af landsframleiðslu. Lífeyrissjóðum hefur á sama tíma farið fækkandi og fara nú þrjár stærstu þeirra með um helming eignanna og þeir 15 stærstu með 97% eignanna. Aukinni samþjöppun fylgir stærðarhagkvæmni en um leið ákveðin úrlausnarefni, meðal annars með tilliti til þess hvernig farið er með stjórn lífeyrissjóða og að hversu miklu leyti þeir eigi að beita sér sem hluthafar í fyrirtækjum. Þá er í sérritinu gerð ítarleg greining á fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna, þörf þeirra á erlendra fjárfestingu og mögulegum áhrifum á greiðslujöfnuð sem þær gætu haft.

Sú hugmynd Seðlabankans að samræma kröfur til lífeyrissjóðanna, eftir því sem við gæti átt, við lagakröfur

sem nú eru almennt gerðar til aðila á fjármálamarkaði er gegnumgangandi í sérritinu. Þannig ættu sambærilegar kröfur hvað varðar stjórnarhætti að gilda um lífeyrissjóði og aðra stóra aðila á fjármálamarkaði. Gera ætti ríkari kröfur til innra eftirlits lífeyrissjóðanna auk þess sem Seðlabankinn telur rétt að færa tiltekin verkefni tengd lífeyrissjóðunum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu til Seðlabankans.

Í sérritinu er sérstök umfjöllun um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna með áherslu á magnbundnar takmarkanir. Seðlabankinn leggur þar til að minnka eða afnema magnbundnar takmarkanir, en láta svonefnda skynsemisreglu (e. prudent person principle) frekar ráða fjárfestingarákvörðunum sjóðanna. Seðlabankinn telur að magnbundnar takmarkanir gætu staðið í vegi fyrir skynsamlegum fjárfestingum, auk þess sem slíkar takmarkanir tækju ekki mið af því að áhættusnið lífeyrissjóðanna væri ólíkt.

Af opinberri umræðu að dæma má draga þá ályktun að vel sé tekið í ýmsar hugmyndir Seðlabankans. Sem dæmi má nema að nokkuð breið samstaða virðist hjá lífeyrissjóðunum um hugmyndir Seðlabankans um að gera skynsemisregluna ráðandi við fjárfestingar. Þá virðist almennur vilji til að auka upplýsingagjöf til sjóðfélaga um réttindi í samtryggingadeildum, skýra regluverk um tilgreinda séreign og yfirfara ákvæði um breytingar á réttindum, svo fáein dæmi séu tekin. Aðrar tillögur Seðlabankans virðast umdeildari, svo sem um viðurlagaheimildir til handa Seðlabankanum.



## Viðurlagamál og dómsmál

### Málum sem lauk með viðurlögum

Á árinu 2024 lauk Seðlabanki Íslands tveimur málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Í sátt felst að málsaðili gengst við að hafa brotið gegn ákvæðum laga, reglna eða ákvörðunum fjármálaeftirlitsins og upplýsir að fullu um brotið. Enn fremur getur sátt verið bundin skilyrðum um að málsaðili taki á sig ákveðnar skuldbindingar, t.a.m. um greiðslu sektarfjárhæðar og/eða að málsaðili ráðist í aðgerðir í samræmi við úrbótakröfur fjármálaeftirlitsins. Gagnsæistilkynningar vegna málanna tveggja hafa verið birtar á vef Seðlabankans. Gerð er nánari grein fyrir málunum hér að neðan.

#### Arion banki hf.

Í maí 2024 gerðu Seðlabankinn hf. og Arion banki hf. með sér samkomulag um sátt með greiðslu sektar að fjárhæð 585.000.000 kr. vegna brota bankans gegn þágildandi ákvæðum 5., 7., 10., 13., 15., 21. og 34. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Brot bankans vörðuðu áhættumat hans á starfsemi sinni vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, nafnlaus viðskipti, framkvæmd áreiðanleikakannana á erlendum fjármálafyrirtækjum, framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana, aðgerðir málsaðila í tengslum við viðskipti við áhættusamt ríki og reglubundið eftirlit.

#### Íslandsbanki hf.

Í maí 2024 gerðu Seðlabankinn hf. og Íslandsbanki hf. með sér samkomulag um sátt með greiðslu sektar að fjárhæð

570.000.000 kr. vegna brota bankans gegn ákvæðum 5., 10., 13. og 15. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Brot bankans vörðuðu áhættumat hans á starfsemi sinni vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, framkvæmd áreiðanleikakannana, framkvæmd áreiðanleikakannana hjá erlendum fjármálafyrirtækjum, framkvæmd aukinna áreiðanleikakannana og reglubundið eftirlit með viðskiptum og viðskiptamönnum, þ.m.t. skráningu og rekjanleika reiðufjárviðskipta.

### Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum

#### Síminn hf.

Í október 2023 tók Seðlabankinn ákvörðun um að leggja stjórnvaldssekt á Símann hf. að fjárhæð 76.500.000 kr. vegna brota félagsins gegn áðurgildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, með því að hafa ekki birt eins fljótt og auðið var innherjaupplýsingar í tengslum við sölufæri félagsins á dótturfélaginu Mílu ehf. Símann hf. höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógildingar ákvörðunarinnar og til vara að stjórnvaldssektin yrði felld úr gildi eða hún lækkuð verulega. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. desember 2024, í máli nr. E-598/2024, var Seðlabankinn sýknaður og stjórnvaldssektarákvörðun hans staðfest. Símann hf. hefur áfrýjað dómi héraðsdóms til Landsréttar.

## Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Eftirlit með viðskiptaháttum og fjárfesta- og neytendavernd hjá fjármálaeftirlitinu hefur á síðastliðnum árum einkum beinst að upplýsingagjöf, ráðstöfunum vegna hagsmunaárekstra, flokkun viðskiptavina, skráningu og varðveislu á símtalsupptökum og rafrænum samskiptum og afurðastýringarferlum. Meginreglur um viðskiptahætti í löggjöf á fjármálamarkaði fela í sér skyldu

eftirlitsskyldra aðila til að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku með trúverðugleika og heilleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Þá skulu þeir jafnframt starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti sem Seðlabanki Íslands hefur sett reglur um til að útfæra nánar skyldur eftirlitsskyldra aðila á því sviði. Sterk neytendavernd ýtir undir traust á fjármálamarkaði og eftirlitsskyldum aðilum.

Fjármálaeftirlitið vinnur áfram að því að móta áhættumiðaða nálgun í eftirliti með viðskiptaháttum og málefnum fjárfesta og neytenda. Markmið fjármálaeftirlitsins er að athygli þess beinist fyrst og fremst að starfsháttum, annmörkum og áhættum sem hugsanlega geta valdið neytendum og fjárfestum tjóni. Stór þáttur í að bera kennsl á áhættur og vandamál á fjármálamarkaði er mat og úrvinnsla erinda sem berast frá neytendum og fjárfestum. Þau geta verið í formi ábendinga og fyrirspurna sem vaknað geta í samskiptum við eftirlitsskylda aðila. Lagt er mat á öll erindi sem berast fjármálaeftirlitinu með það í huga hvort til efni sé til frekari athugunar hjá þeim eftirlitsskylda aðila sem ábendingin beinist að.

Seðlabankinn mun á árinu 2025 betrubæta gátt til móttöku á erindum á vefsíðu bankans. Þá er einnig í bígerð endurbætt upplýsingasiða fyrir neytendur sem er sérstaklega sniðin að þörfum þeirra. Þar verður fjallað um helstu gerðir fjármálaafurða og -þjónustu á aðgengilegan hátt og leitast við að veita fræðslu um mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga þegar neytendur sækja sér hvers konar fjármálaþjónustu.

Fjármálaeftirlitið vann að fjölbreyttum eftirlitsaðgerðum á árinu 2024 sem tengjast viðskiptaháttum og málefnum neytenda og fjárfesta.

## Athuganir vegna útboðs Bankasýslu ríkisins

22. mars 2022

Á árinu 2023 var lokið við tvær athuganir á á framkvæmd innlendra sölu- og umsjónaraðila í útboði Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. sem fram fór á vordögum 2022. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að því að ljúka öðrum athugunum vegna sama hlutfjárútboðs.

## Sjálfsmat um hlítني við ákvæði laga um greiðslureikninga

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að greiðsluþjónustuveitendur sem bjóða upp á greiðslureikninga í skilningi laga um greiðslureikninga, nr. 5/2023, svöruðu spurningalista sem fól í sér sjálfsmat á innleiðingu þeirra á skyldum laganna. Framangreint var eitt af áhersluatriðum í eftirliti fjármálaeftirlitsins á liðnu ári. Meðal atriða sem spurt var um var hvort neytendum væri látin í té gjaldskrá og gjaldyfirlit og hvort neytendum væri auðveldað að skipta um greiðslureikning, frá einum greiðsluþjónustuveitanda til annars. Eitt markmið laga um greiðslureikninga er að neytendur hafi aðgengi að almennum greiðslureikningi. Helstu niðurstöður sjálfsmatsins voru teknar saman í dreifibréfi nr. 3/2025, en

það kom í heildina vel út. Greiðsluþjónustuveitendur töldu sig almennt uppfylla skyldur laganna, með þeirri undantekningu að hluti þeirra vann enn að því að innleiða útsendingu gjaldyfirlita. Allir sögðust uppfylla kröfur sem gerðar væru til afhendingar á og aðgengis neytenda að gjaldskrá og sögðu þær vera í samræmi við hugtakalista Seðlabanka Íslands. Hluti greiðsluþjónustuveitendanna sagðist nota sérheiti í gjaldskrá og gjaldyfirliti til viðbótar við stöðluð hugtök. Markmið laga um greiðslureikninga er einnig að draga úr kostnaði fyrir neytendur, en langflestir greiðsluþjónustuveitendanna töldu að skyldur laganna hefðu ekki dregið úr kostnaðinum. Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að reglugerð verði sett um starfsemi samanburðarvefseturs til að gera neytendum kleift að meta og bera saman gjöld vegna greiðslureikninga hér á landi, þar sem gætt er að hlutleysi við framsetningu upplýsinga.

## Sjálfsmat um hlítني við ákvæði laga um afurðastýringu á váttryggingamarkaði

Sjálfsmati var einnig beitt við könnun á hlítني váttryggingafélaga sem framleiða váttryggingaafurðir við skyldur samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2017/2358 sem hefur lagagildi á Íslandi skv. 3. gr. a laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Reglugerðin felur í sér skyldur um afurðastýringu, s.s. afurðasamþykktarferli, skilgreiningu markhóps, prófanir á váttryggingaafurðum, reglulega vöktun og endurskoðun afurða og skilgreiningu dreifileiða. Niðurstöður sjálfsmatsins sýna að heilt yfir telja framleiðendur sig uppfylla skyldur reglugerðarinnar. Fjármálaeftirlitið tók niðurstöðurnar saman í dreifibréfi nr. 9/2025. Í dreifibréfinu er að finna umfjöllun um starfshætti sem fjármálaeftirlitið telur góða framkvæmd hvað varðar framleiðslu váttryggingaafurða. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að neytendur fái vörur sem eru hannaðar með þarfir þeirra í huga og að komið sé í veg fyrir að neytendum séu seldar afurðir sem þeir hafa ekki þörf fyrir. Því má ná ef hugað er að hagsmunum neytenda á líftíma váttryggingaafurða, sérstaklega við hönnun, framleiðslu og markaðssetningu. Einnig þarf að gæta að því að afurðir séu vaktaðar og endurskoðaðar reglulega eftir að dreifing hefst.

Í þeim tilvikum þar sem niðurstöður sjálfsmats gefa til kynna að eftirlitsskyldur aðili sýni ekki fram á fullnægjandi hlítني við viðkomandi löggjöf, getur fjármálaeftirlitið sent aðila ábendingar um atriði sem kalla á frekari skoðun ásamt því að upplýsa um hugsanlega eftirfylgni í formi beiðni um upplýsingar og gögn og ef þörf krefur, sértækrar athugunar.

## Sjálfsmat um hlítu við ákvæði reglna um meðhöndlun kvartana hjá váttryggingamiðlurum

Váttryggingamiðlarar fengu spurningalista með sjálfsmati um hlítu við skyldur um meðhöndlun kvartana samkvæmt 5.-10. gr. reglna nr. 353/2002 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana. Váttryggingamiðlurum ber m.a. að setja sér stefnu um meðhöndlun kvartana og gæta þess að viðeigandi upplýsingar séu birtar á vefsíðum og á starfsstöð. Þá ber váttryggingamiðlurum að tryggja eftirlit með meðhöndlun kvartana. Svör bárust fjármálaeftirlitinu undir lok árs 2024 og er nú unnið að greiningu svaranna.

## Gagnaöflun um kostnað og framsetningu upplýsinga um gjaldeyrisálag

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum um kostnað í formi gjaldeyrisálags frá útgefendum greiðslukorta á Íslandi og hvernig upplýsingagjöf um kostnaðinn væri háttað. Upplýsingabeidnin var gerð á grundvelli laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu, nánar tiltekið ákvæða 53. og 54. gr. um upplýsingagjöf og skilmála þjónustu í tengslum við greiðslur sem falla undir rammisamning. Í skýrslu starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra um gjalddöku og arðsemi íslensku bankanna sem kom út árið 2023 kom m.a. fram að kostnaður vegna gengisálags á kortafærslur fæli í sér dulinn kostnað fyrir neytendur og næmi háum fjárhæðum árlega. Á meðan upplýsingaöflun fjármálaeftirlitsins stóð og í kjölfar hennar gerðu nokkrir útgefendur breytingar á framsetningu upplýsinga um kostnað vegna gengisálags. Fjármálaeftirlitið taldi ekki tilefni til frekari aðgerða, en eftirlitið hefur sett fram fræðslufni um gengisálag og sambærileg gjöld og upplýsingagjöf þar að lútandi á vefsíðu Seðlabankans, í formi spurninga og svara.

## Gagnaöflun hjá lífeyrissjóðum um nýtingu heimildar til að bjóða tilgreindra séreignar

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir upplýsingum frá lífeyrissjóðum um hvort þeir byðu upp á að ráðstafa allt að 3,5% iðgjalds til tilgreindrar séreignar, en með breytingum á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem gerðar voru árið 2022 var lífeyrissjóðum heimilt að kveða á um slíka ráðstöfun án tillits til þess hvort kveðið væri á um það í kjarasamningum. Í svörum kom fram að tæpur þriðjungur lífeyrissjóða bjóði upp á að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi til tilgreindrar séreignar, en hluti þeirra sjóða sem gerðu það ekki höfðu í hyggju að breyta samþykktum í þá veru. Fjármálaeftirlitið taldi ekki tilefni til frekari aðgerða í tilefni af gagnaöfluninni.

## Vettvangsathuganir

Á árinu lauk vettvangsathugun hjá Verði tryggingum hf. þar sem kannað var hvort eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir væru viðhafðir við dreifingu félagsins á váttryggingarafurðum.

## Önnur mál á sviði viðskiptahátta

### Upplýsingar um afturköllun starfsleyfis NOVIS

Líkt og fjallað var um í ritinu *Fjármálaeftirlit* á síðasta ári afturkallaði Seðlabanki Slóvakíu (NBS) starfsleyfi slóvakíska váttryggingafélagsins NOVIS í júní 2023. Með afturkölluninni var NOVIS óheimilt að stunda váttryggingastarfsemi, að undanskilinni nauðsynlegri starfsemi til að framfylgja kröfum og uppgjöri á skuldbindingum. NBS birti fréttatilkynningu um stöðu málsins í mars 2024. Seðlabanki Íslands birti af því tilefni [frétt 11. apríl 2024](#) þar sem athygli var vakin á fyrrgreindri fréttatilkynningu og þeirri óvenjulegu stöðu sem málið væri í sökum þess að slitastjóri hefði enn ekki verið skipaður yfir félaginu þrátt fyrir að langur tími væri þá liðinn frá því að starfsleyfi félagsins var afturkallað.

Í frétt sem var birt 15. janúar 2025 ítrekaði fjármálaeftirlitið óvenjulegu stöðu málsins þar sem slitastjóri hafði enn ekki verið skipaður. Tilefni fréttarinnar var tilkynning EIOPA sem birtist sama dag. Í frétt EIOPA var athygli viðskiptavina NOVIS vakin á hugsanlegri áhættu við áframhaldandi iðgjaldagreiðslur til félagsins og áhrifum af mögulegri skiptameðferð félagsins. Í fréttatilkynningunni kemur m.a. fram að óvissa ríki um hvort og hvenær slitastjóri verði skipaður yfir NOVIS, enda sé enginn lögbundinn frestur fyrir dómstóla í Slóvakíu að skipa slitastjóra, sem geti leitt til þess að hagsmunir þeirra skaðist sem hafa NOVIS samninga í gildi. Í ágúst 2024 hafi dómstóll í Slóvakíu frestað skipun slitastjóra yfir NOVIS þar til að leyst hefur verið úr málaferlum NOVIS gegn NBS um lögmati afturköllunar starfsleyfis félagsins. Því sé nokkur óvissa um hvort og hvenær slitastjóri verður skipaður og getur það leitt til þess að hagsmunir þeirra sem hafa samninga við NOVIS skaðist. Í ljósi alls þessa verði að meta kosti þess að segja upp samningum við NOVIS í samburði við það að halda áfram að greiða til félagsins, en ekki sé hægt að tryggja að greidd iðgjöld til NOVIS fái endurheimt að fullu ef félagið verður sett í slitameðferð. Fréttatilkynninguna má í heild sinni nálgast [hér](#).

Þar sem NBS hefur haft takmarkaðar eftirlitsheimildir gagnvart NOVIS frá afturköllun starfsleyfisins benti Seðlabanki Íslands á í frétt sinni í janúar síðastliðnum að af þeim sökum lægju ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu NOVIS. Því væri ekki hægt að fullyrða að fjárhagsstaða væri nægilega trygg til að mæla með

að váttryggingartakar héldu áfram iðgjaldagreiðslum til félagsins. [Upplýsingasíða Seðlabanka Íslands vegna NOVIS](#) er uppfærð eftir því sem framvinda í máli félagsins gefur tilefni til.

Í fréttinni kom fram að meðal dreifingaraðila sem selt hafa afurðir NOVIS hérlandis er váttryggingamiðlunin Tryggingar og ráðgjöf ehf. Í ljósi upplýsinga sem eru aðgengilegar opinberlega, ýmist í fyrirtækjaskrá Slóvakíu, á heimasíðu NOVIS og í ársreikningaskrá, taldi Seðlabankinn rétt að geta þess að félagið TRBO ehf. hefur haldið á um 4% eignarhlut í NOVIS frá árinu 2018 og að minnsta kosti til ársins 2022, sbr. ársreikning félagsins, en ekki liggja fyrir nýrri upplýsingar.

Eigendur Trygginga og ráðgjafar ehf., sem eru jafnframt ýmist núverandi eða fyrrverandi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar félagsins, eru eigendur TRBO ehf. í gegnum óbeint eignarhald samkvæmt nýjasta fyrirbyggjandi ársreikningi síðarnefnda félagsins. Þá hefur stjórnarmaður Trygginga og ráðgjafar ehf. setið í stjórn (e. supervisory board) NOVIS frá árinu 2022.

### Viðvörðun ESMA um áhættu tengda fjárfestingu í sýndareignum

Fjármálaeftirlitið birti [frétt](#) hinn 20. desember 2024 þar sem athygli neytenda var vakin á viðvörðun ESMA um áhættu tengdar fjárfestingu í sýndareignum. Íslenska

## Rammagrein 6

### Erindi frá almenningi – mikilvægur þáttur í greiningum á viðskiptaháttum

Til að geta viðhaft skilvirkt og árangursríkt eftirlit þarf fjármálaeftirlitið að beita áhættumiðaðri nálgun. Það kallar á greiningu á helstu áhættum og veikleikum á fjármálamarkaðnum til að sjónum eftirlitsins sé beint að þeim sviðum fjármálamarkaðarins sem helst kalla á eftirlitsaðgerðir.

Fjármálaeftirlitið tók á móti 173 erindum í formi ábendinga, kvartana og fyrirspurna frá neytendum á árinu 2024. Þegar um er að ræða kvartanir sem einstaklingar eða lögaðilar vilja koma á framfæri getur fjármálaeftirlitið leiðbeint um hvaða úrræði standa til boða, s.s. eftir því hvort um er að ræða eftirlitsskyldan aðila undir eftirliti fjármálaeftirlitsins á Íslandi eða eftirlitsaðila í öðrum ríkjum EES. Þá eru úrræði einstaklinga eða lögaðila mismunandi eftir tegundum þeirrar starfsemi sem viðkomandi eftirlitsskyldur aðili stundar. Fjármálaeftirlitið hefur ekki úrskurðarvald í einstaka ágreiningsmálum eða sker úr um réttindi og skyldur aðila að einkarétti eða ágreiningi um sönnun málsatvika. Eftir atvikum er neytendum bent á úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Ábendingar og fyrirspurnir einstaklinga og lögaðila geta veitt innsýn í starfsemi eftirlitsskylds aðila og fela þær þar af leiðandi í sér ríkt upplýsingagildi fyrir fjármálaeftirlitið. Með því að greina efni erinda sem berast, getur fjármálaeftirlitið aðlagð áherslur og viðfangsefni athugana sinna, til að mynda ef mikill fjöldi erinda beinist að tilteknum eftirlitsskyldum aðila, þjónustu eða afurð getur það gefið til kynna annmarka í viðskiptaháttum eða í starfseminni að öðru leyti.

Fjármálaeftirlitið móttækur einnig árlega skýrslur frá eftirlitsskyldum aðilum um meðhöndlun kvartana. Þar fást einnig upplýsingar sem nýst geta fjármálaeftirlitinu og haft áhrif á viðfangsefni í athugunum þess.

Með því að nýta bæði innsend erindi til fjármálaeftirlitsins og upplýsingar um kvartanir sem móttæknar eru af eftirlitsskyldum aðilum er hægt að stuðla að árangursríkara og skilvirkara eftirliti. Þetta kallar þó á að almenningur sé meðvitaður um að fjármálaeftirlitið taki við slíkum erindum og geri almenningi jafnframt grein fyrir hvernig þau eru nýtt. Virk umræða um fjármálaþjónustu á samfélagsmiðlum hefur ekki farið fram hjá fjármálaeftirlitinu. Fjöldi erinda sem það móttækur virðist þó ekki alltaf vera í samræmi við umfang umræðunnar. Mikilvægt er að fjármálaeftirlitið veki athygli almennings á gildi þess að koma á framfæri ábendingum um samskipti við eftirlitsskylda aðila ef vísbendingar eru um annmarka á viðskiptaháttum.

Ábendingar um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila nýtast einnig í alþjóðlegu samstarfi. Fjármálaeftirlitið á í ríku samstarfi við aðrar evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði. EBA, EIOPA og ESMA safna reglulega gögnum um kvartanir frá eftirlitsaðilum á EES og nýta þær til greininga á áhættum og veikleikum í fjármálakerfinu í Evrópu. Greiningarnar eru gefnar út í skýrslum sem hægt er að nálgast á vefsíðum stofnananna.

Hægt er að koma erindum á framfæri við fjármálaeftirlitið á [vefsíðu þess](#).

## Viðurlagastefna og reglur um sátt

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands setti á síðasta ári [stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga](#) og [þvingunarúr-ræða](#), en stefnan var samþykkt af fjármálaeftirlitsnefnd 6. júní 2024. Stefnunni er ætlað að tryggja fyrirsjáanleika og jafnræði í beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúr-ræða, en viðurlögum er ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Þá kemur einnig fram að tilgangurinn sé að draga úr líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og jafnframt að stuðla að fjármálastöðugleika og því að fjármálamarkaðurinn njóti trausts almennings. Stefnan er sett á grunni laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og er stefnumótunin nátengd því hlutverki fjármálaeftirlitsnefndar að taka ákvarðanir í málum sem snúa að beitingu viðurlaga. Stefnan tók við af stefnu fjármálaeftirlitsins um beitingu þvingunarúr-ræða og viðurlaga frá 1. október 2015.

Samhliða setti Seðlabankinn [reglur nr. 1234/2024](#) um heimild fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til að ljúka máli með sátt, sem tóku gildi 7. nóvember 2024. Reglunum er ætlað að gera málsmeðferð við gerð sátta gagnsæri en áður og skýra betur réttindi og skyldur málsaðila. Helstu breytingar lúta m.a. að því að skýra betur forræði fjármálaeftirlitsins varðandi hvort sátt komi til álita. Þá kveða nýjar reglur á um 30-50% lækun á fjárhæð stjórnvaldssekta og þau skilyrði sem eru fyrir því að lækun geti numið 50% en þau eru að aðili sýni mikinn samstarfsvilja og óski eftir að ljúka máli með sátt á fyrri stigum eða hafi frumkvæði að því að upplýsa um brot sitt. Loks gera nýjar reglur ráð fyrir því að birting sáttar fari fram svo fljótt sem verða má eftir að sátt liggur fyrir. Samhliða gildistöku nýrra reglna féllu úr gildi reglur nr. 326/2019 um heimild fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Þýðingu viðvörunarinnar er að finna á vef Seðlabankans. Í henni er m.a. tekið fram að fjárfestavernd í væntanlegu regluverki um markaði fyrir sýndareignir, MiCA (Markets in Crypto Assets reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2023/1114), er ekki sambærileg þeirri vernd sem gildir um hefðbundnari fjárfestingakosti. Ekki er til staðar tryggingakerfi fyrir fjárfesta vegna viðskipta við þjónustuveitendur sýndareigna og þá er þeim síðar-nefndu ekki skylt að kanna hvort fjárfestingar í sýndareignum teljist tilhlýðilegar fyrir viðskiptavinum eða láta þeim í té reglulegar upplýsingar um stöðu eigna í vörslu með uppfærðum upplýsingum um virði. Þá er bent á að viðskipti við þjónustuveitendur sýndareigna utan EES falli ekki undir gildissvið MiCA regluverksins og það veiti því fjárfestum enga vernd í þeim tilvikum. Seðlabanki Íslands tekur undir sjónarmið ESMA og hvetur fjárfesta til að kynna sér viðvörunina og MiCA regluverkið vel. Rammagrein um MiCA er að finna á bls. 39.

### Skýrslur evrópsku eftirlitsstofnananna um grænþvott

Fjármálaeftirlitið birti frétt þar sem vakin var athygli á skýrslum EBA, EIOPA og ESMA um grænþvott á fjármálamarkaði. Tilgangur skýrslunnar er að vernda fjárfesta og tryggja heiðarleika markaðarins með því að draga úr grænþvotti. Í skýrslunum er sett fram eftirfarandi skilgreining á hugtakinu grænþvotti: „Starfshættir þar sem sjálfbærnitengdar fullyrðingar, yfirlýsingar,

aðgerðir eða markaðssetning endurspeglar ekki með skýrum og sanngjörnum hætti sjálfbærni lögaðilans, fjármálaafurðar eða fjármálaþjónustu. Slíkir starfshættir geta verið villandi fyrir neytendur, fjárfesta og aðra.“ Sameiginlegur skilningur allra hagaðila á hugtakinu leggur mikilvægan grunn að frekari þróun reglusetninga og eftirlits varðandi grænþvott.

### Veiting undanþága vegna verðbréfaréttinda

Á árinu 2024 voru veittar tvær undanþágur um verðbréfaréttindi vegna starfsmanna eftirlitsskyldra aðila. Ákvæði 3. mgr. 40. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, var um mitt sl. ár breytt á þann veg að fjármálaeftirlitið hefur nú heimild til að veita allt að tólf mánaða frest fyrir viðeigandi starfsmenn eftirlitsskyldra aðila til að öðlast verðbréfaréttindi, í stað sex mánaða áður.

## Eftirlit með verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með verðbréfamarkaði hér á landi, meðal annars í því skyni að stuðla að skilvirkari og öruggari verðbréfamarkaði. Eftirlit fer m.a. fram með viðvarandi eftirliti með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun, en einnig með athugunum á skýrslum



eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Þá hefur fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi Kauphallar Íslands hf. og Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. Eftirlit með útibúi Nasdaq CSD á Íslandi er í höndum eftirlitsstjórnvalda í Lettlandi sem er heimaríki móðurfélagsins en fjármálaeftirlitið er aðili að eftirlitsnefnd með fulltrúum lögbærra yfirvalda Eystrasaltsríkjanna sem fjallar um starfsemi Nasdaq CSD SE verðbréfamiðstöðvarinnar, sem nær til allra þessara ríkja ásamt Íslandi. Eftirlitsnefndin fjallar, auk annarra verkefna, um reglulega endurskoðun forsendna starfsleyfis fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið tekur jafnframt þátt í norrænu samstarfi fjármálaeftirlita varðandi eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum.

### Eftirlit með hegðun á markaði, viðurlagamál o.fl.

Á árinu 2024 hóf fjármálaeftirlitið athugun á 30 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 14 á ábendingum frá Kauphöll Íslands. Flest málanna vörðuðu möguleg markaðssvik. Af málum sem voru til athugunar var 34 lokið á árinu og líkt og fyrri ár lauk flestum þeirra án frekari aðgerða, eða 31 máli.

Meðal annarra verkefna sem verðbréfamarkaðir leystu af hendi á árinu 2024 var staðfesting tveggja tilboðsyfirlita. Annars vegar í tengslum við yfirtökutilboð Langasjávar ehf. í Eik fasteignafélag hf. og hins vegar í tengslum við yfirtökutilboð John Bean Technologies Corporation í Marel hf.

### Lýsingar verðbréfa

Á árinu 2024 staðfesti fjármálaeftirlitið 26 lýsingar. Fjölgunin á milli ára nemur 13% en fjöldi lýsinga hefur verið tiltölulega stöðugur síðustu ár. Lýsingum vegna töku hlutabréfa til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar hefur þó fjölgað á síðustu tveimur árum. Á árinu voru fimm lýsingar staðfestar vegna hlutabréfa en þrjár þeirra voru vegna félaga sem bættust við aðalmarkað kauphallar, þar af tvö ný, Oculis Holding AG og sameinað félag John Bean Technologies Corporation og Marel. Þá fluttist Fly Play hf. af First North á aðalmarkaðinn. Af áður nefndum 26 lýsingum voru 13 grunnlýsingar, sem er sami fjöldi og árið áður. 11 viðaukar við lýsingu voru staðfestir á árinu og fjölgaði þeim um tvo á milli ára. Fjöldi endanlegra skilmála

Tafla I-1 Tafla 1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem Seðlabankinn staðfesti á almanaksárinu

	2022	2023	2024
Lýsingar	24	23	26
þ.a. vegna hlutabréfa	2	4	5
þ.a. grunnlýsingar	11	13	13
Viðaukar	9	9	11

sem fjármálaeftirlitið birti á heimasíðu sinni á árinu var 96 talsins en 67 árið á undan.

### Skortstöður vegna hlutabréfa

Hinn 6. nóvember 2024 breyttust viðmiðunarmörkin fyrir tilkynningar um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum. Mörkin voru lækkuð úr 0,2% af útgefnu hlutafé í 0,1%.

Fjármálaeftirlitinu bárust alls 159 skortstöðutilkynningar á árinu 2024 en þær voru 52 árið á undan. Fjöldi tilkynninga á árinu 2024 var svipaður og á árinu 2020 en það ár bárust 163 tilkynningar. Í töflunum hér fyrir neðan má annars vegar sjá samanburð á fjölda tilkynninga á árunum 2023 og 2024 eftir mánuðum og hins vegar er heildarfjöldi tilkynninga sem fjármálaeftirlitinu hefur borist á ári frá því að lög nr. 55/2017 um skortstölu og skuldatryggingar tóku gildi.

Tafla I-2 Fjöldi tilkynninga um skortstöðu

Fjöldi	2023	2024
Janúar	5	15
Febrúar	1	7
Mars	7	4
Apríl	8	9
Mái	2	13
Júní	11	25
Júlí	2	11
Ágúst	1	13
September	3	9
Október	2	16
Nóvember	2	25
Desember	8	12
Samtals	52	159

Tafla I-3 Heildarfjöldi tilkynninga á hverju ári

	Heildarfjöldi tilkynninga
2017	23
2018	62
2019	94
2020	163
2021	44
2022	50
2023	52
2024	159

### Vettvangsathuganir og aðrar athuganir

Eins og fyrri ár var lögð áhersla á vettvangsathuganir á tilkynningum fjármálafyrirtækja um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II) þar sem farið var í vettvangsathuganir og aðrar athuganir til að kanna innra skipulag þeirra sem ætlað er að tryggja gæði tilkynninganna. Fjármálaeftirlitið lauk á árinu 2024 athugunum hjá ACRO verðbréfum hf., Arctica Finance hf. og Íslenskum verðbréfum hf. Gagnsæistilkynningar vegna athugan-

anna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í maí, júní og desember 2024.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í lok árs 2023 hjá Landsbankanum hf. og Íslandsbanka hf. sem fól í sér að bankarnir framkvæmdu afstemmingu á viðskipta-gögnum úr framlínu þeirra við úrtak sem fjármála- eftirlitið afhenti þeim úr innsendum TRS II skýrslum. Málunum var lokið í maí 2024 og var þá gagnsæis- tilkynning vegna athugunar hjá Landsbankanum hf. birt á vefsíðu Seðlabankans.

Fjármálaeftirlitið mun áfram leggja áherslu á gæði umræddra skýrslna frá eftirlitsskyldum aðilum og stefnt er að því að árlega fari fram vettvangsathuganir hjá 2-3 eftirlitsskyldum aðilum vegna þeirra.


Jafnframt lauk fjármálaeftirlitið á árinu vettvangs- athugunum hjá ACRO verðbréfum hf. og Íslandsbanka hf. þar sem markmiðið var að kanna fyrirkomulag, kerfi og verklag til að greina og tilkynna um grunsamleg fyr- irmæli og viðskipti í samræmi við gildandi regluverk um aðgerðir gegn markaðssvikum. Slík vettvangsathugun hófst einnig á árinu hjá öðru fjármálafyrirtæki en henni var ólokið í árslok. Til viðbótar við framangreint átti fjármálaeftirlitið kynningarfund með skilaaðilum TRS II skýrslna á árinu 2024 þar sem fjallað var um helstu anmarka sem hafa komið í ljós í vettvangsathugunum síðustu ára.

### Þróun hlutabréfamarkaðarinnar

Úrvalsvísitalan (OMXI15) hækkaði um 17,8% og heildarvísitala aðalmarkaðar (OMXIPI) hækkaði um 12,5%. Arðgreiðsluleiðrétt heildarvísitala aðalmarkaðar (OMXIGI) hækkaði aftur á móti um 14,7%. Hlutabréfa- markaðurinn hélt áfram að hækka í janúarmánuði eftir snarpa hækkun í lok árs 2023 en breytti svo um stefnu strax í febrúar og lækkaði úrvalsvísitalan nánast samfleytt fram á mitt sumar eða niður um rúm 14%. Úrvalsvísitalan hóf svo að hækka aftur í júlímánuði og leitaði upp á við allt til áramóta en hækkun vísitölnnar var 28,8% á síðari helmingi ársins. Eitt félag var nýskráð á aðalmarkað Kauphallarinnar en það var Oculis Holding AG (OCS). Annað félag var flutt frá First North vaxtarmarkaðnum yfir á Aðalmarkaðinn en það var Fly Play hf. (PLAY). Þá voru hlutabréf austfirski laxeldisfyrirtækisins Kaldvíkur hf. tekin til viðskipta á First North á vormánuðum. Yfirtaka John Bean Technologies Corporation (JBT) á Marel hf. (MAREL) var frágengin skömmu fyrir áramót en ekki var gengið frá afskráningu hlutabréfa í Marel hf. fyrr en í janúarbyrjun 2025.


Velta í viðskiptum með hlutabréf félaga á aðal- markaði Kauphallarinnar var rúmlega 1.249 milljarðar króna og jókst um 62,3% milli ára. Þar munar mestu

um uppgjör á yfirtökutilboði JBT á Marel hf. í desember. Mest velta var með hlutabréf í Marel hf. á árinu eða samtals 379 milljarðar króna og munar þar enn og aftur um uppgjör á yfirtökutilboðinu í félaginu í lok árs. Næst á eftir kom velta með hlutabréf í Arion banka hf. (ARION) eða 152 milljarðar króna. Fjöldi viðskipta á aðalmarkaði var 95.904 og fjölgaði þeim um 1,7%. Flest viðskipti voru með hlutabréf í Alvotech (ALVO) eða 15.241 og þar á eftir voru viðskipti með hluta- bréf í Icelandair Group hf. (ICEAIR), 12.261 talsins. Meðalfjárhæð í viðskiptum á aðalmarkaði á árinu var rúmlega 13 milljónir króna og hækkaði því snarpt frá síðasta ári eða sem nemur 59,7%. Meðalfjárhæð í við- skiptum hækkaði einnig á hinum Norðurlöndunum en hvergi eins mikið og hér á landi.



Markaðsvirði allra hlutabréfa á aðalmarkaði var í lok árs rúmlega 3.154 milljarðar króna eða 68,3% af vergri landsframleiðslu ársins 2024. Heildarverðmæti markaðarinnar jókst um rúmlega 520 milljarða króna milli

ára eða 19,8%. Verðmætasta hlutfélag aðalmarkaðar var Alvotech en heildarverðmæti þess var 576,5 milljarðar króna í lok árs 2024 og hafði það aukist um 117 milljarða króna á árinu.



## Eftirlit með rekstraraðilum og sjóðum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem hafa heimild til að reka verðbréfasjóði og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að reka sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og aðra sérhæfða sjóði. Lykilþáttur í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesta í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá nær eftirlitið einnig til áhættustýringar, hagsmunaaðrekstra og lausafjárstýringar sjóða sem og skyldna vörsluáðila slíkra sjóða.

Í árslok 2024 störfuðu sex rekstrarfélög verðbréfasjóða hérlendis sem öll höfðu einnig fengið starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Þá störfuðu fimm félög sem höfðu eingöngu starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Til viðbótar störfuðu 19 aðilar sem voru skráðir sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, þar af eitt verðbréfafyrirtæki, en einn nýr rekstraraðili fékk skráningu á árinu 2024.

Í árslok voru 37 verðbréfasjóðir, 79 sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og 135 aðrir sérhæfðir sjóðir undir eftirliti fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2024 voru stofnaðir þrír nýir sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og 12 aðrir sérhæfðir sjóðir. Þá sameinuðust tveir verðbréfasjóðir á árinu.

### Umsóknir um markaðssetningarheimild

Fjármálaeftirlitið veitti 11 innlendum sérhæfðum sjóðum markaðssetningarheimild til fagfjárfesta hér á landi á árinu 2024. Þá barst nokkur fjöldi umsókna um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila sér-

hæfðra sjóða til fagfjárfesta hér á landi, en um er að ræða svonefnda þriðja ríkis aðila sem staðsettir eru utan EES. Samþykktar voru umsóknir fjögurra rekstraraðila og 23 sérhæfðra sjóða á nýliðnu ári. Í árslok voru því 44 rekstraraðilar og 114 sérhæfðir sjóðir utan EES með markaðssetningarheimild til fagfjárfesta hér á landi.

### Athuganir og önnur eftirlitsverkefni

Á árinu 2024 var lokið við athugun á því hvort Glymur hf. (nú AXUM Verðbréf hf.) fullnægði skilyrðum fyrir starfsleyfi, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt á vefsíðu Seðlabankans í desember 2024.

Á árinu átti sér stað uppfærsla á öllum útboðslýsingum og reglum verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta sem fól m.a. í sér að bætt var við nýjum upplýsingum sem skal birta samkvæmt SFDR reglugerðinni, sbr. lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

## Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumiðað eftirlit er aðferðafræði sem felur í sér að meta hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði og forgangsraða eftirlitsaðgerðum í samræmi við niðurstöðu þess áhættumats. Það felur m.a. í sér að haft er tíðara eftirlit og gerðar nánari athuganir þar sem áhættan er metin mest.

Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 107 í árslok 2024 og hafði þeim fjölgað um tvo frá árinu 2023. Í þeim hópi eru meðal annars fjármálaafyrirtæki, greiðslustofnanir, rafeyrisfyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, gjaldeyrisskiptaþjónusta, þjónustuveitendur sýndareigna og útibú ásamt umboðs- og dreifingaraðilum erlendra fjármálastofnana hér á landi.

### Vettvangsathuganir og aðrar athuganir

Athuganir vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum geta verið í formi vettvangsathugana eða sértækra athugana. Slíkar athuganir geta verið þemaskoðanir þar sem sömu þættir eru kannaðir hjá mörgum til-



kynningarskyldum aðilum. Á árinu 2024 gerði fjármálaeftirlitið fjölda athugana. Bæði voru framkvæmdar vettvangsathuganir sem og annars konar athuganir er vörðuðu meðal annars áhættumiðaðar aðgerðir hjá tilkynningarskyldum aðilum.

Fjármálaeftirlitið beitir auk athugana öðrum aðferðum til að minna á skyldur tilkynningarskyldra aðila og afla upplýsinga um framkvæmd aðgerða hjá þeim. Dæmi um slíkar aðferðir eru kynningar á vegum fjármálaeftirlitsins og svör sem það gefur við fyrirspurnum sem því berast þar sem ýmsum leiðbeiningum er komið á framfæri. Þá var á árinu áfram unnið að því innan fjármálaeftirlitsins að styrkja samstarf og upplýsingagjöf milli eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og varúðareftirlits á grundvelli viðmiðunarreglna EBA um sama efni.

Á árinu 2024 var lokið við vettvangsathugun hjá Fossum fjárfestingarbanka hf. Markmið athugunarinnar var að leggja mat á áhættumat bankans sem og stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Kannað var m.a. hvernig viðskiptamenn bankans væru áhættuflokkaðir, hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati. Til viðbótar voru könnuð atriði tengd alþjóðlegum þvingunaraðgerðum ásamt því að kannað var hvernig bankinn sinnti rannsóknar- og tilkynningarskyldu sinni.

Þá var lokið við vettvangsathuganir hjá Teya Iceland hf. og Rapyd Europe hf. þar sem markmiðið var að kanna atriði sem tengdust fyrri vettvangsathugunum á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum félaganna (þá SaltPay IIB hf. og Valitor hf.) gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lagt var mat á áhættumat félaganna sem og stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá var kannað hvernig viðskiptamenn félaganna væru áhættuflokkaðir, hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati. Til viðbótar var gerð könnun á því hvernig félögin sinntu rannsóknar- og tilkynningarskyldu sinni.

Á árinu hófust auk þess vettvangsathuganir hjá fimm öðrum tilkynningarskyldum aðilum vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka en þeim var öllum ólokið í árslok.

Á árinu voru birtar tvær gagnsæistilkynningar á vefsíðu Seðlabankans vegna vettvangsathugana er vörðuðu aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem lauk árið 2023. Annars vegar vegna athugunar hjá Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í maí 2024 og hins vegar Kviku banka hf. í júlí sama ár.

Á árinu 2024 var lokið við athuganir á fylgni við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arctica Finance hf., Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf., IcePhone ehf., sem er umboðsaðili erlendar greiðslustofnunar og Monerium EMI ehf. (nú Monerium ehf.). Birtar voru gagnsæistilkynningar á vefsíðu Seðlabankans vegna athugunarinnar hjá Monerium EMI ehf. í mars 2024 og Arctica Finance hf. í október sama ár. Á árinu hófust auk þess sams konar athuganir hjá fjórum öðrum tilkynningarskyldum aðilum en þeim var öllum ólokið í árslok.

## Viðurlög

Eins og fram kom í *Fjármálaeftirliti* 2024 voru gerðar vettvangsathuganir hjá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. árið 2023 þar sem markmiðið var að kanna skráningar og rekjanleika upplýsinga í kerfum bankanna auk þess að kanna atriði sem tengdust fyrri vettvangsathugun á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum þeirra. Í maí 2024 tók fjármálaeftirlitsnefnd ákvörðun um að ljúka málunum með sátt við málsaðila og voru samkomulögin birt á vefsíðu Seðlabankans í júní 2024. Með hliðsjón af fjölda og alvarleika brotanna, heildarveltu málsaðila, sjónarmiðum við mat á fjárhæð sekta, atvikum máls að öðru leyti var málsaðilum boðið að ljúka málinu með sátt og greiðslu sektar að fjárhæð 585 milljónir króna í tilviki Arion banka hf. og 570 milljónir króna í tilviki Íslandsbanka hf.

## Fræðsluefni og leiðbeiningar

Haldin var kynning fyrir tilkynningarskylda aðila í apríl 2024 á viðmiðunarreglum EBA um áhættustýringu vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þegar veittur er aðgangur að fjármálaþjónustu (EBA/GL/2023/04). Í sama mánuði var birt samantekt spurninga og svara í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á vefsíðu Seðlabankans.

Í desember 2024 uppfærði fjármálaeftirlitið fræðsluefni um skyldur tilkynningarskyldra aðila í tengslum við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og eftirlit með aðilum á þvingunarlistum.

## Uppfærsla lista yfir starfsheiti og áhættusöm ríki

Á árinu 2024 var listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla uppfærður. Jafnframt voru listar yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki uppfærðir í þriggja á árinu í samræmi við breytingar á viðeigandi listum Financial Action Task Force (FATF) og ESB.

# Helstu forgangsmál í verkáætlun 2025



Fjármálaeftirlitið vinnur ítarlega verkáætlun á hverju ári. Við gerð verkáætlunar er tekið mið af [Stefnumarkandi áherslum við eftirlit á fjármálamarkaði 2025-2027](#) sem nýlega voru birtar á vef Seðlabankans. Með því að gera grein fyrir forgangsmálum og áherslum í fjármálaeftirliti eru eftirlitsskyldir aðilar upplýstir um hver helstu forgangsmál fjármálaeftirlitsins eru á árinu og þeim þannig gert kleift að taka mið af þeim atriðum í starfsemi sinni.

## Viðnámsþróttur

Undanfarin misseri hefur vaxtastig héraendis og í helstu viðskiptalöndum okkar verið hátt, samhliða mikilli verðbólgu. Þá hefur landfræðipólitísk áhætta aukist undanfarið og þurfa aðilar á fjármálamarkaði að hafa traustan viðnámsþrótt gagnvart áskorunum og áhættum sem kunna að leiða af henni. Hvort tveggja getur haft umtalsverð áhrif á eignagæði. Því ráðgerir fjármálaeftirlitið að kanna skjölun, ákvarðanatökufæri og mat á handfærðu mati á væntu útlánatapi hjá viðskiptabönkum. Kannað verður ferlið frá því að mat á sér stað og þar til niðurfærsla er ákveðin. Jafnframt eru ráðgerðar vettvangsathuganir hjá lífeyrissjóðum á árinu þar sem ýmsir áhættuþættir verða kannaðir, m.a. vegna útvistunar, frávika og viðbúnaðar.

## Net- og upplýsingatækniöryggi

Áhersla hefur verið lögð á net- og upplýsingatækniáhættu undanfarin ár og verður sá mikilvægi málaflökkur í forgangi á árinu en nokkuð hefur verið um netárásir og rekstrartruflanir á fjármálamörkuðum síðustu misseri.

Í verkáætlun ársins er meðal annars gert ráð fyrir athugunum á því hvernig kerfislega mikilvægir bankar standa að eftirliti með útvistuðum verkefnum til Reiknistofu bankanna. Vegna netsvikamála sem til-

kynnt eru á grunni laga um greiðsluþjónustu verður verklag hjá viðskiptabönkum við skráningu og meðferð slíkra mála skoðað. Þá verður ráðist í þemaskoðun á viðbragðsáætlunum og áætlunum um rekstrarsamfellu hjá viðskiptabönkum og m.a. kannað hvernig þær eru prófaðar af hálfu bankanna. Hjá lífeyrissjóðum verður kannað hvernig staðið er að breytingastjórnun upplýsingatækniþerfa. Að síðustu má nefna að í samhengi við athugun á stjórnarháttum verður hlutverk og aðkoma stjórnar, ásamt hlutverki og ábyrgð öryggisstjóra við umgjörð og eftirlit með upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu kannað.

## Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Rík áhersla hefur verið lögð á aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfi fjármálaeftirlitsins á liðnum árum og verður málaflökkurinn áfram forgangsmál á þessu ári.

Meðal þeirra verkefna sem fjármálaeftirlitið mun vinna að í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á árinu er gerð fræðsluefnis um ýmsa þætti sem snúa að málaflöknum, meðal annars um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, áreiðanleikakannanir, fjármögnun hryðjuverka, rannsóknar- og tilkynningarskyldu og reglubundið eftirlit. Þá verður unnið að því að útbúa *spurt og svarað* á vef Seðlabankans vegna eftirlits með aðilum sem eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Fjármálaeftirlitið mun framkvæma þemaathuganir tengdar svonefndu þvingunarlistaftirliti hjá tilkynningarskyldum aðilum, m.a. hjá viðskiptabönkum, sparissjóðum og þjónustuveitendum sýndareigna.

Á árinu verður stefnumótunarvinna varðandi áhættumiðað eftirlit sem felst í því hvernig leggja eigi

mat á áhættu tilkynningarskyldra aðila og einstakra markaða vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun veita fjármálaeftirlitinu tæknilega aðstoð við þá vinnu. Þá er fram undan innleiðing á regluverki Evrópusambandsins sem breytir núverandi löggjöf í málaflokknum. Breytingarnar taka m.a. mið af því að ný evrópsk eftirlitsstofnun með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism (AMLA), tekur til starfa á árinu. Að síðustu er von á því að alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja á þessu málefnaviði, Financial Action Task Force (FATF) hefji á þessu ári vinnu við fimmtu úttekt á aðgerðum Íslands og tekur skipulag og gerð verkáætlunar fjármálaeftirlitsins að nokkru leyti mið af því.

### **Ábyrgir viðskiptahættir**

Ábyrgir viðskiptahættir, með sérstakri áherslu á fjárfesta- og neytendavernd, verða í forgangi á þessu ári.

Fjármálaeftirlitið hyggst á árinu kanna hvort fyrirtæki með starfsheimildir til að veita fjárfestingarþjónustu fullnægi kröfum um hljóðritun símtala og skráningu annarra rafrænna samskipta við viðskiptavini. Kveðið er á um kröfurnar í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, og er þeim ætlað að efla vernd fjárfesta, bæta markaðseftirlit og auka réttarvissu á markaði. Fjármálaeftirlitið hyggst kanna hlítu aðila, sem falla undir kröfurnar, með því að leggja fyrir þá sjálfsmat þar sem fyrirkomulag hljóðritunar og varðveislu símtala og skráningar og varðveislu annarra rafrænna samskipta verður kannað. Gefi niðurstöður sjálfsmatsins tilefni til að kanna mál nánar kemur til skoðunar að framkvæma sértæka athugun hjá viðkomandi aðila.

Fyrirtækjum sem hafa heimild til veitingar fjárfestingarþjónustu ber að meta hvort fjármálagerningar eru tilhlýðilegir fyrir viðskiptavini, byggt á mati á þekkingu og reynslu þeirra. Sértæk athugun verður framkvæmd, þar sem matslistar slíkra fyrirtækja verða skoðaðir m.t.t. krafna í lögum og viðmiðunarreglna ESMA um mat á tilhlýðileika. Meðal annarra verkefna má nefna að upplýsinga verður aflað um hvort fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu noti fjárhriðvalda (e. influencers) við markaðssetningu. Þá hefur verið ráðist í gagnasöfnun vegna athugunar ESMA á kostnaði og gjöldum á sjóðamarkaði.

Jafnframt mun fjármálaeftirlitið kanna hvernig upplýsingagjöf og öðrum skyldum dreifingaraðila er háttað við sölu og markaðssetningu á afurðum erlendra vörsluaðila sem fela í sér viðbótartryggingavernd.

### **Stjórnarhættir**

Stjórnarhættir eru mikilvægur þáttur í starfsemi allra eftirlitsskyldra aðila. Talsverðar breytingar hafa orðið í landslagi héraends fjármálamarkaðar og nokkuð orðið um fjármálasamstæður þar sem nokkrir eftirlitsskyldir aðilar eru innan sömu samstæðu. Hyggst fjármálaeftirlitið því veita stjórnarháttum í samstæðum sérstaka athygli á árinu.

Verkáætlun ársins gerir ráð fyrir úttekt á stjórnarháttum í samstæðu viðskiptabanka auk þemaathugunar á starfskjarastefnum þeirra. Framkvæmdar verða vettvangsathuganir hjá viðskiptabönkunum þar sem eftirlitsframkvæmd og ákvarðanatáka varðandi útlánaeftirlit verður sannreynt. Stefna og verklag við mat, stýringu og eftirlit með hagsmunaárekstrum hjá verðbréfafyrirtækjum verður enn fremur tekið til skoðunar.

ESMA mun á árinu hefja samevrópska athugun á sviði regluvörslu og innri endurskoðunar rekstrarfélaga verðbréfasjóða og leyfisskyldra rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í athuguninni og mun á fyrri hluta ársins senda spurningalista til nokkurra eftirlitsskyldra aðila.

### **Loftslagsáhætta og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti**

Fjármálaeftirlitið mun á árinu kanna hvernig váttryggingafélög greina loftslagsáhættu í eigináhættu- og gjaldþolsmati (e. ORSA) og verður ábendingum komið á framfæri við aðila, ef tilefni þykir til. Þá verður skráning undiráhættuþátta sjálfbærniáhættu hjá viðskiptabönkum tekin til skoðunar auk þess sem gæði upplýsingagjafar um losun verður könnuð.

Fjármálaeftirlitið mun standa fyrir fræðslu fyrir fjármálamarkaðinn um tiltekin atriði er tengjast sjálfbærni-reglugerðum sem innleiddar voru í lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Athuganir tengdar upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti á árinu eru m.a. sjálfsmat sem aðilum á fjármálamarkaði og fjárfestingarráðgjöfum skv. SFDR-reglugerðinni var gert að svara um hlítu við skyldur um gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni og um gagnsæi um áhættu tengda sjálfbærni í starfskjarastefnu. Þá er ætlunin að kanna hvort upplýsingagjöf í tengslum við fjármálaafurðir sem er ætlað að efla umhverfislega og/eða félagslega þætti og fjármálaafurðir sem hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði uppfylli kröfur SFDR-reglugerðarinnar. Einnig er áætlað að gera athugun á því hvort tekið sé mið af sjálfbærnióskum viðskiptavina við veitingu fjárfestingarþjónustu við framkvæmd mats á hæfi afurða og þjónustu.

# Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar



Í þessum kafla er að finna yfirlit yfir lög sem varða fjármálamarkaðinn og voru samþykkt á árinu 2024. Jafnframt er að finna yfirlit yfir aðrar réttarheimildir sem varða fjármálamarkaðinn og tóku gildi á árinu. Þá er greint frá löggjöf sem ráðgert er að taki gildi á fjármálamarkaði á næstu misserum.

## Lagabreytingar á árinu 2024

Seðlabanki Íslands tekur virkan þátt í að móta regluverk sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, meðal annars með þátttöku í nefndum og starfshópum á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa og setningu reglna til innleiðingar á EES-regluverkinu sem og samningu séríslenskra laga og reglna. Seðlabankinn gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun, upptöku og innleiðingu tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitstofnununum á fjármálamarkaði, þ.e. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA).<sup>1</sup> Mikilvægur þáttur í starfsemi Seðlabankans er að hafa yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamarkaði, beita þeim og túlka og fylgjast með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan EES.

### Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2024:

- Lög nr. 129/2024 um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009.

- Lög nr. 86/2024 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi greiðslumiðlunar).
- Lög nr. 81/2024 um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna (áhættumat o.fl.).
- Lög nr. 80/2024 um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka hf.
- Lög nr. 71/2024 um breytingu á lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).
- Lög nr. 62/2024 um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar).
- Lög nr. 56/2024 um innviði markaða fyrir fjármála-gerninga sem byggjast á dreifðri færsluskartækni.
- Lög nr. 50/2024 um um brottfall ýmissa laga á sviði fjármálamarkaðar (úrelt lög).
- Lög nr. 6/2024 um breytingu á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur, sektarákvæði o.fl.).

### Setning reglna, leiðbeinandi tilmæla, viðmiðunarreglna og viðmiða á árinu 2024

#### Reglur

Á árinu 2024 setti Seðlabanki Íslands eftirfarandi reglur sem varða fjármálamarkaðinn, m.a. til að leiða í íslenskan rétt EES-gerðir:

- Reglur nr. 1557/2024 um verklag, framsetningu og sniðmát fyrir skýrslu váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.
- Reglur nr. 1556/2024 um sniðmát fyrir gagnaskil váttryggingafélaga og váttryggingasamstæðna.

1. Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB) tilheyrir einnig þessum hópi eftirlitsstofnana.

- Reglur nr. 1537/2024 um upplýsingagjöf vegna starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða yfir landamæri.
- Reglur nr. 1458/2024 um aðlögun á grunnfjárhæð í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.
- Reglur nr. 1415/2024 um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 1414/2024 um eiginfjárouka fyrir fjármálafyrirtæki vegna kerfisáhættu.
- Reglur nr. 1380/2024 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningarnar frá 30. júní 2024 til 29. september 2024.
- Reglur nr. 1346/2024 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1345/2024 um gagnaskil fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1344/2024 um birtingu upplýsinga um varfærniskröfur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- Reglur nr. 1343/2024 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1342/2024 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur 1341/2024 um vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar.
- Reglur nr. 1285/2024 um afleiðuviðskipti, miðlega mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
- Reglur nr. 1276/2024 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2024 til 29. júní 2024.
- Reglur 1275/2024 um aðgerðir gegn markaðssvikum.
- Reglur nr. 1234/2024 um heimild fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til að ljúka máli með sátt.
- Reglur nr. 1024/2024 um afleiðuviðskipti, miðlega mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 1285/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 1023/2024 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu.
- Reglur nr. 977/2024 um aðgerðir gegn markaðssvikum (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 1275/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 872/2024 um sniðmát fyrir gagnaskil fjármálasamsteypa um samþjöppun áhættu og viðskipti innan samsteypu.
- Reglur nr. 800/2024 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um endurbótaáætlanir og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
- Reglur nr. 776/2024 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 1343/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 775/2024 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi með gildistöku reglna 1342/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 774/2024 um breytilega þætti starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 696/2024 um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum.
- Reglur nr. 695/2024 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2023 til 30. mars 2024.
- Reglur nr. 554/2024 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar.
- Reglur nr. 540/2024 um framkvæmd skilavalds Seðlabanka Íslands.
- Reglur nr. 495/2024 um markaðsáhættu fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 775/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 372/2024 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga.
- Reglur nr. 371/2024 um gagnsæiskröfur á mörkuðum fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 323/2024 um gagnaskil fjármálafyrirtækja (féllu úr gildi með gildistöku reglna nr. 1345/2024 um sama efni).
- Reglur nr. 217/2024 um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda.
- Reglur nr. 216/2024 um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda.

#### Leiðbeinandi tilmæli

Á árinu 2024 gaf Seðlabankinn út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2024, um innihald einfaldra endurbótaáætlana, á grundvelli heimildar samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samhliða féllu úr gildi leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2020, um sama efni.

#### Viðmiðunarreglur

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði gefa út viðmiðunarreglur á grundvelli 16. gr. reglugerða ESB um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem leiddar voru í íslenskan rétt með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins.

Þegar Seðlabanki Íslands tekur upp viðmiðunarreglur sem beinast að markaðsaðilum er dreifibréf um efni þeirra sent til markaðsaðila ásamt slóð á enska



útgáfu þeirra. Þá eru viðmiðunarreglurnar birtar á vefsíðu Seðlabankans. Eftir að viðmiðunarreglurnar hafa verið teknar upp af Seðlabankanum er byggt á efni þeirra við framkvæmd eftirlits. Á árinu 2024 tók Seðlabankinn upp eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- Viðmiðunarreglur ESMA um heiti sjóða sem nota hugtök sem tengjast UFS eða sjálfbærni (ESMA34-1592494965-657).
- Viðmiðunarreglur EBA um veitingu starfsleyfis sem lánastofnun (EBA/GL/2021/12).
- Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á tilhlýðileika og fjárfestingarþjónustu sem er undanþegin tilhlýðileikamati (ESMA-35-43-3006).
- Viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi kröfur til starfskjara á mörkuðum fyrir fjármála-gerninga (ESMA35-43-3565).
- Viðmiðunarreglur ESMA um trausta starfskjarastefnu rekstraraðila sérhæfðra sjóða (ESMA/2013/232 og ESMA/2016/579).
- Viðmiðunarreglur ESMA um trausta starfskjarastefnu rekstrarfélaga verðbréfasjóða (ESMA/2016/575).
- Viðmiðunarreglur EBA um trausta starfskjarastefnu á grundvelli CRD IV (EBA/GL/2021/04).
- Viðmiðunarreglur ESMA um miðlun markaðsefnis í samræmi við CBDF reglugerðina (ESMA34-45-1272).
- Uppfærðar viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi (ESMA35-43-3172).
- Uppfærðar viðmiðunarreglur ESMA um vörupróun og dreifingu (ESMA35-43-3448).

### Viðmið

Seðlabankinn setti á árinu *Almenn viðmið og aðferða-fræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármála-fyrirtækjum* (nr. 1/2024). Um endurskoðun var að ræða sem fól í sér minni háttar efnislegar breytingar á áðurgildandi viðmiðum. Tilgangur viðmiðanna er að skilgreina og kynna með almennum hætti aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlitsins hjá fjármála-fyrirtækjum og eru þau byggð á viðmiðunarreglum EBA um sama efni (EBA/ GL/2022/03). Að jafnaði eru viðmiðin endurskoðuð árlega og hófst vinna við endurskoðun fyrrnefndra viðmiða í nóvember 2024.

## Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði

Í þessum kafla er greint frá helstu löggjöf á fjármálamarkaði sem til stendur að setja á árinu 2025. Seðlabankinn kemur að þeirri vinnu með ýmsum hætti, svo sem með samstarfi við ráðuneyti um samningu

lagafrumvarpa og reglugerða, útgáfu reglna og leiðbeinandi tilmæla og upptöku viðmiðunarreglna.

### Reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum (CBPR)

Frumvarp til nýrra laga um greiðslur yfir landamæri í evrum sem fella brott samnefnd lög nr. 78/2014 er í smíðum. Með reglugerð (ESB) 2021/1230 um greiðslur yfir landamæri voru ákvæði reglugerðar (EB) nr. 924/2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu, tiltekin ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 260/2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/518 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 sameinuð. Helstu efnislegu breytingar frá gildandi rétti eru annars vegar að tryggt verður að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í evrum innan EES séu samræmd gjöldum fyrir samsvarandi innlendar greiðslur í innlendum gjaldmiðli aðildarríkis þar sem greiðsluþjónustuveitandi er staðsettur. Hins vegar er settur skýrari rammi um þær upplýsingar sem greiðsluþjónustuveitendum verður skylt að veita neytendum varðandi kostnað við gjaldmiðilsúmsreikning áður en greiðsla fer fram. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram á vorþingi 2025.

### Reglugerð um starfstengda lífeyrissjóði (IORP II)

Tilskipun (ESB) 2016/2341 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri setur fram reglur um stofnun og rekstur þess háttar starfsemi. Eldri tilskipun um sama efni, 2003/41/EB (IORP I), sem innleidd var með lögum nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði, hefur tekið nokkrum breytingum og er því um að ræða endurútgefna tilskipun. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja góða stjórnarhætti, upplýsingagjöf til sjóðfélaga og gagnsæi og öryggi starfstengda lífeyriskerfisins í því skyni að auðvelda frekar hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja. Í dag er enginn starfstengdur lífeyrissjóður starfandi hér á landi. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp á vorþingi 2025 til að leiða gerðina í íslensk lög og fella brott lög nr. 78/2007.

### Reglugerð um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STSR)

Með reglugerð (ESB) 2017/2402 um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STSR) er sett fram almenn umgjörð fyrir verðbréfun og að auki komið á sértækri umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun. Verðbréfun er tegund fjármögnunarviðskipta fjármálastofnana og getur verið mikilvægt tæki

fyrir fjármagns-, lausafjár- og áhættustýringu aðila á fjármálamarkaði, enda sé hún byggð á traustu skipulagi. Með gerðinni er komið á styrkri lagaumgjörð er miðar að því að draga úr áhættunni sem felst í verðbréfun og tryggja aðgreiningu einfaldra, gagnsærra og staðlaðra verðbréfunarafurða frá flóknum, ógagnsæjum og áhættusamari afurðum. Gerðir á hinum ýmsu mörkuðum eins og CRR, Solvency II og MMF vísa í reglur STSR varðandi verðbréfun og eru m.a. ákvæði um verðbréfun flutt úr CRR og yfir í STSR gerðina. Einnig breytir STSR gerðin CRR að því er varðar varfærniskröfur, m.a. um áhættulíkön og eiginfjárlutföll. Reglugerð (ESB) 2021/557 gerir svo breytingar á STSR til að styðja efnahagsbata eftir heimsfaraldurinn. Þá er STSR regluverkið víkkað út þannig að það taki til fleiri tegunda verðbréfa og auðveldara verði að verðbréfa útlán sem eru í óskilum.

Drög að frumvarpi til innleiðingar á gerðinni var birt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2025 og er stefnt að því að leggja frumvarp fram á vorþingi 2025. Með frumvarpinu verða jafnframt lagðar til breytingar á öðrum lögum sem varða verðbréfun og varfærniskröfur til aðila að slíkum viðskiptum, til samræmis við breytingar á gildandi EES-gerðum með STSR og tengdum gerðum, þar á meðal lögum um fjármálafyrirtæki, verðbréfasjóði, váttryggingastarfsemi, lánshæfismatsfyrirtæki, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, peningamarkaðssjóði og afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Þá er gert ráð fyrir að kröfur reglugerðarinnar um áreiðanleikakannanir gildi um innlenda lífeyrissjóði sem fjárfesta í verðbréfaðri stöðu. Það er gert með hagsmuni sjóðfélaga í huga og lagt er til að ákvæðum um þær kröfur sem ná til lífeyrissjóða verði komið fyrir í lögum um lífeyrissjóði.

#### **Reglugerð um markaði með sýndareignir (MiCA)**

Sjá rammagrein á bls. 39.

#### **Reglugerð um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar (DORA)**

Sjá rammagrein á bls. 37.

#### **Breytingar á lögum um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFIR/MiFID II review)**

Gert er ráð fyrir að lagt verði fram á haustþingi 2025 frumvarp til innleiðingar á gerðum sem breyta MiFID II og MiFIR gerðunum (sem innleiddar voru með lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga). Um er að ræða annars vegar reglugerð (ESB) 2024/791, um aukið gagnsæi í viðskiptum, miðlæga söfnun viðskiptaupplýsinga (e. consolidated tape) o.fl. sem breytir MiFIR,

(ESB) 600/2014 og hins vegar tilskipun (ESB) 2024/790, um breytingar á MiFID II-tilskipuninni 2014/65/ESB.

Helstu markmiðin með gerðunum er að auka gagnsæi á mörkuðum, styrkja réttindi og vernd fjárfesta, bæta eftirlit og minnka reglubyrði. Nánar tiltekið eru m.a. gerðar breytingar á reglum um sameinaðar viðskiptaupplýsingar, aukið gagnsæi og ábyrgð á birtingu viðskiptaupplýsinga og gæði sameinaðra viðskiptaupplýsinga. Þá er bann sett við greiðslum fyrir pantanaflæði (e. order flow).

#### **Endurskoðun á bankaregluverki ESB (CRD VI og CRR III)**

Sjá rammagrein á bls. 35.

#### **OTC-afleiður, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2. CCP)**

Reglugerð (ESB) 2019/2099 er hluti af endurskoðun á regluverkinu um afleiðuviðskipti og breytir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (EMIR) með það að markmiði að styrkja eftirlit með miðlægum mótaðilum (CCPs). Með reglugerðinni er m.a. stofnuð sérstök fastanefnd hjá ESMA sem sér um eftirlit með miðlægum mótaðilum (CCP Supervisory Committee). Eftirlit með miðlægum mótaðilum utan EES er endurskoðað þannig að ESMA metur kerfislegt mikilvægi þeirra og kerfislega mikilvægir aðilar sæta strangara eftirliti ásamt því að áhersla er lögð á samstarfssamninga við eftirlitsstjórnvöld. Engir miðlægir mótaðilar eru starfræktir á Íslandi. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og stefnt er að því að leggja fram frumvarp til innleiðingar gerðarinnar á haustþingi 2025.

#### **Reglugerð (ESB) 2023/2845, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014, um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar o.fl. (CSDR REFIT)**

Unnið er að upptöku í EES-samninginn á reglugerð (ESB) 2023/2845 (CSDR REFIT), um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014, um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar o.fl., sem innleidd var hér á landi með lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020. Með reglugerðinni eru m.a. gerðar breytingar á reglum varðandi aga í uppgjöri (t.d. skilyrðum fyrir skyldubundnum uppgjörferlum), reglum um starfsemi yfir landamæri, viðbótarþjónustu á sviði bankastarfsemi, eftirliti með verðbréfamiðstöðvum í ríkjum utan EES og samstarfi eftirlitsaðila í heima- og gistiríki. Einnig breytir gerðin skortsölureglugerðinni, (ESB) 236/2012, hvað varðar skyldubundna



uppgjörferla en hún var innleidd með lögum nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar. Gert er ráð fyrir að frumvarp til innleiðingar á reglugerðinni verði lagt fram á haustþingi 2025.

### **Tilskipun og reglugerð um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR)**

Í tilskipun (ESB) 2019/2034 og reglugerð (ESB) 2019/2033 um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR) eru settar fram samræmdar kröfur til varúðareftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem falla undir MiFID II. Gerðirnar hafa að geyma kröfur um lágmarksstofnfé og fjárhagskröfur til verðbréfafyrirtækja, heimildir og tæki sem eftirlitsstjórnvöld skulu hafa til eftirlits með verðbréfafyrirtækjum og þær upplýsingar sem eftirlitsstjórnvöld skulu birta. Með breytingunum verður regluverk Evrópusambandsins um varfærnis-eftirlit með verðbréfafyrirtækjum í megindrættum skilið frá reglum um varfærnis-eftirlit með bönkum og öðrum lánastofnunum þannig að létt verður á varúðareftirlitskröfum til verðbréfafyrirtækja sem ekki eru innlánsstofnanir í samræmi við að kröfur og eftirlit fari eftir áhættu (áhættumiðað eftirlit). Unnið er að upptöku gerðanna í EES-samninginn og vinna við innleiðinguna er hafin. Stefnt er að því að frumvarp til laga um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum verði lagt fram á haustþingi 2025.

### **Breyting á reglugerð um evrópska langtímafjárfestingasjóði**

Reglugerð (ESB) 2023/606, um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingasjóði (ELTIF), hefur það að markmiði að gera ELTIF formið aðgengilegra. Með breytingunum eru m.a. fjárfestingarheimildir rýmkaðar, t.a.m. er hugtakið eignir rýmkað, hámark markaðsvirðis fjárfestingarhæfs fyrirtækis hækkað og lágmarksfjárfesting í hæfum fjárfestingareignum er lækkað. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og stefnt er að því að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslenskan rétt á árinu 2025.

### **Breyting á tilskipun um ökutækjatrýggingar (MID II)**

Tilskipun (ESB) 2021/2118, um breytingu á tilskipun 2009/103/EB (MID) um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin, hefur það markmið að stuðla að traustri váttryggingavernd vegfarenda og að ökutæki séu með lögmæltar ökutækjatrýggingar. MID var innleidd með lögum nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Helstu breytingarnar fela í sér að tilnefna skal bótagreiðsluáðila vegna ógjaldfærni

váttryggingafélags til að tryggja að einstaklingar, sem lenda í þeirri stöðu, fái tjón sitt bætt að fullu, útgáfu samræmds tjónsvottorðs og lágmarkssamræmingu tjónsfjárhæða á innri markaðnum (en þó er aðildarríkjum heimilt að ákveða hærri lágmarksfjárhæðir) og samræmingu hugtaka. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og ráðgert er að leggja fram frumvarp til að leiða gerðina í íslenskan rétt á árinu 2025.

### **Breytingar á löggjöf um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka**

Sjá rammagrein á bls. 36.

### **Endurskoðun á stofnreglugerðum EBA, EIOPA, ESMA og ESRB**

Með reglugerð (ESB) 2019/2175 voru gerðar breytingar á ESA reglugerðunum, þ.e. reglugerðum (ESB) nr. 1093-1095/2010, sem settu á fót evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi stofnananna ásamt því að ESMA var falið beint eftirlit með ákveðnum fjárhagslegum viðmiðum og stjórnendum þeirra og veitendum gagnaskýrsluþjónustu samkvæmt MiFID II/MiFIR regluverkinu. Að því er EES-EFTA-ríkin varðar mun eftirlitið verða í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Einnig voru m.a. gerðar breytingar til að stuðla að einsleitni í eftirliti og bættri fjárfestavernd. Með reglugerð (ESB) 2019/2176 voru gerðar ýmsar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1092/2010 sem setti á fót Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB). Sérstaklega er vert að nefna að gerð er breyting á ákvæðum gerðarinnar varðandi þátttöku ríkja utan ESB í starfsemi ráðsins sem opnar fyrir að EES-EFTA-ríkin fái fulla aðild að ráðinu án atkvæðisréttar eins og þau hafa núna hjá EBA, EIOPA og ESMA. Unnið er að upptöku gerðanna í EES-samninginn og stefnt að því að innleiða þær í íslenskan rétt fyrir lok árs 2025.

### **Reglugerð um evrópska hóp fjármögnunarþjónustu-veitendur fyrir fyrirtæki (ECSP/Crowdfunding)**

Reglugerð (ESB) 2020/1503 mælir fyrir um samræmdar kröfur um veitingu, skipulag, heimildir, rekstur, eftirlit, gagnsæi og markaðssamskipti í tengslum við hóp fjármögnunarþjónustu við fyrirtæki. Samhliða gerir tilskipun (ESB) 2020/1504 ráð fyrir afleiddum breytingum á MiFID II. Eftirlitsstjórnvald í heimaríki hóp fjármögnunarþjónustuveitanda veitir starfsleyfi en ESMA skal halda skrá yfir alla slíka aðila á EES. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn og Eftirlitsstofnun EFTA fari sameiginlega með eftirlit með slíkum aðilum á Íslandi. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og stefnt er að innleiðingu gerðarinnar í íslenskan rétt fyrir lok árs 2025.

### **Reglugerð um samevrópska séreignarafurð (PEPP)**

Reglugerð (ESB) 2019/1238 um samevrópska séreignarafurð felur í sér nýja valfrjálsa tegund lífeyris-sparnaðar sem neytendum innan EES mun standa til boða. Með reglugerðinni er lagður grunnur að samevrópskum persónulegum sparnaði þar sem tryggðir eru staðlaðir grunneiginleikar afurðarinnar eins og kröfur um gagnsæi, fjárfestingarreglur, réttur til að skipta um vöru og tegund fjárfestingarkosta. Þannig er tryggð rík neytendavernd sem gefur á sama tíma nægjanlegan sveigjanleika fyrir þá sem bjóða afurðina til að geta sérsniðið hana að eigin viðskiptalíkani. Afurðin á að auka val neytenda við sparnað til starfsloka auk þess sem samevrópska séreignarafurðin verður flytjanleg milli EES-ríkjanna. Afurðinni er ætlað að styðja við núverandi innlend lífeyriskerfi en ekki að koma í stað þeirra sem fyrir eru. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og stefnt er að innleiðingu gerðarinnar í íslenskan rétt á árinu 2025.

### **Tilfærsla á eftirliti með veitendum**

#### **gagnaskýrsluþjónustu**

Tilskipun (ESB) 2019/2177 um tilfærslu á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu breytir MiFID II-tilskipuninni 2014/65/ESB, Solvency II-tilskipuninni 2009/138/EB og peningaþvættistilskipuninni (ESB) 2015/849 og færir eftirlit með veitendum gagnaskýrsluþjónustu til ESMA. Að því er varðar EES-EFTA-ríkin verður eftirlitið aftur á móti í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Gerðin tengist ofangreindum breytingum á stofnreglugerðum ESA þar sem ESMA fær beint eftirlit (e. direct supervision) með framangreindum aðilum. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn og stefnt er að því að innleiða hana í íslenskan rétt fyrir lok árs 2025 samhliða ofangreindum gerðum um breytingar á stofnreglugerðum ESA. Þegar þetta er ritað eru engir veitendur gagnaskýrsluþjónustu starfræktir á Íslandi.

### **Reglugerðir og tilskipanir um miðlæga gátt í Evrópu (ESAP)**

Með European Single Access Point (ESAP) gerðunum er ætlunin að stofna til miðlægrar gáttar þar sem hægt verður að nálgast opinberar upplýsingar sem tengjast fjármálaþjónustu, fjármagnsmörkuðum og sjálfbærni. Markmið gáttarinnar er að efla aðgengi að upplýsingum og gera haghöfum kleift að taka ákvarðanir byggðar á traustum upplýsingum og sem séu umhverfislega og félagslega ábyrgar. Í grófum dráttum kveða ESAP gerðirnar á um að aðilar skili tilgreindum upplýsingum sem þeim er skylt að birta opinberlega, til miðlægrar gáttar, t.a.m. upplýsingum sem útgefendum er skylt

að birta á skipulegum markaði og upplýsingum sem rekstrarfélögum verðbréfasjóða eða rekstraradilum sérhæfðra sjóða er skylt að birta um sjóði sína. Í ESAP geta aðilar haft beinan og tafarlausan aðgang að þessum upplýsingum á vefsíðu sem búin verður ákveðnum eiginleikum, en t.d. verður þar hægt að leita á öllum tungumálum ESB. Búið er að skipta þeim upplýsingum, sem kveðið er á um að skila eigi í ESAP, í þrjá fasa en gert er ráð fyrir að gagnasöfnun vegna upplýsinga í fyrsta fasa hefjist í júlí 2026 og að þær upplýsingar verði gerðar aðgengilegar í ESAP ekki síðar en 10. júlí 2027. Til að tryggja skilvirka framkvæmd ESAP voru samþykktar þrjár gerðir; reglugerð (ESB) 2023/2859, sem fjallar um stofnun ESAP og skilgreinir hlutverk þess sem miðlægs vettvangs fyrir birtingu upplýsinga, tilskipun (ESB) 2023/2864 og reglugerð (ESB) 2023/2869, en síðarnefndu tvær gerðirnar breyta ýmsum eldri tilskipunum og reglugerðum með því að kveða á um að þegar aðilar birta tilgreindar upplýsingar opinberlega eigi þeir jafnframt að afhenda þær í gáttina.

### **Reglugerð um evrópsk græn skuldabréf (European Green Bonds)**

Með reglugerð (ESB) 2023/2631 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða upplýsingagjöf fyrir skuldabréf sem markaðssett eru sem umhverfissjálfbær og fyrir sjálfbærnitengd skuldabréf er markmiðið að auka fjárfestingar í sjálfbærum félögum og verkefnum. Reglugerðin felur í sér samræmdar kröfur til fjárfestinga, upplýsingagjafar og utanaðkomandi mats fyrir útgefendur skuldabréfa sem kynnt eru sem European Green Bonds (EuGB). Í reglugerðinni eru m.a. gerðar kröfur um að andvirði skuldabréfanna skuli varið til fjárfestinga í eignum sem falla undir umhverfissjálfbæra atvinnustarfsemi. Útgefendur þeirra þurfa að birta ýmis gögn á vefsíðu sinni, þar á meðal lýsingu, upplýsingaskjal (factsheet), árlega fjárfestingarskýrslu (allocation report) og áhrifaskýrslu (impact report). Þá er gerð krafa um að utanaðkomandi matsaðilar (external reviewers) staðfesti að tilgreind gögn, sem útgefandi birtir, séu í samræmi við kröfur reglugerðarinnar. Í reglugerðinni er kveðið á um kröfur til utanaðkomandi matsaðila, en þeir þurfa t.a.m. að vera skráðir hjá ESMA og fullnægja kröfum um skipulag og starfshætti til að tryggja sjálfstæði þeirra og óhæði og þá verða starfsmenn þeirra að fullnægja skilyrðum um fagkunnáttu og reynslu. Reglugerðin tilgreinir einnig kröfur hvað varðar valkvæða upplýsingagjöf vegna umhverfislega sjálfbærra og sjálfbærnitengdra skuldabréfa. Unnið er að upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

## Bankapakki ESB með áherslu á CRR III

Árið 2024 samþykkti Evrópusambandið (ESB) tvær gerðir sem breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013, um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR) og tilskipun 2013/36/ESB, um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (CRD IV), þ.e. reglugerð (ESB) 2024/1623 (CRR III) og tilskipun 2024/1619 (CRD VI) eða svonefndan bankapakka 2021. Saman mynda gerðirnar heildstætt regluverk um stofnun og rekstur lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og eftirlit með þeim sem er að mestu leyti byggt á alþjóðlegum viðmiðum um varfærniskröfur til banka, eða Basel III staðlinum sem saminn var af Basel-nefndinni um bankaefirlit árið 2010 í kjölfar alþjóðlegra fjármálakreppunnar. CRR III tók gildi innan aðildarríkja ESB 1. janúar 2025 en ríkin hafa frest til 10. janúar 2026 til þess að innleiða CRD VI. Til stendur að innleiða gerðirnar hér á landi með breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem CRR og CRD IV hafa verið innleiddar. Stefnt er að því að ljúka innleiðingu CRR III á þriðja ársfjórðungi þessa árs og CRD VI á árinu 2026.<sup>1</sup>

Með nýja bankapakkanum er lokið við innleiðingu á Basel III staðlinum. Markmið breytinganna er að treysta fjármálastöðugleika með því að efla viðnámsþrótt lánastofnana án þess að það hafi í för með sér verulega aukningu á eiginfjárkröfum sem gerðar eru til þeirra. Helstu breytingar varða mat á eiginfjárför lánastofnana vegna útlána-, markaðs- og rekstraráhættu. Sett hefur verið gólf við mat á áhættuvegnum eignum samkvæmt innramatsaðferð (IRB). Þá er mælt fyrir um að lánastofnanir taki meira tillit til áhættu vegna umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttá (UFS) í starfsemi sinni. Settar hafa verið skýrari reglur um lánastofnanir frá þriðju ríkjum sem starfa innan ESB. Jafnframt hafa eftirlitsaðilum verið færðar ýmsar frekari heimildir til að viðhafa eftirlit með lánastofnunum og þá hafa kröfur um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna verið hertar.

Hér að neðan er stiklað á stóru varðandi helstu breytingar sem CRR III hefur í för með sér varðandi eiginfjárkröfur til að mæta útlána-, markaðs- og rekstraráhættu, en þær taka gildi í skrefum frá janúar 2025.

**Gólf við mat á áhættuvegnum eignum:** Eiginfjárkröfur til lánastofnana eru annaðhvort byggðar á staðalaðferð eða, með samþykki eftirlitsaðila, innramatsaðferð þar sem lána-

stofnanir notast við eigin líkön til að meta eiginfjárför. Með CRR III er sett gólf, eða svokallað úttakslágmark, við mat á áhættuvegnum eignum með innramatsaðferð. Gólfð felur í sér að eiginfjárkröfur sem byggjast á eigin líkönum lánastofnana mega ekki verða lægri en 72,5% af því sem þær hefðu orðið ef kröfurnar byggðust á staðalaðferð. Takmörkuninni er ætlað að koma í veg fyrir að óeðlilega mikill munur verði á eiginfjárkröfum til lánastofnana eftir því hvort þær notast við staðalaðferð eða innramatsaðferð. Eins og er hafa þessar breytingar engin áhrif hér á landi þar sem íslenskar lánastofnanir byggja mat sitt á eiginfjárför á staðalaðferð.

**Útlánaáhætta:** Breytingar á eiginfjárkröfum til lánastofnana, sem gert hefur verið ráð fyrir að hafi mest áhrif hér á landi, varða útlánaáhættu. Helstu breytingarnar snúa annars vegar að áhættuvogum útlána sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, þar sem næmni áhættuvoga vegna skuldsetningar er aukin og hins vegar að mati á virði fasteignaveða.

Við útreikning á eiginfjárkröfum vegna lánveitinga samkvæmt staðalaðferð fá einstakar tegundir lána misjafnar áhættuvogir sem eiga að endurspeglar hversu áhættusöm lánin eru. Þannig fá t.d. lán til ríkja eða seðlabanka alla jafna lægri áhættuvog en lán til fyrirtækja eða einstaklinga því ríki og seðlabankar eru talin ólíklegri en fyrirtæki eða einstaklingar til að standa ekki í skilum með afborganir af lánnum. Af því leiðir að eiginfjárför lánastofnana vegna lána til ríkja eða seðlabanka er minni en vegna lána til fyrirtækja eða einstaklinga.

Eins og áður segir, er með CRR III gerðar breytingar á áhættuvogum fasteignalána. Miða skal við tvenns konar aðferðir. Önnur aðferðin gerir ráð fyrir að lán sem er allt að 55% af virði veðs í íbúðarhúsnæði fái lægri áhættuvog, en það sem er umfram 55% er meðhöndlað eins og um ótryggt lán sé að ræða (e. loan splitting approach). Aðferðin á almennt eingöngu við um lán þar sem lántaki er ekki háður tekjum af undirliggjandi eign til að endurgreiða lánið, til dæmis hefðbundin húsnæðislán. Hin aðferðin, sem á aðallega við um lán þar sem lántaki er háður tekjum af undirliggjandi eign til að endurgreiða lánið, gerir ráð fyrir að láninu sé skipt upp í fleiri hluta sem hver fær mismunandi áhættuvog (e. whole loan approach). Sömu aðferðir eru notaðar fyrir lán með veði í atvinnuhúsnæði en þó eru áhættuvogirnar fyrir slík lán nokkuð hærri samkvæmt báðum aðferðum. Þá eru rýmkaðar heimildir til þess að færa lán með veði í atvinnuhúsnæði í lægri áhættuflokka.

1. Áform um innleiðingu bankapakans og frumvarpsdrög til innleiðingar CRR III hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda, sjá hér: Samráðsgátt | Mál: S-177/2024 og S-48/2025.

Jafnframt eru gerðar breytingar sem varða mat á virði fasteignaveða við ákvörðun um hvaða áhættuvog hlutað-eigandi útlán hljóta. Óheimilt verður að miða við herra fasteignaverð en það var þegar lán var veitt eða áætlað meðalverð fasteignar síðustu sex ár (eða átta ár ef um atvinnuhúsnæði er að ræða), hvort sem herra reynist við ákvörðun á veðhlutfalli. Fram að þessu hefur verið heimilt að taka mið af hækkunum á virði fasteignar á hverjum tíma. Breytingunum er ætlað að gera eiginfjárkröfurnar síður háðar sveiflum á fasteignamarkaði og koma í veg fyrir að veðhlutfall sé vanmetið þegar húsnæðismarkaður sýnir ein-kenni bóllumyndunar. Breytingarnar geta þó leitt til þess að veðhlutfall lækki hægar þegar fasteignaverð fer hækkandi og til misvægis í veðhlutfalli verðtryggðra lána í verðbólgu.

Aðrar breytingar er varða útlánaáhættu eru taldar hafa minni áhrif á eiginfjárþörf lánastofnana, en þær varða til dæmis nýjan flokk áhættuvoga fyrir útlán til fasteignapróunarverkefna (ADC), auk fleiri flokka áhættuvoga fyrir ýmsar undirtegundir áhættuskuldbindinga og breytta flokkun liða utan efnahags.

**Markaðsáhætta:** Innleiddar eru kröfur sem settar eru fram í endurskoðaðri umgjörð vegna veltubókar (Fundamental Review of the Trading Book, FRTB). Með þeim eru teknar upp þrjár nýjar aðferðir til að meta markaðs-áhættu vegna eiginfjárþarfar undir fyrstu stoð, þ.e. óhefðbundin staðalaðferð og óhefðbundin eiginlíkansaðferð, sem koma í stað eldri aðferða, og einfölduð staðalaðferð sem ætluð er lánastofnunum með takmarkaða markaðsáhættu. Óhefðbundin staðalaðferð, sem stærri lánastofnanir munu líklegast beita, er mun áhættunæmari en sú aðferð sem hefur verið beitt og verður matið fyrir vikið áhættumiðaðra en áður. Mörkin milli veltubókar og fjárfestingabókar eru afmörkuð með skýrari hætti en áður.

Markmið breytinganna er m.a. að draga úr breytileika við mat á áhættu milli lánastofnana og veita lánastofnunum sem standa frammi fyrir takmarkaðri markaðsáhættu meira svigrúm. Breytingarnar eru líklegar til að hafa áhrif á eiginfjárþörf lánastofnana til hækkunar undir fyrstu stoð. Hækkunar undir fyrstu stoð munu í einhverjum tilfellum leiða til lækkana undir annarri stoð. Vert er að taka fram að gildistöku tiltekinna breytinga varðandi markaðsáhættu hefur verið frestað til 1. janúar 2026.

**Rekstraráhætta:** Innleidd er ný staðalaðferð til þess að ákvarða eiginfjárkröfur vegna rekstraráhættu lánastofnana. Samkvæmt nýju aðferðinni skal mat á eiginfjárþörf taka mið af rekstrartekjum og er það reiknað með tilteknum viðskiptavísu út frá rekstrar- og efnahagsreikningi og sögulegu tapi vegna rekstraráhættu. Þannig er miðað við að rekstraráhætta aukist eftir því sem rekstrartekjur hækka og að áætluð rekstraráhætta sé í samræmi við sögulegt tap. Breytingarnar fela í sér einfaldari útreikninga á rekstrar-áhættu og leiða til þess að breytileiki á milli lánastofnana verður minni. Með hinni nýju staðalaðferð vegna rekstrar-áhættu er líklegt að eiginfjárfra vegna rekstraráhættu lækki hjá flestum lánastofnunum.

Eins og að framan greinir er markmið breytinganna samkvæmt CRR III að efla viðnámsþrótt lánastofnana og treysta fjármálastöðugleika. Eftir breytingarnar eiga eiginfjárkröfur til lánastofnana að endurspegla betur þær áhættur sem þær standa frammi fyrir án þess að auka verulega heildareiginfjárkröfur til þeirra. Sé tekið mið af helstu breytingum samkvæmt CRR III, sem varða mat á eiginfjárþörf, er það mat Seðlabankans að eiginfjárþörf innlendra lánastofnana muni að jafnaði minnka.

### Væntanlegar breytingar á löggjöf um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Sumarið 2024 samþykkti Evrópusambandið fjórar gerðir, sem oft er vísað til sameiginlega sem AML pakkans. Gerðirnar breyta m.a. þeim gerðum sem gilda um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Breytingarnar varða kröfur sem gerðar eru til eftirlitsstjórnvalda og aðila á markaði. Þá kveða þær einnig á um við-

miklar breytingar á stofnanaumgjörð peningþvættisvarna á vettvangi ESB.

Með reglugerð (ESB) 2024/1620 er m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar ný stofnun, Authority for Anti-Money Laundering and Countering the Financing of Terrorism (AMLA), sem ætlað er að samhæfa og auka

skilvirkni eftirlits með vörnum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan ESB. Gert er ráð fyrir að AMLA muni hafa beint eftirlit með tilteknum fjármálastofnunum sem taldar eru í sérstakri hættu á að vera misnotaðar til peningþvættis og eru með umtalsverða starfsemi yfir landamæri (e. selected obliged entities) en undir það hugtak falla aðilar sem uppfylla ákveðin skilyrði um umfang í starfsemi sinni og eru sérstaklega valdir af AMLA. Gagnvart slíkum aðilum getur AMLA óskað upplýsinga og framkvæmt vettvangsathuganir, krafist úrbóta og beitt sektum.

Auk þess mun AMLA geta gripið inn í eftirlit með tilteknum öðrum tilkynningarskyldum aðilum við vissar aðstæður. Þá mun AMLA meðal annars hafa það hlutverk að framkvæma reglubundið mat á eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkjanna til að tryggja að þau hafi fullnægjandi úrræði, valdheimildir og áætlanir til að sinna hlutverki sínu. Þá skal AMLA samhæfa og styðja einingar í aðildarríkjunum sem sinna fjármálagreiningum (e. financial intelligence units, FIU).

Tilskipun (ESB) 2024/1640 (AMLD VI) kveður á um skyldur á hendur aðildarríkjunum og stofnanaumgjörð vegna peningþvættisvarna. Til viðbótar við fyrri reglur, sem komu fram í fjórðu og fimmtu peningþvættistilskipunum, (ESB) 2015/849 og (ESB) 2018/843, er í tilskipuninni mælt fyrir um ýmsar breytingar, t.a.m. varðandi skráningu

raunverulegra eigenda, valdheimildir eftirlitsaðila og um persónuvernd.

Í reglugerð (ESB) 2024/1624 koma fram hinar eiginlegu efnisreglur til að varna peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með því að setja þær reglur með reglugerð er ætlunin að tryggja einsleitni og samræmi við beitingu þeirra milli aðildarríkja. Í reglugerðinni koma fram ýmis nýmæli, t.a.m. er þeim aðilum fjölgað sem teljast til tilkynningarskyldra aðila og þá eru gerðar breytingar á ákvæðum um raunverulega eigendur.

ESB samþykkti enn fremur sumarið 2023 reglugerð (ESB) 2023/1113. Í stuttu máli útvíkkar reglugerðin gildissvið fyrri reglugerðar (reglugerðar (ESB) 2015/847) þannig að hún taki einnig til sýndareigna (e. crypto assets). Með reglugerðinni er brugðist við breytingum á tilmælum FATF (alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnunar hryðjuverka) um nýja tækni, m.a. varðandi innleiðingu á svokallaðri ferðareglu (e. travel rule), sem lýtur að skyldu til að hafa tiltækar tilteknar upplýsingar um sendanda og móttakanda við millifærslu sýndareigna.

Unnið er að því að taka gerðirnar upp í EES-samninginn og er stefnt að upptöku þeirra fyrir lok ársins 2025. Samhliða verður unnið að lagafrumvörpum til að innleiða gerðirnar í íslenskan rétt.

## Rammagrein 10

### Stafrænn viðnámspróttur fjármálamarkaðarins (DORA)

Hinn 17. janúar 2025 tók gildi innan Evrópusambandsins reglugerð (ESB) 2022/2554 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsprótt fyrir fjármálamarkaðinn (e. digital operational resilience act). Hér á landi er unnið að frumvarpi til nýrra laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar sem ætlað er að innleiða reglugerðina og gert er ráð fyrir að taki gildi á síðari hluta ársins 2025. Gildissvið DORA er víðtækt og nær þvert til aðila á fjármálamarkaði og þriðju aðila sem veita þeim upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu.

DORA mælir fyrir um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði um umgjörð áhættustýringar og viðbúnaðar vegna áhættu sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni (UFT), í því skyni að styrkja viðnámsþol fjármálamarkaðarins og draga úr áhættu vegna notkunar á upplýsinga- og fjarskiptatækni. Innleiðing DORA felur í sér

auknar kröfur til aðila á fjármálamarkaði þegar kemur að stýringu UFT áhættu og auknar heimildir eftirlitsaðila til að tryggja framkvæmd á þessu sviði. Starfsemi aðila sem falla undir DORA er misumfangsmikil og kann UFT áhætta því að vera mismikil hjá þeim. Í DORA eru skilgreindir fjórir stærðarflokkar aðila, þ.e. örfyrirtæki, lítil, meðalstór og stór fyrirtæki og er þar meðal annars tekið mið af fjölda starfsmanna og veltu. Kröfurnar eru að einhverju leyti mismunandi eftir stærð aðila auk þess sem hlutfallsreglan í DORA getur haft áhrif á hversu ítarlega aðili þarf að uppfylla einstaka kröfur.

#### Fimm stoðir DORA

DORA byggir á fimm stoðum, þ.e. áhættustýringu, atvika-stjórnun, UFT áhættu vegna þriðju aðila, prófunum á viðnámsþrotti og upplýsingaskiptum, sem allar eru mikil-



vægar til þess að tryggja stafrænan viðnámsþrótt aðila á fjármálamarkaði.<sup>1</sup> Í því skyni er fyrsta stoðin, áhættustýring, þó megin forsenda sem mikilvægt er að aðilar leggi áherslu á við innleiðingu DORA. Hér verður vikið að nokkrum mikilvægum kröfum sem gerðar eru til umgjörðar áhættustýringar vegna UFT.

### Áhættustýring vegna UFT

Mikilvægt er að veita því athygli að stjórn er falið ábyrgðarhlutverk í stýringu á UFT áhættu samkvæmt DORA. Reglugerðin gerir ráð fyrir því að ábyrgð á stefnumörkun, stjórnskipulagi og áhættuþoli vegna UFT hvíli á stjórn. Stjórn þarf því að búa yfir viðeigandi þekkingu varðandi málefni er varða UFT og ber stjórnarmönnum að viðhalda þeirri þekkingu og færni. Stjórn ber einnig ábyrgð á því að skipaður sé fulltrúi sem ber ábyrgð á eftirliti með UFT áhættu og viðeigandi skjölun vegna hennar.

Áhættustýringarrámi vegna UFT áhættu þarf að vera traustur, yfirgripsmikill og vel skjalfestur og skal vera hluti af heildaráhættustýringarkerfi aðila, sem gerir þeim kleift að bregðast við UFT áhættu á skjótan, skilvirkan og heildstæðan hátt. Áhersla er lögð á sjálfstæði eininga sem sinna áhættustýringu vegna UFT áhættu og er gerð krafa um reglulega úttekt fagaðila sem hefur þekkingu á UFT málefnum. Áhættustýringarramma þarf að sníða að starfsemi og áherslum hvers aðila en ítarlega er fjallað um það í reglugerðinni hvernig stefnuáætlun um stafrænan viðnámsþrótt skal útbúin.

Gerðar eru kröfur um auðkenningu, flokkun, skjalfestingu, ábyrgðarsvið og áhættumat vegna allra þátta í starfsemi aðila sem styðjast við UFT. Huga þarf sérstaklega að þeim UFT kerfum sem eru háð öðrum slíkum kerfum hjá viðkomandi og einnig ef UFT kerfin eru háð slíkum kerfum sem eru í notkun hjá öðrum aðilum á fjármálamarkaði. Þá þarf að huga að því hvort UFT kerfin séu háð þriðju aðilum, sem veita UFT þjónustu.

Krafa er gerð um verndun og forvarnir UFT kerfa. Skyllt er að vakta og hafa eftirlit með öryggi og virkni UFT kerfa og -búnaðar og lágmarka áhrif af áhættu vegna UFT. Tryggja skal viðnámsþrótt, samfellu og aðgengileika UFT

kerfa, einkum þeirra sem styðja við nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hanna, afla og innleiða öryggisstefnur, verklagsreglur, samskiptareglur og búnað fyrir UFT, sem miða að því að tryggja viðnámsþrótt, samfellu og aðgengileika UFT og viðhalda ströngum kröfum um tiltækileika, ósvikni, réttleika og leynd gagna.

Aðilum ber að innleiða sjálfvirka vöktun, þar sem við á, til að greina tímanlega óeðlilegar athafnir, sem tengjast UFT. Í því skyni er aðilum skylt að framkvæma reglulegar prófanir. Sérstaklega er vikið að skyldu aðila til að tryggja næg tilföng vegna þessarar skyldu.

Aðilum ber að setja sér heildstæða stefnu um rekstrar-samfellu UFT kerfa. Stefnan þarf að innihalda viðeigandi viðbragðs- og endurreisnaráætlanir vegna UFT. Áætlanir skulu prófaðar reglulega auk þess sem krafa er gerð um úttekt óháðs endurskoðanda og reglulegar prófanir, með áherslu á nauðsynlega eða mikilvæga starfsemi, sem er útvistað eða framkvæmd af þriðja aðila sem veitir UFT þjónustu.

Þá ber aðilum að útfæra og skjalfesta stefnur og verk-lag um öryggisafritun, endurheimt og endurreisn gagna. Skilgreina þarf lágmarkstiðni öryggisafritunar með hliðsjón af mikilvægi eða trúnaðarstigi gagna. Einnig þurfa aðilar að hafa til staðar verklag og aðferðir við endurheimt og endurreisn.

Loks má nefna skyldu aðila til að hafa yfir að ráða getu og starfsfólki til að safna upplýsingum um veikleika og netógnir, atvik sem tengjast UFT, einkum netárásir, og greina líkleg áhrif þeirra á stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt.

Eins og áður segir gerir DORA ráð fyrir að stærð og starfsemi aðila hafi áhrif á hvaða kröfur gilda um þá. Víða í DORA er sérstaklega slegið af kröfum gagnvart smærri aðilum og í 16. gr. er að finna sérstaka umfjöllun um einfaldaðan áhættustýringarramma.

Stjórnun UFT áhættu vegna þriðju aðila sem sinna UFT verkefnum, sem einnig er ein af stoðum DORA, er óaðskiljanlegur hluti af áhættustýringarramma vegna UFT áhættu. Þessum þætti fylgja margvíslegar nýjar kröfur sem huga þarf tímanlega að við innleiðingu DORA. Samkvæmt DORA ber aðilum meðal annars að viðhafa og viðhalda stefnu um UFT áhættu hjá þriðju aðilum og upplýsingaskrá um alla UFT þjónustu sem þriðju aðilar veita. Þá eru settar fram kröfur um upplýsingagjöf til eftirlitsaðila varðandi notkun UFT þjónustu.

1. Sjá umfjallanir Seðlabankans um DORA: [https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalaeftirlit/Fjarmalaeftirlit\\_2024\\_07.03.24\\_vefur.pdf](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalaeftirlit/Fjarmalaeftirlit_2024_07.03.24_vefur.pdf) og <https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2024/Fjarmalastodugleiki-2024-2.pdf>

## Reglugerð um markaði fyrir sýndareignir (MiCA)

MiCA reglugerðin<sup>1</sup> (e. markets in crypto assets) tók að fullu gildi í ESB í desember 2024 og er hluti af stafrænum fjármálapakka ESB sem var kynntur árið 2020. Aðrar Evrópugerðir sem tilheyra stafræna fjármálapakkanum eru reglugerð (ESB) 2022/2554 (DORA)<sup>2</sup> ásamt reglugerð (ESB) 2022/858 (DFTR)<sup>3</sup> og þá er einnig heildstæð áætlun ESB um stafræn fjármál (EU Digital Finance Strategy)<sup>4</sup> MiCA, á rætur að rekja til aðgerðaráætlunar framkvæmdastjórnar ESB í tengslum við fjártækni (EU Commission's Fintech Action plan) frá mars 2018.

Markmið MiCA eru fjórþætt. Í fyrsta lagi að stuðla að réttarvissu með það fyrir augum að þróa megi sýndareignir og hagnýta möguleika dreifðrar færsluskrártækni í fjármálþjónustu í fyrirsjáanlegu umhverfi og með öruggum hætti. Í öðru lagi að stuðla að nýsköpun með sýndareignir og því er mikilvægt að til staðar sé örugg og heildstæð umgjörð um slík viðskipti sem styður einnig við heilbrigða samkeppni á EES. Í þriðja lagi að tryggja fullnægjandi neytenda- og fjárfestavernd og heilleika markaða fyrir sýndareignir. Í fjórða lagi að bregðast við áhættum sem aukin notkun sýndareigna, sérstaklega stöðugleikamynta (e. stablecoins), kann að hafa í för með sér fyrir fjármála-stöðugleika og framkvæmd peningastefnu.

MiCA tekur annars vegar til stöðugleikamynta og hins vegar til annarra sýndareigna ásamt því að setja fram kröfur til þjónustuveitenda sýndareigna varðandi starfsleyfi og rekstrarskilyrði. Einnig hefur MiCA að geyma ákvæði varðandi markaðsmisnotkun, innherjavíðskipti, aðgerðir gegn peningabætti og eftirlit.

Með stöðugleikamyntum er í einfölduðu máli átt við sýndareignir hvers virði er bundið við eða tengt annarri eign, s.s. gjaldmiðil, vísitölu eða fjármálagerning. Í MiCA er stöðugleikamyntum skipt í tvær megingundir, þ.e. rafeyristóka (e. e-money token) og eignatengda tóka (e. asset-referenced token). Í MiCA er mælt fyrir um ákveðnar verndarráðstafanir til að bregðast við áhættu sem stöðug-

leikamyntir kunna að skapa, m.a. í tengslum við fjármála-stöðugleika og skilvirka peningastefnu.

Sýndareignir sem uppfylla hugtaksskilyrði fjármálagernings falla nú þegar undir lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og lögin gilda því um útgefendur slíkra sýndareigna, fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem aðilar stunda í tengslum við slíkar eignir. Þrátt fyrir það falla viðskipti með sýndareignir að mestu leyti utan gildissviðs laganna, með fáeinum undantekningum. MiCA er ætlað að fylla í þetta tómarúm með samræmdum reglum um sýndareignir sem ekki falla undir annað regluverk sem gildir á sviði fjármálamarkaða og fjármálþjónustu í ESB. Sum aðildarríkja ESB hafa þegar tekið upp í landsrétt reglur um sýndareignir, viðskipti með slíkar eignir o.fl., en með MiCA er ætlunin að koma í veg fyrir að ólíkt regluverk gildi að þessu leyti á milli aðildarríkjanna. Sem stendur gilda engar innlendar reglur um sýndareignir sem falla undir MiCA, aðrar en þær sem varða aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 140/2018.

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa starfsleyfi samkvæmt MiCA og geta annars vegar verið lögaðili eða annar rekstraraðili sem hefur fengið starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna, eða hins vegar ákveðnar fjármála-stofnanir sem veita þjónustu á sviði sýndareigna. Kveðið er á um ýmsar kröfur til þjónustuveitenda sýndareigna, m.a. varfærniskröfur er lúta að lágmarkskröfu um eigið fé, stjórnarhætti, vörslu og umsýslu sýndareigna, markaðssetningu, útvistun og starfsemi til að takmarka rekstraráhættu.

Aðilar sem bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka þurfa einkum að lúta kröfum um birtingu upplýsinga um starfsemi sína og sýndareignirnar.

Útgefendur eignatengdra tóka skulu hafa starfsleyfi sem lánastofnanir eða hafa fengið starfsleyfi samkvæmt MiCA. Útgáfu eignatengdra tóka skal fylgja hvítbók þar sem m.a. koma fram upplýsingar um útgefandann sjálfan, eignatengda tókann, tæknina sem liggur þar að baki og áhættur.

Útgefendur rafeyristóka skulu hafa starfsleyfi sem lánastofnanir eða rafeyrisfyrirtæki innan EES. Útgáfu rafeyristóka skal fylgja hvítbók þar sem m.a. koma fram upplýsingar um útgefandann, rafeyristókann, tæknina sem liggur þar að baki og áhættur. Þá skulu útgefendur uppfylla kröfur um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn og Eftirlitsstofnun EFTA muni hafa með höndum eftirlit á grundvelli þeirra laga

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og viðbætur við reglugerðir (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipanir 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (hér eftir MiCA reglugerðin eða MiCA).

2. Sjá nánari umfjöllun um DORA í rammagrein á bls. 37.

3. Reglugerð (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og á tilskipun 2014/65/ESB (DFTR).

4. [https://finance.ec.europa.eu/publications/digital-finance-package\\_en](https://finance.ec.europa.eu/publications/digital-finance-package_en)



sem innleiða munu MiCA og einnig er gert ráð fyrir samráðs- og umsagnarferlum við stofnanir ESB í ýmsum málum. Samkvæmt MiCA munu Seðlabankinn og Eftirlitsstofnun EFTA hafa heimildir til að banna markaðssetningu, dreifingu og sölu tiltekinna sýndareigna eða ákveðna starfsemi eða framkvæmd tengda þeim. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig hafa tilteknar eftirlitsheimildir þegar kemur að útgefendum

eignatengdra tóka og rafeyristóka sem teljast mikilvægir (e. significant). ESMA mun svo halda skrá yfir hvítbækur útgefenda eignatengdra tóka og rafeyristóka og þjónustuveitendur sýndareigna.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til innleiðingar á MiCA verði lagt fram á vörþingi 2025 og taki gildi síðar á árinu.

# Viðaukar

## 1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2019-2024

Tafla 1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila við árslok

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2024
Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:						
Viðskiptabankar	4	4	4	4	4	4
Sparisjóðir	4	4	4	5	5	5
Lánafyrirtæki	5	4	3	4	4	4
Verðbréfafyrirtæki	9	9	9	8	8	8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	9	9	6	6	6	6
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða <sup>1</sup>	0	16	19	23	30	30
Skipulegir markaðir (kauphallir)	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar	2	1	1	1	1	1
Lífeyrissjóðir <sup>2</sup>	21	21	21	21	21	20
Vátryggingafélög	11	11	10	10	10	11
Vátryggingamiðlanir	8	9	9	9	9	9
Innheimtuaðilar	8	9	8	8	8	6
Greiðslustofnanir	1	2	1	1	2	2
Rafeyrisfyrirtæki	1	1	2	2	2	2
Gjaldyrisskiptabjónusta	1	1	1	0	0	1
Tryggingarsjóðir	1	1	1	1	1	1
Skráðir lánveitendur fasteignalána til neytenda	1	0	0	0	0	0
Þjónustuveitendur sýndareigna	1	3	3	3	4	4
Samtals	88	106	103	107	116	115
Aðrir aðilar háðir eftirliti:						
Verðbréfasjóðir	37	37	36	38	38	37
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta <sup>3</sup>	54	61	69	72	76	79
Aðrir sérhæfðir sjóðir <sup>4</sup>	114	116	121	137	131	135
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar <sup>5</sup>	8	8	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa	24	23	26	30	31	33
Útgefendur skráðra skuldabréfa	57	51	51	56	62	60
Skráðir lánveitendur og lánamiðlarar neytendalána <sup>6</sup>	0	5	9	9	8	8
Eignarhaldsfélög <sup>7</sup>	5	6	5	5	4	3
Fjármálasamsteypur <sup>8</sup>	0	1	1	1	1	1
Alls	387	414	429	463	475	479

1. Þar af voru 11 leyfisskyldir rekstraraðilar, af þeim voru sex einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða, og 19 skráningarskyldir rekstraraðilar, þar af eitt verðbréfafyrirtæki.

2. Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Deildimar voru samtals 69 í lok árs 2024.

3. Áður fjárfestingarsjóðir.

4. Áður fagfjárfestingarsjóðir.

5. Viðskiptabankar og sparissjóðir. Lífeyrissjóðir (13 í árslok) og erlendir vörsluaðilar ekki meðtöldir.

6. Aðeins undir eftirliti skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

7. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög.

8. Fjármálasamsteypur á fjármálasviði eða vátryggingasviði.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## 2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2023 og 2024

Tafla 1 Fjöldi erlendra aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi

Fjöldi í lok árs	2023	2024
Lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir án starfsstöðvar	261	262
Verðbréfasjóðir (UCITS (fjöldi deilda))	131 (1.383)	139 (1.468)
Verðbréfafyrirtæki með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (2)
Verðbréfafyrirtæki án starfsstöðvar	621	628
Verðbréfamistöðvar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (1)
Verðbréfamistöðvar án starfsstöðvar	6	6
Vátryggingafélög með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (1)	2 (1)
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	379	382
Vátryggingamiðlarar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (2)	2 (2)
Vátryggingamiðlarar og -umboðsmenn án starfsstöðvar	2.956	3.018
Greiðslustofnanir með umboðsaðila (fjöldi umboðsaðila)	2 (3)	3 (5)
Rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila (fjöldi dreifingaraðila)	0	1(1)
Greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	420	470
Lánamiðlanir án starfsstöðvar	2	2
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða án starfsstöðvar	176	225
Fjöldi félaga sem skráð eru utan EES og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga		
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða (fjöldi sjóða)	44 (94)	44 (114)

Heimild: Seðlabanki Íslands.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT  
2025

STEFNUMARKANDI ÁHERSLUR  
við eftirlit á fjármálamarkaði  
2025-2027



Útgefandi:

Sedlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is), [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

Febrúar 2025 ISSN 2772-1698, vefrit.

Öllum er frjálst að nota efni úr *Stefnumarkandi áherslum við eftirlit á fjármálamarkaði 2025-2027* en þess er óskað að getið sé heimildar.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>Stefnumarkandi áherslur</b>	<b>5</b>
	Viðnámspróttur eftirlitsskyldra aðila	6
	Net- og upplýsingatækniöryggi	7
	Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	8
	Ábyrgir viðskiptahættir	9
	Stjórnarhættir	10
	Loftslagsáhætta og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti	11



# 1

## Inngangur

---

Eitt meginhlutverk Seðlabanka Íslands er að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn hefur eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og fylgist með því að hún sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Meðal markmiða eftirlits með fjármálastarfsemi er að draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og heilbrigður og traustur rekstur er þó vitanlega á ábyrgð stjórnenda viðkomandi aðila.

Regluverk á fjármálamarkaði hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár, en nýrri löggjöf hafa fylgt nýjar kröfur til eftirlitsskyldra aðila og samhliða hafa fjármálaeftirlitinu verið falin aukin verkefni. Einn liður í því að innleiða þessar breytingar á löggjöfinni er að fræða og upplýsa aðila á fjármálamarkaði um þær og hyggst fjármálaeftirlitið á næstu misserum efla enn frekar upplýsingagjöf og fræðslu. Á það sérstaklega við um viðamiklar reglugerðir og tilskipanir Evrópusambandsins sem fyrirhugað er að festa í lög hér á landi og mun fræðslan taka mið af efni þeirra sem og framkvæmd eftirlits á grundvelli þeirra. Þeim eftirlitstækjum sem fjármálaeftirlitið notast við í eftirliti sínu hefur fjölgað og við val á þeim er litið til áhættuþátta, hvaða atriði eru til skoðunar og hvort um nýjar kröfur er að ræða. Loks er fjármálaeftirlitið sífellt að leita leiða til að auka skilvirkni við úrvinnslu þeirra verkefna sem því eru falin í lögum og hafa skref verið tekin í þá átt með notkun tæknilausna.

# 2

## Stefnumarkandi áherslur

---

Stefnumarkandi áherslur við eftirlit á fjármálamarkaði sem hér eru birtar taka til starfsáranna 2025 til 2027 og leitast fjármálaeftirlitið við, með birtingu þeirra, að upplýsa fjármálamarkaðinn um hvar eftirlitið muni beita sér öðru fremur á næstu misserum. Fjármálaeftirlitið mun endurskoða áherslurnar árlega með það að markmiði að veita haghöfum sem besta innsýn í starfsemi fjármálaeftirlitsins og eftirlitsáætlanir næstu árin og gefa þannig aðilum á fjármálamarkaði tækifæri til að bregðast við í sinni starfsemi.

Hinar stefnumarkandi áherslur taka meðal annars mið af lögum og reglum sem um starfsemi Seðlabankans gilda á sviði fjármálaeftirlits og [stefnu](#) Seðlabankans í fjármálaeftirliti. Jafnframt var við móttun áherslnanna litið til áherslna í starfsemi evrópsku eftirlitsstofnananna þriggja, þ.e. Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA), auk niðurstöðu áhættumats Seðlabankans er varðar fjármálamarkað, sem og hitakorta og áhættumats áður nefndra erlendra eftirlitsstofnana. Áherslurnar ná til alls fjármálamarkaðarins þó svo að stakir áherslupættir eigi misjafnlega mikið við um þá markaði sem eftirlit er haft með. Fjármálaeftirlitið birtir einnig árlegar áherslur og forgangsmál við eftirlit sem styðjast við hinar stefnumarkandi áherslur.

Með stefnumarkandi áherslum vegna starfsáranna 2022 til 2024 beindi fjármálaeftirlitið spjótum sínum að net- og upplýsingatækniöryggi, aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, áherslu á viðskiptavininn og sjálfbærum fjármálum.

Stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti 2025 til 2027 eru nú sex talsins. Þar af halda fjórar eldri áherslur sem hér hafa verið nefndar gildi sínu í meginráttum, en stjórnarhættir og viðnámsþróttur eftirlitsskyldra aðila eru nýjar áherslur.

Líkt og vikið er að hér að framan áformar fjármálaeftirlitið að endurskoða hinar stefnumarkandi áherslur árlega. Fjármálaeftirlitið mun hverju sinni horfa til þriggja ára í senn, og geta haghafar á borð við eftirlitsskylda aðila og önnur stjórnvöld þannig betur áttað sig á því hverjar áherslur munu verða við framkvæmd eftirlits. Stefnumarkandi áherslur draga þó ekki úr vægi hins reglubundna eftirlits og kunna önnur eftirlitsverkefni að leiða til þess að áhersla eftirlitsins beinist einnig í aðrar áttir.

## Viðnámsþróttur eftirlitsskyldra aðila

Ástæða er fyrir fjármálaeftirlitið að hafa eftirlit með eignagæðum í ljósi hagsveiflunnar en líkt og kunnugt er hefur vaxtastig hérlendis og í helstu viðskiptalöndum verið hátt um allnokkurt skeið, samhliða mikilli verðbólgu auk þess sem náttúruhamfarir hafa haft sín áhrif hérlendis. Virðisrýrnunarsjóðir þurfa því að vera nægjanlegir og eftirlitsskyldir aðilar að hafa áætlanir og ferla til að takast á við óvænta atburði sem hafa áhrif til skamms tíma. Samhljómur er milli þessa áhersluþáttar og rekstrarsamfellu upplýsingatæknikerfa og má í því samhengi nefna samvinnu eftirlitsaðila á evrópska efnahagssvæðinu, einkum á sviði netöryggisáhættu. Jafnframt geta skyndilegar breytingar sem geta stafað frá hnattrænni stjórnmalalegri áhættu (e. geopolitical risks) endurspeglast á ýmsan hátt, svo sem í aukinni útlánaáhættu, verðleiðréttingu á mörkuðum, verðlagningu á váttryggingamörkuðum og rekstraráhættu.

- Áhrif viðvarandi mikillar verðbólgu og hárra vaxta á eignagæði
- Áhrif af náttúruhamförum og hnattrænni stjórnmalalegri áhættu á rekstrarsamfellu



## Net- og upplýsingatækniöryggi

Net- og upplýsingatækniáhætta verður áfram áherslumál hjá fjármálaeftirlitinu, en nokkuð hefur verið um netárásir og rekstrartruflanir á fjármálamörkuðum síðustu misseri. Unnið er að heildstæðri löggjöf á þessu sviði og er meðal annars gert ráð fyrir að reglugerð um stafrænan viðnámsprótt (DORA) verði innleidd í íslenska löggjöf á árinu 2025. Með löggjöfinni eru gerðar kröfur til flestallra aðila á fjármálamarkaði sem beinast að því að byggja upp viðnámsprótt í tengslum við notkun á net- og upplýsingatækni og draga þar með úr áhættu samfara þessum þáttum. Mikilvægt er að aðilar á fjármálamarkaði séu með viðunandi viðbragðsáætlanir og áætlanir um hvernig tryggja má rekstrarsamfellu, og mun fjármálaeftirlitið leggja áherslu á þessa þætti viðnámspróttar.

Greiðsluþjónusta er verulega háð notkun á net- og upplýsingatækni og ekki síst getu minni aðila til að bjóða upp á samkeppnisaukandi þjónustur sem eru byggðar á nýjungum í upplýsingatækni. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að ekki séu til staðar hindranir sem geta gert samkeppnisaðilum erfitt fyrir að koma inn á þann markað.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á viðbrögð við útvistunar- og samþjöppunaráhættu, en áhættan getur meðal annars orðið til við það að mikilvægar þjónustur aðila á fjármálamarkaði eru hýstar utan landsteinanna og/eða hjá einum og sama þjónustuaðilanum. Þá fylgir ákveðin áhætta tengd breytingastjórnun því þegar nýr hugbúnaður er tekinn í notkun eða eldri hugbúnaði viðhaldið.

Ýmis sóknarfæri felast í notkun gervigreindar fyrir neytendur og aðila á fjármálamarkaði og viðskiptavinum þeirra. Notkun tækninnar kann þó að skapa nýjar áskoranir sem aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaeftirlitið þurfa að takast á við. Evrópusambandið hefur sett reglugerð um notkun á þessari tækni sem viðbúið er að verði innleidd í íslensk lög á næstu misserum.

- Stafrænn viðnámspróttur
- Landfræðileg áhætta / samþjöppunaráhætta
- Fjártækni
- Gervigreind



## Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Tilkynningarskyldir aðilar, samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem starfa á fjármálamarkaði lúta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabankans. Rík áhersla hefur verið lögð á aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfi fjármálaeftirlitsins á liðnum árum og hefur málaflokkurinn verið ein af stefnumarkandi áherslum í fjármálaeftirliti frá árinu 2022. Fram undan er innleiðing á regluverki Evrópusambandsins sem breytir núverandi löggjöf í málaflokknum en breytingarnar fela m.a. í sér að ný evrópsk eftirlitsstofnun með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, Anti-Money Laundering Authority (AMLA) tók til starfa á síðasta ári. Þá mun Financial Action Task Force (FATF), alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefja vinnu á árinu 2025 við úttekt á aðgerðum Íslands gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og geryðingarvopna.

Niðurstöður athugana fjármálaeftirlitsins á fylgni við löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti sýna að þörf er á að viðhalda áherslu á málaflokkinn. Í því ljósi mun fjármálaeftirlitið auk áhættumiðaðs eftirlits leggja aukna áherslu á fræðslu gagnvart fjármálamarkaðnum. Þá verða samskipti við stjórnarmenn og æðstu stjórnendur um mikilvægi málaflokksins aukin frekar.

Í ljósi breytinga á alþjóðlegu pólitísku landslagi og fjölgun alþjóðlegra þvingunar- aðgerða verður lögð áhersla á eftirlit með ráðstöfunum tilkynningarskyldra aðila í tengslum við eftirlit með aðilum á þvingunarlistum. Enn fremur verður lögð frekari áhersla á aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka og geryðingarvopna.

- Fræðsla til tilkynningarskyldra aðila
- Samskipti við stjórnarmenn og æðstu stjórnendur
- Eftirlit með ráðstöfunum í tengslum við eftirlit með aðilum á þvingunarlistum
- Aðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og geryðingarvopna



## Ábyrgir viðskiptahættir

Á árunum 2022 til 2024 beindi fjármálaeftirlitið sjónum sínum að viðskiptavininum, nánar til tekið var meðal annars lögð áhersla á fjárfestavernd og að aðilar á fjármálamarkaði fylgdu þeim reglum sem til staðar voru til verndar neytendum og almennum fjárfestum. Ábyrgir viðskiptahættir, með sérstakri áherslu á fjárfesta- og neytendavernd, verða áhersluatriði næstu árin í fjármálaeftirliti. Ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra þurfa að vera viðeigandi, svo sem varðandi greiningu hugsanlegra hagsmunaárekstra og ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá. Þegar hagsmunaárekstrum verður ekki afstýrt er nauðsynlegt að upplýsa fjárfesta og neytendur um eðli og ástæðu hagsmunaárekstranna, áður en fjárfestingarþjónusta er veitt. Upplýsingagjöf til fjárfesta og neytenda þarf jafnframt að vera fullnægjandi sem og öflun upplýsinga frá fjárfestum og neytendum í því skyni að framfylgja kröfum, s.s. um þarfagreiningu, mat á tilhlýðileika og hæfi afurða og þjónustu. Þá þurfa aðilar að fylgja vörusamþykktarferli í hvívetna vegna vara og þjónustu sem boðnar eru neytendum og fjárfestum, þar með talið hvað varðar skilgreiningu markhópa og að sala og markaðssetning sé í samræmi við dreifingarstefnu viðkomandi vöru eða þjónustu.

- Viðeigandi ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra
- Upplýsingagjöf til fjárfesta og neytenda
- Vörusamþykktarferli fyrir vörur og þjónustu sem boðnar eru neytendum og fjárfestum



## Stjórnarhættir

Stjórnarhættir eru mikilvægur þáttur í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Í ljósi þeirrar samþjöppunar sem hefur orðið á fjármálamarkaði, til að mynda með samstæðum sem samanstanda m.a. af fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum, verða til nýjar áskoranir í eftirliti. Í því samhengi er mikilvægt að huga að sjálfstæði stjórnar félaga innan samstæðu. Fyrirhugað er að leggja aukna áherslu á mat eftirlitskyldra aðila á hæfi stjórnarmanna og stjórnenda og að tekið sé tillit til samsetningar stjórnar við val á meðlimum stjórnar. Hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjórnar í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka verður sérstakur áhersluþáttur í eftirliti með stjórnarháttum. Net- og upplýsingatækniáhætta hefur verið mikilvægur þáttur eftirlits undanfarin misseri og með innleiðingu reglugerðar um stafrænan rekstrarlegan viðnámsprótt fyrir fjármálageirann (DORA) eru gerðar auknar kröfur til stjórnar hvað varðar þekkingu á þessum áhættuþætti og eftirlit með honum.

- Stjórnarhættir í samstæðu
- Mat á hæfi og samsetning stjórnar
- Hlutverk og ábyrgð stjórnar í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Stjórnarhættir og eftirlit stjórnar og stjórnenda með net- og upplýsingatækniáhættu, þar með talið stafrænum viðnámsprótti



## Loftslagsáhætta og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti

Loftslagsáhætta og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti verða áfram áherslupættir í fjármálaeftirliti. Tryggja þarf fullnægjandi þekkingu eftirlitsskyldra aðila á undirþáttum sjálfbærniáhættu, einkum loftslagsáhættu, á sama hátt og þekking á öðrum áhættuþáttum er tryggð. Áhættustýringadeildir eftirlitsskyldra aðila þurfa að hafa yfirsýn yfir áhættuþætti tengda sjálfbærni og stýra þeim á viðeigandi hátt. Upplýsingagjöf, svo sem í markaðsefni, þarf að innihalda réttar upplýsingar svo viðskiptavinir geti meðal annars valið sér fjármálaafurðir í samræmi við eigin sjálfbærnióskir.

- Fullnægjandi þekking á undirþáttum sjálfbærniáhættu tryggð
- Áhættustýring hafi yfirsýn yfir áhættuþætti sjálfbærniáhættu sem snúa að rekstri aðilans og stýri þeim á viðeigandi hátt
- Rétt upplýsingagjöf, m.a. í markaðsefni, þannig að viðskiptavinir geti valið fjármálaafurðir í samræmi við eigin sjálfbærnióskir







